**BIRGITTA HAUKDAL**
*Fellur auðveldlega fyrir fallegum hlutum*
heimili græjur
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**FASTEIGNIR**
*Sjálfstæðishúsið í Hafnarfirði til sölu*
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG PÁLMA**
*Brúðkaup ársins í norðangarra*
Falleg athöfn í Fríkirkjunni og glæsileg veisla
FÓLK 24



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. nóvember 2007 — 315. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



**Háskóli alþýðunnar**
Hundrað ár eru liðin síðan lög um kennaraháskóla voru samþykkt á Alþingi.
TÍMAMÓT 20

**Stjaksetur súlustaðareiganda**
Þráinn Bertelsson dansar áfram á mörkum raunveruleika og skáldskapar í nýrri bók sinni.
FÓLK 34



**Aukið framboð – hærra verð?**
„Hvert sem litið er blasa við kranar og tómlegar blokkir. Höfuðborgarsvæðið er fullt af tómu húsnæði en hvarvetna kveða við hamarshöggin," skrifar Guðmundur Andri Thorsson.
Í DAG 16



**Birgir Leifur komst áfram**
Birgir Leifur Hafþórsson komst í gegnum niðurskurð á úrtökumóti á Spáni í gæri.
ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTAN TIL** - Í dag verður suðvestlæg átt, 5-13 m/s hvassast með norðurströndinni og á Vestfjörðum. Dálítil súld vestan til en bjartviðri á austurhelmingi landsins. Hiti 2-8 stig, mildast norðvestan til.
VEÐUR 4

# Milljóna misræmi til skoðunar í ráðuneyti

**Menntamálaráðuneytið hefur krafið skólameistara fimm framhaldsskóla um útskýringar á röngum upplýsingum um nemendafjölda. Fjárveitingar til skólanna ráðast af fjölda nema sem ljúka skólaári. Um háar fjárhæðir er að ræða.**

**MENNTAMÁL** Fimm framhaldsskólar hafa fengið athugasemdir frá menntamálaráðuneytinu fyrir að veita rangar upplýsingar um fjölda ársnemenda sem ljúka skólaári með prófi.

Í úttekt ráðuneytisins á nemendafjölda skólaársins 2005 til 2006 komu í ljós rangfærslur sem nú er leitað skýringa á.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fær hver skóli um 700 þúsund krónur fyrir hvern nemanda sem lýkur skólaári með prófi en skólarnir deila með sér þeirri fjárhæð sem á fjárlögum er varið til framhaldsskólanna. Skólameistarar Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Iðnskólans í Reykjavík, Flensborgarskólans í Hafnarfirði og Verkmenntaskólans á Akureyri staðfesta við Fréttablaðið að hafa fengið athugasemdir frá ráðuneytinu. Þeir vilja þó ekki upplýsa hverju skeikaði. Meistararnir fengu frest fram undir síðustu helgi til að skila skýringum sínum.

Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, segir þetta hafa gerst áður og fjöldi nema ýmist verið of- eða vanmetinn.

„Þarna greinir ráðuneytið og skólana á um hvernig telja eigi ársnemendur," segir Baldur en kveðst ekki líta á þetta sem vandamál.

„Þetta eru bara einhver smá mistök hjá okkur í útreikningum. Misskilningur sem verður leiðréttur," segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri.

Menntamálaráðuneytið vildi ekki staðfesta hvaða skólar hefðu fengið athugasemdir, hverjir hefðu svarað þeim og hve mörgum nemendum hefði skeikað. - sgj



**STINGA SÉR TIL SUNDS** Góður árangur náðist í Laugardalnum um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmótinu í sundi lokið:

## Tólf Íslandsmet féllu á mótinu

**ÍÞRÓTTIR** Tólf Íslandsmet og 23 unglingamet féllu á Íslandsmótinu í sundi í 25 metra laug, sem fram fór um helgina.

Í lokahluta mótsins sem fram fór í gær féllu fimm Íslandsmet og níu unglingamet. Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra skriðsundi og í fyrsta legg boðsundsins bætti hún eigið met í hundrað metra skriðsundi. Erla Dögg Haraldsdóttir frá ÍRB bætti eigin met í 200 metra fjórsundi og 50 metra bringusundi. Þá setti sundsveit KR nýtt met í 4 sinnum 100 metra skriðsundi.

Uppskeruhátíð Sundsambands Íslands var haldin í gærkvöldi. - sh

Fræðimenn um Landnámu:

## Greinir á um áreiðanleikann

**DÓMSMÁL Sagnfræðingar og lögfræðingar eru ekki sammála um áreiðanleika Landnámu en efni bókarinnar er reglulega rakið í dómum hæstaréttar.**

**Óbyggðanefnd vísar í Landnámu í úrskurðum sínum þar sem það á við en varaformaður nefndarinnar segir enga meðvitaða afstöðu hafa verið tekna til bókarinnar.**

**Sigurður Líndal lagaprófessor, sem jafnframt er menntaður sagnfræðingur, segir hægt að nota Landnámu til að renna styrkari stoðum undir áreiðanleg gögn. „En ég myndi ekki nota Landnámu sem úrslitaröksemd."**

- bj / sjá síðu 14



**LOGNIÐ EFTIR STORMINN** Sjálfboðaliðar bera lík eins fórnarlambs fellibylsins Sidr til greftrunar í fjöldagröf við þorpið Nisanbari í Borguna-sýslu á suðurströnd Bangladess í gær. Að sögn yfirvalda er staðfestur fjöldi látinna af völdum hamfaranna kominn í um 2.300 en óttast er að sú tala hækki er hjálparliðar komast til afskekktari byggðarlaga.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki sér fyrir endann á hamförunum af völdum fellibylsins Sidr í Bangladess:

# Óttast að 10.000 muni farast

**BANGLADESS, AP** Hungrað fólk sem komst lífs af úr hamförunum af völdum fellibylsins sem gekk yfir Bangladess fyrir helgi leitaði að einhverju ætilegu í rústum húsanna á hamfarasvæðinu í gær. Björgunarsveitir voru jafnframt önnum kafnar við að fjarlægja fallin tré og fokin húsþök af vegum til að komast til afskekktra þorpa sem urðu illa úti.

Að sögn yfirvalda er staðfest tala látinna komin í um 2.300 manns, en talsmenn Rauða hálfmánans, systurstofnunar Rauða krossins, sögðust óttast að hamfarirnar kynnu að hafa orðið allt að 10.000 manns að aldurtila. Enda vöruðu almannavarnastarfsmenn við að mannfallstölurnar gætu hækkað mikið er björgunarsveitir næðu fram til einangraðri byggðarlaga.

Liðsafli alþjóðlegra hjálparstofnana keppist við, ásamt hermönnum úr her Bangladess, að koma fólki til aðstoðar sem varð fyrir tjóni af völdum fellibylsins, sem var sá öflugasti sem yfir hið þéttbýla en fátæka land hefur gengið í áratug. Erfiðar samgöngur á hamfarasvæðinu hamla því að hjálpargögn komist þangað sem þeirra er mest þörf. - aa









## SPURNING DAGSINS



*Halldór, verða upplýsingarnar persónugreinanlegar?*

„Já, en færustu sérfræðingar munu annast dulkóðun persónuauðkenna.“

Dýralæknafélag Íslands hefur gert að tillögu sinni að settur verði á fót miðlægur gagnagrunnur fyrir hunda og ketti. Halldór Runólfsson er yfirdýralæknir.

Stjórnarformaður OR segir koma til greina að REI verði fjárfestingarfélag:

# Margar hugmyndir ræddar

**ORKUMÁL** „Þetta er ein hugmyndin sem er uppi á borðinu. Málinu hefur þó ekki verið lent endanlega en það er viðleitni okkar fyrst og fremst að komast að samkomulagi,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur. Rætt er um að Reykjavík Energy Invest (REI) verði fjárfestingararmur Orkuveitu Reykjavíkur og kaupi hlut í Geysi Green Energy. Á móti myndi Geysir Green kaupa eignir REI. Með þeim hætti gæti Geysir Green unnið áfram að þeim útrásarverkefnum sem voru á teikniborðinu þegar sameining þess og REI var áformuð.

Tveggja daga hluthafafundi í REI lauk í gær. Aðalumræðuefnið á fundinum var þátttaka REI í kaupum á Orkuveitu Filippseyja, í samvinnu við Geysi Green Energy og erlent orkufyrirtæki en frestur til að skila inn tilboði í hlutinn rennur út á miðvikudag. Niðurstaða fundarins er ekki gefin upp og hluthafar eru bundnir trúnaði fram yfir skilafrest tilboðsins. Málefni um framtíð hluthafa innan REI voru ekki útrædd en framhaldsfundur verður haldinn á föstudaginn.

Aðspurð hvort REI og Orkuveitan geti tekið þátt í tilboðinu á meðan framtíð fyrirtækisins er í uppnámi segir Bryndís telja að svo sé. „En það er ekki útséð hvernig þetta mál fer. Það liggur fyrir að það er aðeins heimild að gera tilboð og ekki þar með sagt að því verði tekið.“ - shá



**FRÁ HLUTHAFAFUNDI** Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, og Bjarni Ármannsson stjórnarformaður gefa ekkert upp um niðurstöður fundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eldur í fjölbýli í Breiðholti:

# Óttuðust að börn væru inni

**BRUNI Tvennt var flutt á slysadeild í gærmorgun með reykeitrun eftir að eldur kom upp á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi við Fannarfell. Óttast var að börn væru inni í brennandi íbúðinni en svo reyndist ekki vera.**

**Lögreglumenn í öðrum erindagjörðum í húsinu urðu eldsins varir og komu íbúum til hjálpar.**

**Húsið var rýmt og íbúar færðir í strætisvagn þar sem Rauði krossinn veitti aðhlynningu.**

**Upptök eldsins eru ókunn en íbúðin er stórskemmd vegna elds og hita. Reyklúga í stigaganginum varnaði því að fleiri íbúðir skemmdust.** - sh



**Á VETTVANGI** Mikill fjöldi slökkviliðsmanna barðist við eldinn í vonskuveðri í fyrradag. MYND/FANNEY DAVÍÐSDÓTTIR

Hrikalegt tjón á Stærra-Árskógi:

# Gripir sluppu úr logandi fjósinu

**BRUNI Tjónið sem hlaust af brunanum á Stærra-Árskógi í Dalvíkurbyggð í fyrradag er talið vera vel á annað hundrað milljónir króna og líklega það mesta sem orðið hefur á sveitabæ hérlendis. Öll útihús, hlaða og tvö fjós, annað nýtt og afar fullkomið, eru gjörónýt.**

**34 gripir sluppu út, mest eldri kvígur og geldkýr, en yfir 200 brunnu inni, mjólkurkýr, yngstu kvígur og ungnaut. Þeim sem lifðu var komið í hús á nágrannabæ í gær.**

**Lögregla rannsakaði rústirnar í gær. Líklegast þykir að kviknað hafi í út frá rafmagni. Dýralæknar reyndu í gær að aldursgreina þá gripi sem drápust vegna trygginga. Líklega verður hafist handa við hreinsun í dag.** - sh

## SJÁVARÚTVEGUR

### Grásleppukavíar selst vel

Þrátt fyrir minni grásleppuveiði á síðustu vertíð hefur orðið aukning í útflutningi grásleppuafurða. Á það jafnt við grásleppukavíar og söltuð hrogn í tunnum. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs höfðu verið flutt út 323 tonn af grásleppukavíar og 494 tonn af söltuðum grásleppuhrognum.

# Vopnaðir unglingar rændu Sunnubúð

**Þrír grímuklæddir menn vopnaðir kylfu og öxi rændu verslunina Sunnubúð í gærmorgun. Einn þeirra sló kaupmanninn. Fjórir sextán ára unglingspiltar voru handteknir síðar um daginn. Ræningjarnir þekktu greinilega til í versluninni.**

**LÖGREGLUMÁL** „Maður er bara ánægður að vera í lagi,“ segir Þórður Björnsson, kaupmaður í Sunnubúð við Mávahlíð. Þrír sextán ára piltar vopnaðir kylfu og öxi réðust á Þórð og rændu verslun hans í gærmorgun.

„Það komu þrír grímuklæddir menn hérna inn – ég sá ekkert nema augun á þeim – og einn var með svona kylfu eins og lögreglan, sem dregst út,“ segir Þórður. Hann trúði í fyrstu ekki að ræningjunum væri alvara. „Fyrst hélt ég að þetta væri grín. Ég sagði: Hættið þessu rugli strákar, farið út ef þið ætlið ekki að kaupa neitt! Þá bara sló einn til mín. Þetta var ekkert grín.“ Þórður segir höggið hafa verið vont. Hann sé bólginn en sem betur fer ekki alvarlega meiddur.



**ÞÓRÐUR BJÖRNSSON**

Ræningjarnir komust undan með uppgjör laugardagsins, tugi þúsunda króna sem stóðu þá á afgreiðsluborðinu, og nokkur karton af sígarettum. Peningakassann snertu þeir ekki. Þórður áætlar að þeir hafi verið í búðinni í um þrjár mínútur.

Þórður segir að ræningjarnir hafi augljóslega þekkt til í búðinni. „Tveir af þeim króuðu mig af úti í horni á meðan sá þriðji labbaði beint inn á skrifstofuna mína eins og hann hefði aldrei gert annað. Hann vissi alveg greinilega hvar hún var.“ Lögregla ræddi í kjölfarið við starfsfólk búðarinnar í von um að það gæti veitt upplýsingar um mennina.

Fjórir piltar voru handteknir á fimmta tímanum grunaðir um ránið. Þeir eru allir fæddir árið 1991 og því einungis sextán ára. Vitni hafði getað lýst bíl sem einn þeirra er talinn hafa beðið í fyrir utan. Foreldrar piltanna voru kallaðir til sem og lögmenn.

Þórður segist ekki hafa verið sérlega hræddur í upphafi. „Svo sá ég öxina. Þá varð ég hræddur,“ segir hann. „Maðurinn sem hélt á henni var greinilega ekki í lagi. Mér fannst eins og þeir væru ekki að gera þetta í fyrsta skipti. Þeir voru ekkert æstir og horfðu beint í augun á mér.“

Þórður mætti aftur til vinnu að lokinni skýrslutöku en hugðist fara og láta líta á sig á slysadeild í gærkvöldi. Hann hefur rekið Sunnubúð í fjögur ár en hefur aldrei lent í öðru eins. „Það hefur verið brotist inn á nóttunni en ekkert svona.“ Hann mun þó ekki láta ránið á sig fá. „Ég held ótrauður áfram. Ég þarf bara að bæta öryggismyndavélakerfið hérna.“

stigur@frettabladid.is




**LOKAÐ VEGNA RÁNS** Sunnubúð var lokað í nokkrar klukkustundir vegna ránsins. Þórður mætti svo vaskur til vinnu á ný eftir skýrslutöku hjá lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HÁ UMFERÐARSLYSATÍÐNI** Í aldurshópnum 17 til 20 ára er tíðni slysa í umferðinni afar há.

Umferðarfræðslu ábótavant:

# Ekki veitt í þriðjungi skóla

**MENNTAMÁL** „Í mörgum grunnskólum er skipulögð umferðarfræðsla ekki veitt þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum, reglugerðum og námskrám,“ segir Kjartan Magnússon, formaður Umferðarráðs, sem telur að umferðafræðsla sé ekki veitt í um þriðjungi grunnskóla.

Þá segist Kjartan telja að flutningur grunnskóla til sveitarfélaga hafi orðið til þess að margir skólar misstu tökin á umferðarfræðslunni. Mikilvægt sé að fræðsla hefjist í leikskólum og haldi áfram í grunn- og framhaldsskólum.

Kjartan segir Umferðarráð fagna því að innan samgönguráðuneytis sé að störfum starfsnefnd sem kanni stöðu umferðarfræðslu á Íslandi og komi með tillögur að úrbótum. - eb

## ÍTALÍA

### Berlusconi stofnar flokk

Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, tilkynnti í gær um stofnun nýs stjórnmálaflokks, sem nefnast muni Frelsis-lýðflokkurinn. Sagði hann flokkinn myndu tryggja lýðræði, framþróun og frelsi á Ítalíu um ókomna tíð. Tilkynningin kom á óvart en nánari upplýsingar hafa verið boðaðar í dag.






Hjálpræðisherinn opnar dagsetur með fjölbreyttri aðstöðu fyrir heimilislaust fólk:

# Heimilislausir vilja taka þátt

**FÉLAGSMÁL** Hjálpræðisherinn opnar á morgun nýtt dagsetur fyrir fólk sem er heimilislaust, atvinnulaust og misnotar vímuefni.

Undanfarin tvö ár hefur Hjálpræðisherinn haft opið hús fyrir heimilislaust fólk sex daga vikunnar og segir Annie Marie Reinholdtsen yfirforingi að samtökin búi yfir mikilvægri þekkingu á fólki í þessum vanda og sjái þörf á því að opna stað með fjölbreyttri aðstöðu.

„Við höfum kynnst þessu fólki betur og getað spjallað við það og fundið út hvað getur bætt líf þeirra á meðan þau eru að glíma við vímuefnaneysluna,“ segir Anne Marie og segir markmiðið vera að stytta veru fólks á götunni.

„Þau vantar að hafa eitthvað fyrir stafni, þó svo að það séu mörg úrræði, svo sem kaffistofa og matur hér og þar. Þau vilja taka þátt í einhverju og láta gott af sér leiða þegar þau treysta sér til þess. Vonandi getur það dregið úr drykkju.“

Í dagsetri Hersins, sem opnar á morgun að Eyjarslóð 7, verður meðal annars í boði baðaðstaða, þvottahús, bókasafn, föndurstofa, hvíldarherbergi og fótsnyrting. Þá eru einnig uppi hugmyndir um að þróa starfsendurhæfingu í samstarfi við nytjamarkað Hjálpræðishersins í sama húsi. - eb



**DAGSETUR HJÁLPRÆÐISHERSINS** Heimilislausir munu geta farið í bað, lesið í bók og hvílt lúin bein í dagsetrinu.


URRIÐAHOLT
URRIÐAHOLT – Nýr áfangi
SALA HAFIN Á NÝJUM EINBÝLISHÚSALÓÐUM
Tryggðu þér lóð í tímamótahverfinu Urriðaholti. Sölu á 1. og 2. áfanga er svo til lokið og nú er hafin sala á 3. og síðasta áfanga vesturhluta hverfisins.
Í Urriðaholti er höfuðáhersla lögð á nálægð við náttúruna, blandaða byggð, öryggi og fullkomna þjónustu. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í skipulag hverfisins, í senn með hliðsjón af rótgrónum evrópskum byggðakjörnum og nútímaborgum. Nýlega var skipulag Urriðaholts valið í lokaúrslit LivCom verðlaunanna, en það eru alþjóðleg umhverfisverðlaun sem veitt eru með stuðningi Umhverfisstofnunar SÞ.
Urriðaholt er umgjörð um lífsgæði.
Söluaðilar:
EIGNAMIÐLUN
MIÐBORG fasteignasala
HÉR ÁTT ÞÚ HEIMA
www.urridaholt.is

## GENGIÐ 16.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,99 | 61,29 |
| Sterlingspund | 124,19 | 124,79 |
| Evra | 88,98 | 89,48 |
| Dönsk króna | 11,936 | 12,006 |
| Norsk króna | 11,083 | 11,149 |
| Sænsk króna | 9,585 | 9,641 |
| Japanskt jen | 0,5539 | 0,5571 |
| SDR | 96,4 | 96,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,1038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Maður særði vinnufélaga sinn með hnífi í vinnubúðum Hellisheiðarvirkjunar:

# Mikið blóðbað á Hellisheiði

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri skar vinnufélaga sinn í fótinn með hnífi í vinnubúðum við Hellisheiðarvirkjun í fyrrakvöld. Maðurinn gaf sig fram við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu síðdegis í gær eftir að lýst var eftir honum.

„Þetta var mikið blóðbað,“ segir varðstjóri lögreglunnar á Selfossi sem fór á staðinn ásamt félögum sínum í fyrrakvöld. Hann segir áverkana hafa verið tiltölulega alvarlega þótt maðurinn hafi ekki verið stunginn heldur skorinn. Líklega hafi slagæð farið í sundur. Hann var sár á læri og kálfa og var auk þess með minni áverka á nokkrum stöðum.



**Í BÚÐUNUM** Árásin átti sér stað í teiti í vinnubúðum Hellisheiðarvirkjunar. Mennirnir á myndinni tengjast ekki árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mennirnir eru báðir af erlendum uppruna og þekkjast. Tildrög átakanna eru óljós, en svo virðist sem kastast hafi í kekki á milli þeirra í teiti. Báðir voru ölvaðir.

Lögreglan á Selfossi kallaði eftir aðstoð sérsveitar frá Reykjavík þar sem vopn voru í spilunum. Átta lögreglumenn fóru á staðinn en þá var árásarmaðurinn á bak og burt. Hann hafði farið á bíl til höfuðborgarinnar ásamt fleiri mönnum. Ekki liggur fyrir hvort það var gagngert til að flýja réttvísina.

Hinn særði var fluttur á sjúkrahús til Reykjavíkur þar sem gert var að sárum hans og hann síðan útskrifaður. Ekki verður farið fram á gæsluvarðhald yfir árásarmanninum. - sh

Íransforseti á OPEC-fundi:

# Vel tekið í að skipta út dalnum

**SÁDI-ARABÍA, AP** **Öll aðildarríki OPEC, samtaka olíuframleiðsluríkja, sýna því áhuga að breyta gjaldeyrisforða sínum í annan gjaldeyri en Bandaríkjadal, sem sífellt fer dalandi að verðgildi. Þetta sagði Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, eftir fund OPEC.**

**„Allir sýndu áhuga á að skipta gjaldeyrisforða sínum í trúverðugan harðan gjaldeyri,“ tjáði Ahmadinejad fréttamönnum. „Sumir sögðu að framleiðsluríkin ættu að tilgreina annan gjaldeyri til hliðar við dollarann sem grunnmynt olíuviðskipta okkar.“ Íranar selja olíu í evrum.** - aa



**SKÚTUSTAÐAHREPPUR** Sameiningu sveitarfélaganna var hafnað með afgerandi hætti í Skútustaðahreppi.

Kosningar í Þingeyjarsýslu:

# Rætt verður um sameiningu

**NORÐURLAND** Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, útilokar ekki að þau tvö sveitarfélög er samþykktu sameiningu í kosningum í Þingeyjarsýslu á laugardag muni sameinast. Hann telur æskilegt að fjölga íbúum sveitarfélagsins, jafnvel þótt Aðaldælahreppur sé fámennur.

Ólína Arnkelsdóttir, oddviti í Aðaldælahreppi, segir ekki ljóst hvert framhaldið verði, en það muni skýrast á næstu vikum hvort sveitarfélögin ákveði að sameinast. Þá sé ekki ljóst hvort gengið yrði aftur til kosninga.

Á laugardag fóru fram kosningar um sameiningu fyrrnefndra sveitarfélaga auk Skútustaðahrepps þar sem henni var hafnað. - eb

**SPÁNN**

## Primo de Rivera minnst

Hundruð hægrisinnaðra Spánverja komu í gær saman á útifundi í Madríd til að minnast Jose Antonio Primo de Rivera, stofnanda Falangistaflokksins. Hann var myrtur af vinstrisinnum í borgarastríðinu árið 1936. Vinstristjórnin sem nú er við völd hefur sett lög um að fjarlægja minnismerki um Primo de Rivera og Francisco Franco og nöfn þeirra af götuheitum.

# Hnúfubakur étur um milljón tonn af loðnu

**Stofn hnúfubaks við Ísland er metinn hátt í 30 þúsund dýr. Tegundin er talin éta allt að milljón tonn af loðnu á ári við landið. Hnúfubakur er tákn hvalafriðunar og vísindaveiðar á tegundinni eldfimt pólitískt álitamál.**

**UMHVERFISMÁL** Hnúfubak hefur fjölgað gríðarlega við Ísland á undanförnum áratugum og er stofninn talinn vera allt að 30 þúsund dýr. Tegundin er talin éta hátt í milljón tonn af loðnu á ári við landið eða fimm til átta þúsund tonn á dag. Sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun segir að veiðar Japana á hnúfubak, sem eru að hefjast, séu afar viðkvæmt mál vegna þess að hvalurinn sé tákn hvalafriðunar og friðunarsinnar bindi einna mestar tilfinningar við hann. Hann segir ótímabært að taka afstöðu til þess hvort vísindaveiðar á hnúfubak séu æskilegar á Íslandsmiðum.

Gísli Víkingsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að frá því að hnúfubakur var alfriðaður árið 1955 og fram á áttunda áratuginn hafi fá dýr sést við landið. Það sé til marks um hversu nærri stofninum hafði verið gengið með veiðum. „Síðan hefur hnúfubak fjölgað jafnt og þétt og sennilega nálgast stofninn að vera jafn stór og fyrir daga hvalveiða.“ Gísli segir að nákvæmar upplýsingar um át hnúfubaksins liggi ekki fyrir en magainnihald dýra sem hafa rekið á fjörur sýni að fæði tegundarinnar sé loðna og ljósáta í nokkuð jöfnum hlutföllum.



**HNÚFUBAKUR** Stofninn er talinn vera allt að 30 þúsund dýr. Hann var ofveiddur um allan heim og er tákn margra friðunarsinna. Vísindaveiðar Japana eru því harðlega gagnrýndar.

„Við höfum gefið okkur að stofninn éti tíu til fimmtán þúsund tonn á dag og helmingurinn af því sé loðna. Átið gæti því verið allt að milljón tonn.“

Spurður hvort vísindaveiðar séu ekki aðkallandi til að skera úr um át hnúfubaksins segir Gísli að ekki sé tímabært að fá leyfi til vísindaveiða í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Hann segir að mjög erfitt myndi reynast pólitískt séð að fá leyfi til vísindaveiða í Alþjóðahvalveiðiráðinu. „Hnúfubakurinn er tákn hvalafriðunar vegna þess að hann var veiddur hvað mest allra hvalastofna. Við hann binda friðunarsinnar einna mestar tilfinningar eins og sést á viðbrögðum við vísindaveiðum Japana.“ Gísli segir skjóta skökku við að heyra röksemdir friðunarsinna um að veiðar Japana séu ekki vísindaveiðar fyrst að afurðirnar séu seldar. „Hins vegar er það beinlínis skylda í sáttmála Alþjóða hvalveiðiráðsins um vísindaveiðar að nýta afurðirnar eins og hægt er.“

svavar@frettabladid.is

## JAPANAR ÆTLA AÐ VEIÐA FIMMTÍU HNÚFUBAKA



Japanskur hvalveiðifloti hélt í gær úr höfn í Shimonoseki, miðstöð japönsku hvalveiðiútgerðarinnar. Í þetta sinn hyggur hann á að veiða hnúfubaka í nafni vísindaveiðaáætlunar Japana. Hnúfubakar hafa ekki verið veiddir síðan á sjöunda áratugnum og hinar fyrirhuguðu veiðar á þeim hafa því kallað á enn harkalegri gagnrýni hvalfriðunarsinna en hvalveiðar Japana hafa gert á síðustu árum.

Í þessum leiðangri á hvalamið í Suður-Kyrrahafi er áformað að veiða 50 hnúfubaka, 50 langreyðar og 935 hrefnur. Hvalveiðivertíðin stendur fram í apríl. - aa



**GIFT Í 60 ÁR** Filippus og Elísabet II.

Hátíðahöld í Bretlandi:

# Demantsbrúðkaupi fagnað

**BRETLAND** Mikið er um dýrðir í Bretaveldi þessa dagana í tilefni af því að 60 ár eru liðin síðan Elísabet II Bretadrottning og Filippus drottningarmaður gengu í það heilaga.

Það var hinn 20. nóvember árið 1947 sem hin 21 árs gamla krónprinsessa Elísabet giftist 26 ára gömlum yfirmanni í flotanum, Philip Mountbatten. Fimm árum síðar varð Elísabet drottning við fráfall föður hennar, Georgs VI konungs.

Hirðin birti í gær hina opinberu ljósmynd af demantsbrúðkaupsparinu. Á henni sjást þau leiðast fyrir framan Broadlands-höll, þar sem þau eyddu brúðkaupsnóttinni fyrir sex áratugum. - aa

Á dagskrá Alþingis:

# Auglýsingar á óhollri matvöru

**STJÓRNMÁL** Þingfundur Alþingis í dag hefst á fyrirspurnum til ráðherra. Að þeim loknum verður meðal annars rætt um frumvarp félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir Samfylkingunni flytur þingsályktunartillögu um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru og Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki flytur tillögu um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. - eb


EPSON



SKANNAR FYRIR ATVINNUMENN

- 4800 x 9600 punkta upplausn
- 48 bita litadýpt
- 4.0 Dmax
- Skanna filmur og slides
- Litaleiðrétting
- OCR hugbúnaður fylgir

Verð frá 59.900 kr.

ÞÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**AUSTURLANDIÐ FÍNT**

Sé horft á veðrið í dag og á morgun er ég ekki í vafa um að einna besta veðrið er fyrir austan, bæði á Héraði og á Austfjörðum sjálfum. Eru horfur á bjartviðri bæði í dag og á morgun í þolanlega hægum vindi og hita aðeins yfir frostmarki. Á þessum árstíma skiptir ljósmagn miklu fyrir lundarfarið og austurhlutinn verður einna bjartastur.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðvestlæg átt lengst af. Skýjað og hætt við dálítill súld einkum í fyrstu. Hiti 3-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



10-18 m/s norður- og vesturströndinni annars heldur hægari.



3-10 m/s, hvassast með ströndum.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | London | 11°C skúrir | Friedrichshafen | 7°C hálfskýjað |
| Billund | 6°C léttskýjað | París | 7°C hálfskýjað | Lúxemborg | 4°C skúrir |
| Osló | 4°C hálfskýjað | Amsterdam | 7°C skúrir | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C léttskýjað | Frankfurt | 7°C hálfskýjað | Róm | 13°C léttskýjað |
| Gautaborg | 6°C hálfskýjað | Berlín | 5°C hálfskýjað | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




## Land Cruiser. Tákn um frelsi

Hann er harður, kraftmikill og áræðinn. En þessir eiginleikar færa þér þægindi og frelsi. Rennislétt borgarstræti, torfærar slóðir á hálendinu – þitt er valið. Háþróaður tæknibúnaður og fyrsta flokks innrétting tryggja þér ánægjulega upplifun hvert sem þú ekur.

Kynntu þér tæknibúnaðinn: Tölvustýrð fjöðrun TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD, tveir tveggja þrepa SRS loftpúðar og hliðarloftpúðar – svo eitthvað sé nefnt.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser.

Verð frá 4.600.000 kr.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

*Verð miðast við Land Cruiser 120 LX, túrbó dísil, beinskiptan.
Bíll á mynd er með 33" breytingu að verðmæti 390.000 kr.

**KJÖRKASSINN**



*Gerðirðu eitthvað í tilefni af degi íslenskrar tungu?*

| | |
|---|---|
| Já | 15% |
| Nei | 85% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu áhyggjur af loftslagsbreytingum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Kosið var til þings í Kosovohéraði um helgina:

# Sjálfstæðissinni sigurvegari

**KOSOVO, AP** Hashim Thaci, fyrrverandi skæruliðaleiðtogi kosovo-albanskra sjálfstæðissinna, var ótvírættur sigurvegari kosninga til þings Kosovohéraðs um helgina og öðlaðist þar með tilkall til þess að verða næsti forsætisráðherra héraðsstjórnarinnar.

Flokkur hans, Lýðræðisflokkur Kosovo, fékk þó ekki hreinan meirihluta og því verður hann að leita samstarfs við keppinaut. Flokkur Thacis fékk 34 prósent en LDK-flokkurinn, sem var langstærsti flokkurinn á síðasta kjörtímabili og Ibrahim Rugova heitinn tilheyrði, fékk nú aðeins 22 prósent. Þrátt fyrir stífa samkeppni milli þessara tveggja flokka þykir nú sennilegast að meirihlutasamstarf takist með þeim.

Thaci hefur lýst því yfir að verði hann forsætisráðherra muni hann lýsa yfir sjálfstæði Kosovo eftir 10. desember. Þann dag mun alþjóðlegum viðræðum um framtíð Kosovo ljúka og niðurstaðan verður kynnt framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon. Serbnesk stjórnvöld hafa eindregið varað Kosovobúa, sem langflestir eru af albönsku bergi brotnir, við einhliða yfirlýsingu um sjálfstæði. **- aa**



**FAGNAR SIGRI** Fyrrverandi uppreisnar-foringinn Hashim Thaci fagnar sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmælt í Tékklandi:

# Þjóðin kjósi um eldflaugakerfi

**TÉKKLAND, AP** Um þúsund manns söfnuðust saman í Prag um helgina til að láta í ljós andstöðu við áform Bandaríkjamanna um að setja upp hluta af fyrirhuguðu eldflaugavarnakerfi sínu í Tékklandi. Kröfðust mótmælendur þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Bandarísk og tékknesk yfirvöld eiga í viðræðum um að koma fyrir eldflaugaratsjá í herstöð skammt utan við Prag. Bandaríkjamenn vilja einnig koma fyrir skotstöð fyrir tíu gagneldflaugar í Póllandi til að verjast hugsanlegum árásum frá Íran. **- vþ**

Ásgeir Eiríksson:

# Frá Strætó í hvataferðir

**VINNUMARKAÐUR** Ásgeir Eiríksson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Strætó bs., hefur verið ráðinn yfirmaður ráðstefnu- og hvataferða hjá Iceland Travel. Fyrirtækið er hluti af Icelandair Group.



**ÁSGEIR EIRÍKSSON**

Iceland Travel sérhæfir sig í að taka á móti erlendum gestum hvort sem þeir eru í viðskiptaerindum eða ferðamenn.

Ásgeir er rekstrarhagfræðingur frá Uppsalaháskóla og með leiðsögumannapróf frá Leiðsöguskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri hjá Strætó frá 2001 þar til fyrr á þessu ári. **- hs**





**MÓTMÆLA VERKFÖLLUM** Samtökin „Elskaða frelsi“ stóðu fyrir mótmælum gegn verkföllum í París í gær. Franskur almenningur styður málstað stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sarkozy ræðir ekki við verkfallsmenn

**Verkföll starfsmanna almenningssamgangna í Frakklandi héldu áfram í gær og aðrir ríkisstarfsmenn boða aðgerðir á morgun. Forsætisráðherrann segir samningaviðræður ekki verða hafnar á ný fyrr en verkfallsaðgerðum verður hætt.**

**FRAKKLAND, AP** Verkföll starfsmanna í almenningssamgöngum Frakklands héldu áfram í gær, fimmta daginn í röð, eftir að félagsmenn verkalýðsfélags járnbrautarstarfsmanna höfnuðu tilboði vinnuveitenda.

Francois Fillon forsætisráðherra skoraði á verkalýðsfélögin að hætta verkfallsaðgerðum. Samningaviðræður yrðu ekki hafnar fyrr en verkfallsmenn hæfu aftur störf.

Tilefni verkfallanna er ásetningur Nicolas Sarkozy forseta og ríkisstjórnarinnar að svipta ríkisstarfsmenn vissum sérréttindum, þar á meðal rétt þeirra til að fara á eftirlaun svo snemma sem við 50 ára aldur. Þessi áform eru hluti af kerfisumbótaáætlun forsetans sem hefur að markmiði að gera franskt atvinnulíf sveigjanlegra og samkeppnishæfara.

Áformin njóta stuðnings yfirgnæfandi meirihluta almennings, að minnsta kosti enn sem komið er, það sýna niðurstöður skoðanakannana. Verkföllin mælast ekki vel fyrir enda valda þau milljónum manna ómældum óþægindum, einkum og sér í lagi þeim sem háðir eru almenningssamgöngum til að komast í og úr vinnu. Frakkar sem þannig er ástatt um hafa reyndar löngum sýnt langlundargeð þegar járnbrautarmenn hafa farið í skyndiverkföll, en nú virðist sú þolinmæði á þrotum. Í gær kölluðu samtökin Liberté Chérie, eða „Elskaða frelsi“, til mótmælafundar í París gegn verkföllum.

Starfsmenn á sjúkrahúsum, í skólum og fleiri ríkisstofnunum hafa boðað verkfallsaðgerðir á morgun, þriðjudag, til að mótmæla fyrirhuguðum sparnaðaraðgerðum og fækkun starfa. Dómarar áforma verkfall þann 29. nóvember í mótmælaskyni við fyrirhugaða fækkun dómhúsa í sparnaðarskyni.

Forysta helstu verkalýðsfélaga sat í gær á fundum um framhaldið. Talsmenn ríkisjárnbrautanna, SNCF, og almenningssamgöngukerfis Parísar, RATP, vöruðu við því að miklar truflanir yrðu áfram í dag á samgöngukerfinu.

Þess má geta að kjaradeila járnbrautarstjóra í Þýskalandi virtist í gær fara harðnandi. Eftir þriggja daga verkfall hótuðu þeir að leggja niður störf í lengri tíma ef ekki kæmi betra tilboð frá vinnuveitendum í dag, mánudag.

audunn@frettabladid.is

Ofbeldishneigðir unglingar:

# Skólaárás var afstýrt í Köln

**ÞÝSKALAND, AP Tveir unglingspiltar í Köln lögðu á ráðin um að ráðast vopnaðir inn í skólann sinn, myrða þar kennara sína og samnemendur og svipta sig svo lífi. Lögreglu tókst að afstýra árásinni þökk sé ábendingum frá bekkjarfélögum drengjanna um að þeir væru ofbeldishneigðir og hefðu mikinn áhuga á skólaárásinni í Columbine-menntaskólanum í Colorado í Bandaríkjunum 1999.**

**Drengirnir játuðu áform sín í yfirheyrslu á föstudag. Annar þeirra framdi sjálfsvíg með því að kasta sér fyrir lest að yfirheyrslu lokinni.** **- vþ**



**AFMÆLISDAGSKRÁ** Þór Magnússon og Margrét Hallgrímsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Afmæli í Þjóðminjasafninu:

# Þór Magnússon heiðraður

**FÓLK** Afmælisdagskrá í tilefni af sjötugsafmæli Þórs Magnússonar fyrrverandi þjóðminjavarðar fór fram í Þjóðminjasafninu í gær. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Ole Villumsen Krog fluttu ávörp og Þór flutti sjálfur stuttan fyrirlestur. Ennfremur var undirrituð yfirlýsing Þjóðminjasafnsins og Þórs um útgáfu bókar um íslenskt silfur og rannsóknir hans á því efni.

Þjóðminjasafnið mun jafnframt á næstunni gefa út bók með völdum greinum eftir Þór. Í henni má einnig sjá sýnishorn úr merku ljósmyndasafni Þórs. **- vþ**

Manns leitað á Norðurlandi:

# Fannst fastur í snjó utan vegar

**LÖGREGLUMÁL Björgunarsveitir á Norður- og Austurlandi voru kallaðar út aðfaranótt sunnudags.**

**Karlmaður á miðjum aldri hafði um kvöldið lagt af stað í austurátt frá Laugum í Reykjadal, en þegar ekkert hafði spurst til hans klukkan þrjú um nóttina var lögreglu gert viðvart.**

**Björgunarsveitarmenn keyrðu fram á manninn laust fyrir klukkan sex á sunnudagsmorgun. Hann hafði ekið bifreið sinni út af veginum við Jökulsá á Fjöllum og lent í snjóskafli að sögn lögreglunnar á Húsavík.**

**Mikil mildi þykir að manninn sakaði ekki, þrátt fyrir langa bið eftir aðstoð.** **- eb**







Umhverfisráðherra segir þjóðina þurfa að geta átt viðskipti með losunarheimildir:

# Skýrslan er hvatning til stjórnvalda

**UMHVERFISMÁL** Íslendingar þurfa að setja sér regluverk sem gerir þjóðinni kleift að eiga viðskipti með losunarheimildir vegna gróðurhúsalofttegunda og taka þátt í loftslagsvænni þróunaraðstoð. Þetta segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra. Hún segir niðurstöðu fjórðu yfirlitsskýrslu Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar vera hvatningu stjórnvalda um heim allan til að taka enn fastar á málaflokknum en nú er gert.

Skýrslan var kynnt á laugardag. Þar er hlýnun jarðar sögð óumdeilanleg staðreynd og að hún muni hafa geigvænleg áhrif verði ekki dregið til muna úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum eða áratugum.

„Við höldum okkar striki að því leyti að við erum að undirbúa aðgerðaáætlun um að draga úr losuninni,“ segir Þórunn. Tvær nefndir eru nú að störfum á vegum ráðuneytisins vegna málsins; sérfræðinganefnd sem fara á yfir hvaða leiðir er hægt að fara að markmiðinu og hins vegar vísindanefnd sem leggja á mat á hugsanlegar afleiðingar fyrir Ísland og nærumhverfi. Þær munu skila niðurstöðum í vor. „Það er ljóst að það þarf að fara margar leiðir,“ segir Þórunn. „Það er engin ein lausn sem dugir. Það þarf að taka á á öllum sviðum samfélagsins, í samgöngum bíla og skipa, iðnaðarferlum, landbúnaði og öðru slíku.“ **- sh**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR** „Við höldum okkar striki að því leyti að við erum að undirbúa aðgerðaáætlun um að draga úr losuninni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


HVAÐ EF SÁ SEM
ÞÚ ELSKAR...
HVERFUR SPORLAUST?
JAKE GYLLENHAAL REESE WITHERSPOON
PETER SARSGAARD WITH ALAN ARKIN AND MERYL STREEP
RENDITION
FRUMSÝND 23. NÓVEMBER
Borgarbíó
BÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
Fyrstu þúsund pöntunum
fylgja bíómiðar eða glaðningur
tengdur Rendition
Megavika Domino's
19.-25. nóvember
allar pizzur á 1.150 kr.*
*Ef þú sækir
Domino's Pizza
58·12345
dominos.is
Allt 2 lítra gos
á 195 kr.
1,5 lítra Toppur á 100 kr.
Coca-Cola

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Á hvaða bæ í Eyjafirði drápust 200 nautgripir í eldsvoða í fyrradag?*
2. *Hver er forseti Georgíu?*
3. *Hvar var fundur Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar haldinn nýlega?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Lögmenn náðu ekki sáttum um dómkvadda matsmenn í olíusamráðsmálinu:

# Dómari valdi matsmennina

**DÓMSMÁL** Ekki tókst samkomulag milli lögmanna olíufélaganna og lögmanns ríkisins um hvaða einstaklingar yrðu fyrir valinu sem dómkvaddir matsmenn, og endaði dómari því á að velja matsmennina sjálfur.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur gær. Um er að ræða mál sem olíufélögin Olís, Skeljungur og Ker hafa höfðað, þar sem þess er krafist að sektir samkeppnisyfirvalda vegna samráðs félagana verði ógiltar.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður ríkisins í málinu, segir að í gær hafi þrír matsmenn verið valdir til að fara yfir matsgerðir sem olíufélögin hafi látið gera. Matsmennirnir eru þau Guðrún Johnsen hagfræðingur, Gylfi Zoëga hagfræðingur og Þorsteinn Haraldsson löggiltur endurskoðandi.



HEIMIR ÖRN HERBERTSSON

Hópurinn er skipaður að beiðni Heimis, þar sem hann hyggst freista þess að fá upphaflegum matsgerðum olíufélaganna hnekkt.

Að auki voru matsmenn skipaðir að ósk Heimis til að svara ákveðnum spurningum sem ekki var spurt í upphaflegum matsbeiðnum, og voru þau Guðrún og Gylfi valin til að taka það verk að sér.

Heimir segist vonast til þess að nýtt mat verði tilbúið í mars eða apríl á næsta ári. Verði það niðurstaðan sé líklegt að málið verði flutt fyrir dómi næsta haust. Ómögulegt sé þó að segja hversu langan tíma vinnan muni taka. **- bj**

Biskup um umferðarslys:

## Stórkostlegur samfélagsvandi

**FÓLK** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tók fyrir tveimur árum þá ákvörðun að helga þriðja sunnudag í nóvember ár hvert fórnarlömbum umferðarslysa. Þessi dagur var í gær og af því tilefni sendi biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, prestum Þjóðkirkjunnar bréf og bað þá að minnast þessa í messum gærdagsins. Biskup sagði í bréfi sínu að dagurinn væri mikilvæg áminning um stórfelldan samfélagsvanda sem snertir okkur öll. Enn fremur minnti hann á bæn sem sérstaklega er helguð fórnarlömbum umferðaróhappa. **- vþ**



**FÁNANUM VEIFAÐ** Göngufólk heldur á loft hinum þrílita þjóðfána Belga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldaganga í Brussel:

## Kallað eftir þjóðareiningu

**BELGÍA, AP** Um 35.000 manns tóku þátt í fjöldagöngu í Brussel í gær til að lýsa óánægju sinni með að stjórnmálaleiðtogar Flæmingja og Vallóna skyldu ekki getað komist yfir þann ágreining sem hefur aftrað þeim frá að mynda nýja ríkisstjórn. Rúmir 150 dagar eru liðnir síðan kosningar voru þar í landi. Óeining stjórnmálamannanna hefur kynt undir kröfum og ótta um að belgíska ríkið verði leyst upp.

Göngufólk, sem var bæði úr röðum flæmsku- og frönskumælandi Belga, safnaðist saman í almenningsgarði í höfuðborginni, hlýddi á ádrepur, söng þjóðsönginn og veifaði þjóðfánanum. **- aa**

# Nektardansarar vilja bera vitni í borgarráði

**Talsmenn nektardansstaða segja ómálefnaleg rök ráða viðhorfi borgarráðs til staðanna. Lögmaður Bóhem segir umsögn Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum álíka gagnlega og sjónarmið grænmetisætu um hollustu kjöts.**

**REYKJAVÍK** Borgarráð vill að nektardansstaðirnir Bóhem, Óðal og Vegas fái ekki rekstrarleyfi. Lögmenn staðanna segja fordóma og ómálefnaleg sjónarmið liggja þar að baki. Lögin banni ekki nektardans.

Borgarráð hafði í ágúst gefið umsögn vegna rekstrarleyfis til staðanna þriggja. Eigendur staðanna telja umsögnina hafa verið jákvæða en lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins taldi hana óljósa og nú liggur fyrir tillaga í borgarráði að nýrri umsögn til lögreglustjórans. Hann annast veitingu rekstrarleyfa. Samkvæmt nýju umsögninni leggst borgaráð alfarið gegn því að heimilaður verði nektardans á stöðunum en er ekki andvígt að þeir fá almennt rekstrarleyfi.




**NEKTARDANS** Dansmeyjar frá Íslandi, Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjalandi segja gott að vinna á Óðali og eru tilbúnar að vitna um það fyrir borgarráði og dómstólum.

Lögmaður Óðals við Austurvöll hefur sent borgaryfirvöldum yfirlýsingar sjö kvenna sem hann segir starfa á staðnum. Þær segja Óðal vera hreinlegan og öruggan vinnustað. Þar þrífist alls ekkert vændi. Segir lögmaðurinn stúlkurnar reiðubúnar að mæta bæði í borgarráð og fyrir dómstóla til að vitna.

„Sérfræðingar um kynferðisofbeldi hafa bent á að sýnt hafi verið fram á að í skjóli nektardansstaða þrífist gjarnan vændi, auk þess sem erfitt sé að ganga úr skugga um hvort þær stúlkur sem þar starfi séu til þess neyddar eður ei,“ segir í nýju umsögninni sem borgarráð frestaði að afgreiða á fimmtudag. Reykjavíkurborg hafi einsett sér að sporna gegn vændi og „klámvæðingu“ og að í málinu séu almannahagsmunir í húfi.

Í bréfi til borgarstjórnarinnar segir Brynjar Níelsson, lögmaður Bóhem á Grensásvegi, persónulegar skoðanir einstakra umsagnaraðila ekki vera málefnaleg sjónarmið. „Þau verða ekki málefnalegri þótt vísað sé til Rannsóknarstofu í kynja- og kvennafræðum. Tilvísun til slíkra gagna er jafn gagnleg til niðurstöðu og sjónarmið grænmetisætu á hollustu kjöts,“ segir lögmaðurinn.

Eins og lögmaður Bóhem segir Halldór H. Backmann, lögmaður Óðals við Austurvöll, að borgin geti ekki breytt fyrri ákvörðun og verði að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. „Hleypidómar eða almennar ályktanir um meintan þátt umbjóðanda míns í vændi og mansali, hvað þá að umbjóðandi minn beri ábyrgð á hinni svokölluðu klámvæðingu eru ekki rök sem fullnægja þessum sjálfsögðu skilyrðum laganna,“ skrifar Halldór borgaryfirvöldum.

Davíð Steingrímsson, eigandi Vegas við Frakkastíg, þvertekur fyrir að þar sé klám, vændi eða mansal. „Er mér sama þó að þær mættu ekki einu sinni bera brjóstin. Eða hafa lepp yfir geirvörtunum eins og er gert til dæmis í mörgum fylkjum Bandaríkjanna,“ skrifar eigandi Vegas sem vill ná samkomulagi við borgaryfirvöld: „Við erum í sama liði. Við viljum öll betra Ísland.“ **gar@frettabladid.is**



**MAHMOUD AHMADINEJAD**

Kjarnorkuáætlun Írans:

## Auðga úran annars staðar

**ÍRAN Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hefur í hyggju að leita eftir aðstoð hlutlauss lands í þeim tilgangi að auðga úran. Nefndi hann Sviss í þessu samhengi, að því er greint er frá á fréttavef BBC.**

**Þessi ummæli Ahmadinejads koma í kjölfar þess að svissneski forsetinn Micheline Calmy-Rey hefur látið í ljós vilja sinn til þess að miðla málum á milli Írans og Bandaríkjanna með kjarnorkuáætlun Írans. Calmy-Rey segir Svisslendinga viðurkenna rétt Írana til að nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.** **- vþ**

Atvinnulífið:

## Ráð greina atvinnumál

**VINNUMARKAÐUR** Svæðisbundin vinnumarkaðsráð eru nú tekin til starfa um land allt. Ráðin starfa á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra. Hlutverk ráðanna er meðal annars að greina stöðu og þróun atvinnumála hvert á sínu starfssvæði og gera tillögur að vinnumarkaðsúrræðum sem sniðin eru að þörfum svæðisins.

Vonast er til að starfsemi ráðanna styrki þannig vinnumarkaðsaðgerðir og gefi einstökum svæðum aukið hlutverk við að ákveða aðgerðir á hverjum stað fyrir sig. **- vþ**



**Á VETTVANGI** Björgunarsveitarmenn skunda að inngangi Zasyadka-námunnar í Donetsk í Úkraínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprenging í úkraínskri námu:

## Tugir námumanna fórust

**ÚKRAÍNA, AP Metangassprenging í kolanámu í austurhluta Úkraínu varð í fyrrinótt að minnsta kosti 63 manns að bana. Þetta er mannskæðasta námuslysið í landinu í sjö ár, að sögn almannavarnafulltrúa.**

**Bjarga tókst yfir 360 námumönnum en minnst 37 voru enn lokaðir inni í Zasyadko-námunni, sem er ein sú stærsta og dýpsta sem starfrækt er í Úkraínu. Eldur sem logaði eftir gassprenginguna hamlaði björgunarstarfi.**

**Viktor Júststjenkó forseti sakaði ríkisstjórnina um að leggja ekki nógu hart að sér við að bæta öryggi í námum landsins og fyrirskipaði rannsókn á slysinu.** **- aa**

Lífeyrissjóðurinn Stafir tekur allt að tveggja prósenta uppgreiðslugjald af lánum:

# Rukka fyrir uppgreiðslu lána

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru engir átthagafjötrar heldur eingöngu til að verjast áhættu,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs. 50 þúsund manns eiga réttindi í Stöfum, sem eru sjötti stærsti lífeyrissjóður landsins.

Stafir hófu á þessu ári að taka allt að tveggja prósenta uppgreiðslugjald af nýjum lífeyrissjóðslánum sem bera fasta vexti, ef vaxtastigið er lægra en af því láni sem greitt er upp. „Uppgreiðslugjaldið er reiknað út frá mismuninum og þetta getur gilt fyrir alla, sjóðfélaga sem aðra, sem taka lán á föstum vöxtum.“ Ólafur bætir því við að við núverandi vaxtastig þurfi lántakendur sem greiða upp lánin ekki að greiða slíkt gjald. „Fólk getur líka flutt lánið með sér,“ segir Ólafur.

Björn Þorri Viktorsson, fyrrverandi formaður Félags fasteignasala, undrast þessa ráðstöfun. „Sjóðfélagarnir greiða til sjóðanna og eiga þá. Ég hélt að þetta væri þjónusta við þá.“

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stærsti lífeyrissjóður landsins, tekur ekki uppgreiðslugjald. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir tvær meginástæður fyrir því. „Almennt eru lánin góð og trygg ávöxtun fyrir sjóðinn. Síðan er þetta góð þjónusta við sjóðfélagana.“



**BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON** Undrast uppgreiðslugjaldið.



**ÓLAFUR SIGURÐSSON** „Engir átthagafjötrar.“



**HAUKUR HAFSTEINSSON** „Tökum ekki uppgreiðslugjald.“

Aðeins einn lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar, rukkaði uppgreiðslugjald, þegar Landssamband lífeyrissjóða gerði lánakönnun hjá sjóðunum snemma í fyrra.

Sé uppgreiðslugjald tvö prósent þarf lántakandi að greiða tuttugu þúsund krónur aukalega fyrir hverja milljón króna sem hann greiðir upp af láninu. **- ikh**

Skipskaði í Rússlandi:

## Unnið að björgun skipverja

**RÚSSLAND, AP Rússneskt björgunarlið vann að því hörðum höndum í gær að bjarga áhöfn rússnesks fragtskips sem sökk á Japanshafi í gær. Skipið var á leið frá höfninni Nakhodka í Síberíu til Kína þegar það lenti í óveðri með ofangreindum afleiðingum. 36 menn voru um borð í skipinu þegar það sökk og tókst þeim öllum að koma sér um borð í björgunarbáta. Búið var að bjarga 22 þeirra í gærkvöldi og stóðu aðgerðir yfir til þess að bjarga þeim sem eftir voru, en veðurskilyrði voru afar slæm og gengu björgunaraðgerðir því hægt og erfiðlega fyrir sig.** **- vþ**

Úr herstöð í háskólasamfélag:

# 150 nýjar stúdentaíbúðir!

**Stórglæsilegar íbúðir til leigu fyrir námsmenn og fjölskyldur þeirra. Háskólasvæðið á Vallarheiði er fjölskylduvænt samfélag í hraðri uppbyggingu. Þar er leikskóli, grunnskóli, verslun og fullbúin íþróttamiðstöð auk þess sem kaffi- og veitingahús er í undirbúningi.**




**Myndin er tekin í fjölskylduíbúð á nýja háskólasvæðinu.**

## Dæmi um íbúðir

**3 herbergja íbúð**
Tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari. Eldhús með eldavél, ofni, ísskáp og uppþvottavél. Góðar stofur og borðstofur. Þvottavélar og þurrkarar fylgja hverri íbúð. Geymslur, hjólageymsla og setustofa í sameign.
Stærð: **80-110 m²** Verð 53.964,-

**4 herbergja íbúð**
Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stór stofa og borðstofa. Eldhús, eldavél, ofni, uppþvottavél og ísskáp. Þvottavél og þurrkari. Tvö baðherbergi, annað inn af hjónaherbergi. Geymslur, hjólageymsla og setustofa í sameign.
Stærð: **123 m²** Verð 65.543,-

## Dæmi um íbúðir

**5 herbergja íbúð**
Fjögur rúmgóð svefnherbergi, 2 baðherbergi með baðkari. Stór stofa með borðstofu. Rúmgott eldhús með eldavél, ofni, uppþvottavél og ísskáp. Þvottaaðstaða með þvottavél og þurrkara. Í sameign á jarðhæð er stór setustofa eða námsaðstaða ásamt góðri geymslu og hjólageymslu.
Stærð: **166 m²** Verð 78.754,-

**Innifalið í hagstæðu leiguverði er nettenging og strætisvagnar milli svæðisins og háskóla á höfuðborgarsvæðinu.**

Upplýsingar um leiguverð á **www.keilir.net**

## Merki

**Keilir**
Atlantic Center of Excellence

**Keflavíkurflugvelli** **Sími: 578 40 00** **www.keilir.net**



**LITRÍKUR SKOTI** Áhangandi skoska knattspyrnulandsliðsins sýnir lit á landsleik Skota og Ítala í Glasgow um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúlka sem kærði Guðmund Jónsson í Byrginu fyrir kynferðisbrot:

# Dæmd í 18 mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Ólöf Ósk Erlendsdóttir, ein þeirra kvenna sem lögðu fram kæru á hendur Guðmundi Jónssyni í Byrginu á sínum tíma fyrir kynferðisbrot, hefur verið dæmd í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir frelsissviptingu, húsbrot og rán.

Auk hennar hlutu tveir karlmenn á þrítugsaldri fangelsisdóma fyrir aðild sína að málinu. Arnar Óli Bjarnason var dæmdur í átján mánaða fangelsi, en þyngsta dóminn fékk Róbert Wayne Love sem skal sæta fangelsisvist í tvö ár, en alls voru fimm einstaklingar ákærðir í málinu.

Mikael Arnar Calhoun og Ragnar Ingi Arnarson, báðir nítján ára, voru dæmdir til að greiða 75 þúsund krónur í sekt en þeir tóku þátt í að safna saman þýfi og flytja út í bifreið.

Samkvæmt gögnum málsins beitti Ólöf Ósk blekkingum til að fá karlmann til að hleypa sér inn í íbúð til sín í janúar, en þegar þangað var komið hleypti hún vitorðsmönnum sínum inn. Þá batt Ólöf Ósk brotaþola við stól með reipi og límbandi, keflaði hann með ól með munnkúlu og setti loks leðurgrímu yfir höfuð hans. Því næst gengu Arnar Óli og Róbert Wayne í skrokk á manninum og kröfðust þess að hann vísaði þeim á verðmæti í íbúðinni.

Arnar Óli hellti eldfimum vökva yfir manninn og hótaði að mölva í honum tennurnar og bora í hnéskeljarnar á honum, en Róbert Wayne lamdi manninn með járnstöng í vinstra hnéð.

Brotaþoli fór fram á tæp þrettán hundruð þúsund krónur í skaðabætur vegna málsins sem samanstóð meðal annars af bótum vegna atvinnutjóns, miska og þjáninga. Sakborningarnir voru hins vegar dæmdir til að greiða brotaþola tæpar fimm hundruð þúsund krónur í skaðabætur. - æþe

Hvalveiðar Japana:

## Hyggjast veiða 50 hnúfubaka

**JAPAN, AP Japanskur hvalveiðifloti hélt í gær úr höfn í Shimonoseki, miðstöð japönsku hvalveiðiútgerðarinnar. Í þetta sinn hyggur hann á að veiða hnúfubaka í nafni vísindaveiðaáætlunar Japana. Hnúfubakar hafa ekki verið veiddir síðan á sjöunda áratugnum og hinar fyrirhuguðu veiðar á þeim hafa því kallað á enn harkalegri gagnrýni hvalfriðunarsinna en hvalveiðar Japana hafa gert á síðustu árum.**

**Í þessum leiðangri á hvalamið í Suður-Kyrrahafi er áformað að veiða 50 hnúfubaka, 50 langreyðar og 935 hrefnur. Hvalveiðivertíðin stendur fram í apríl.** - aa

DANMÖRK

### Kjærsgaard hótar hörðu

Pia Kjærsgaard, leiðtogi Danska þjóðarflokksins, segir í viðtali á heimasíðu flokksins að setjist Asmaa Abdol-Hamid, varaþingmaður Einingarlistans, á þing og hafi uppi íslömsk trúarorð úr ræðustól, muni hún láta „fleygja henni á dyr“. Reyndar tekur hún fram að það sé ekki hægt. Abdol-Hamid vakti athygli í kosningabaráttunni fyrir að segjast telja danska hermenn í Írak lögmæt skotmörk skæruliða.

AFGANISTAN

### Lögreglumenn drepnir

Skæruliðar talibana pyntuðu og drápu fimm afganska lögreglumenn og hengdu síðan illa leikna líkama þeirra upp í tré í viðvörunarskyni til íbúa um að voga sér ekki að sýna Kabúlstjórninni hollustu. Er yfirvöld greindu frá fundi líkanna var jafnframt sagt að minnst 68 manns hefðu látið lífið í átökum vítt og breitt um landið um helgina. Yfir 6.000 hafa farist í átökum í landinu það sem af er þessu ári.

# Fékk níu daga til að meta Hengilssvæðið

**Skipulagsstofnun fór fram á við VSÓ ráðgjöf að haft yrði samband við Líffræðistofnun Háskóla Íslands vegna endurmats á Hengilssvæðinu. VSÓ gaf stofnuninni níu virka daga til verksins. Málamyndagjörningur, segir prófessor háskólans.**

**UMHVERFISMÁL** „Mér voru gefnir níu virkir dagar til að endurskoða niðurstöðurnar. Ég sagði þann tíma of nauman og úr því yrði aðeins málamyndagjörningur. Ég væri eftir sem áður tilbúin til samstarfs ef ég fengi lengri tíma. Við því fékk ég ekki svar,“ segir Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Líffræðistofnun Háskóla Íslands, um þann tíma sem VSÓ ráðgjöf veitti henni til að meta landslagið á Hengilssvæðinu vegna Bitruvirkjunar.

Þann 4. desember 2006 sendi Skipulagsstofnun VSÓ ráðgjöf sem sá um gerð frummatskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Hengilssvæðinu. Í bréfinu er tekið fram að fyrir liggi skýrsla Líffræðistofnunar um gildi landslags á svæðinu frá því 2002, sem keypt var af Orkuveitu Reykjavíkur. Nauðsynlegt sé að endurmeta svæðið vegna þeirra framkvæmda sem þegar hafi farið fram. Skipulagsstofnun telji að VSÓ ráðgjöf þurfi að hafa samráð við Líffræðistofnun Háskóla Íslands vegna þessa. VSÓ hafði hins vegar ekki samband við Þóru Ellen fyrr en í febrúar á þessu ári og tilkynnti að niðurstöðunum þyrfti að skila 1. mars.

Þóra Ellen segir að sér hafi þótt ljóst að verðmæti Hengilssvæðisins væri mun meira nú en þegar það var metið árið 2002. Síðan þá hefði verið gengið á lítt eða óröskuð svæði í nágrenninu, verðmæti þeirra sem eftir væru hefðu því aukist. Þá hefðu nýlegar kannanir sýnt að svæðið væri mjög vinsælt meðal ferðamanna og útivistarfólks og það talið næstverðmætasta útivistarsvæðið á suðvesturhorninu, á eftir Þingvöllum. Þá hafi einnig verið mikilvægt að gera matið yfir sumartímann.

„Við lýstum því hvað þyrfti að gera með tilliti til ábendingar Skipulagsstofnunar. Hún sendi síðan svar um að hún gæti ekki tekið þetta að sér á þessum tíma. Það voru því sérfræðingar hér hjá VSÓ sem tóku að sér landslagsmatið,“ segir Stefán Gunnar Thors, verkefnisstjóri VSÓ.

Stefán segir rétt að Þóru hafi verið gefinn skammur tími til verksins. „Þetta voru bara þau tímamörk sem við höfðum þá. Ef menn væru alvitrir og hefðu vitað hvað hefði komið til viðbótar þá hefðu þessi tímamörk ekki verið sett,“ segir Stefán. Spurður hve langan tíma sérfræðingar VSÓ hefðu tekið í verkið svarar hann: „Það tók talsvert lengri tíma en níu daga.“ Stefán segir matið sem gert var af VSÓ hafa uppfyllt allar kröfur sem gerðar voru hjá Skipulagsstofnun. karen@frettabladid.is



**HENGILSSVÆÐIÐ** VSÓ gaf Líffræðistofnun Háskóla Íslands níu daga til að meta svæðið. Verkefnisstjóri VSÓ segir að ef menn væru alvitrir hefðu þeir ekki sett þau mörk. MYND/KJARTAN PÉTUR SIGURÐSSON



**HAGSMUNIR** Þóra segir að spurning sé hvaða hagsmunir eigi að ráða þegar umhverfismat er gert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







Rússneskur sértrúarsöfnuður:

## Bíða heimsendis neðanjarðar

**RÚSSLAND, AP** Meðlimir rússnesks sértrúarsafnaðar hafa lokað sig af í neðanjarðarbyrgi og hyggjast dvelja þar uns heimsendir dynur yfir. Á meðal þeirra eru fjögur börn, það yngsta 18 mánaða.

Fólkið hefur hótað að notast við 400 lítra af bensíni til að sprengja sig í loft upp ef yfirvöld reyna að þvinga það út úr byrginu. Prestar rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar reyndu í gær að sannfæra fólkið um að yfirgefa byrgið en án árangurs. Rússneska lögreglan fylgist með ástandinu en hefur ekki uppi áform um að þvinga fólkið út. - vþ

Farsóttafréttir landlæknis:

## Óttast HIV-faraldur meðal sprautufíkla

**HEILBRIGÐISMÁL Tólf manns hafa greinst með sýkingu af völdum HIV-veirunnar á þessu ári. Sex þeirra sýktu eru fíkniefnaneytendur og veiran talin afleiðing neyslu þeirra. Fjórir þeirra sýktu eru einnig veikir af lifrarbólgu B. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Farsóttafrétta.**

**Í blaðinu kemur fram að erfitt sé að rekja smitleiðir meðal fíkniefnaneytenda en rannsókn standi yfir um þessar mundir.**

**HIV-sýking hefur verið fátíð meðal sprautufíkla hérlendis en lifrarbólga C er hins vegar algeng á meðal þeirra.**

**Ekki náðist í Harald Briem sóttvarnalækni við vinnslu fréttarinnar en í sumar greindi hann frá því að margir teldu það einungis tímaspursmál hvenær faraldur brytist út meðal þessa áhættuhóps. Ellefu manns smituðust af HIV-veirunni í fyrra.**

Fjölskyldur og forvarnir:

## Takmörk á vín í íþróttahúsum

**SVEITARSTJÓRNIR** Í kjölfar gagnrýni sem fram hefur komið á skemmtanahald í íþróttahúsum í Hafnarfirði leggur forvarnarnefnd bæjarins til ýmsar takmarkanir á vínveitingum á þessum stöðum.

„Vínveitingaleyfi í íþróttamannvirkjum er aðeins veitt vegna árshátíðar eða skemmtana eigenda mannvirkjanna og vegna leigu þeirra til lokaðra einkasamkvæma. Einnig árétta nefndirnar að á þessum lokuðu samkvæmum og skemmtunum skuli farið eftir lögum og reglum er varða aldur gesta, tóbaksvarnir og öryggismála,“ segir forvarnarnefndin í tillögu til bæjarráðs. - gar





Fyrirtækjaþjónusta

KAUPÞING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is




N1

Hjá N1 finnur þú landsins mesta úrval af bílavarahlutum og vönduð vörumerki frá viðurkenndum framleiðendum. Í verslunum okkar um land allt er fagfólk reiðubúið að veita þér alla þá aðstoð og ráðgjöf sem þú þarfnast. 3 ára ábyrgð er á varahlutum frá N1.

WWW.N1.IS

N1 – Meira í leiðinni.

## „ORÐRÉTT“

*Og hvað er hann nú gamall?*

**„Vinur minn segir mér bara til.“**

HINN NÍRÆÐI BJÖRGVIN ÓLAFSSON SEM Á NÚ BÍL Í FYRSTA SINN OG ÆTLAR ÚT AÐ AKA
Fréttablaðið 18. nóvember

*Ertu ekki frá Íslandi?*

**„En ég byrjaði frekar illa og vindurinn var aðeins að trufla mig.“**

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON KYLFINGUR
Fréttablaðið 18. nóvember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGVELDUR G. ÓLAFSDÓTTIR, FORMAÐUR VINAFÉLAGS SÍ

## *Vill endurnýjun í áhorfendahópinn*

„Það er allt hið besta að frétta. Lífið gæti einfaldlega ekki verið betra, ekki síst vegna þess að það er fullt af skemmtilegum atburðum fram undan,“ segir Ingveldur G. Ólafsdóttir, formaður Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Vinafélagið stendur fyrir málþingi í Iðnó í kvöld kl. 20 þar sem rætt verður hvað hægt er að gera til að auka endurnýjun í áhorfendahópnum sem sækir tónleika Sinfóníunnar.

Sinfóníuhljómsveitir víða erlendis hafa staðið frammi fyrir svipuðum vanda. „Sinfónían í London tók til þess ráðs að bjóða upp á tónleika þar sem hún flutti tónlist í samstarfi við vinsæla tónlistarmenn af yngri kynslóðinni og gaf það góða raun. Á málþinginu munum við ræða hvort svipaðar aðgerðir gætu haft góð áhrif á áhorfendafjöldann hérlendis, eða hvort við þurfum að leita annarra ráða.“



Á meðal þeirra sem ræða vandann á málþinginu eru útvarpskonurnar Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Berglind María Tómasdóttir og tónskáldið Atli Ingólfsson. Enn fremur mun hinn ungi hljómsveitarstjóri og tónskáld Daníel Bjarnason kynna niðurstöður umræðuhóps skipuðum ungu og hæfileikaríku tónlistarfólki.

„Ef tekið er tillit til þess mikla fjölda barna og ungmenna sem leggja stund á klassískt tónlistarnám þá verður að teljast undarlegt að fleiri þeirra skili sér ekki á tónleika hjá Sinfóníunni. Við þurfum að skoða hvað það er sem bregst í þessu tónlistarlega uppeldi. Það verður því afar spennandi að heyra hvað umræðuhópurinn hefur um þetta að segja og hvað þau leggja til að tekið verði til ráða,“ segir Ingveldur að lokum.

## VARAÞINGMENN
### SITJA SKEMMST Í TVÆR VIKUR

Varaþingmaðurinn Paul Nikolov situr nú á þingi fyrir Vinstri græna í fjarveru Árna Þórs Sigurðssonar. Þingmenn geta kallað til varamann vegna veikinda, fjarvista í opinberum erindum eða fæðingarorlofs. Þá geta þeir kallað til varamenn vegna fjarveru í einkaerindum en þá falla launagreiðslur þingmanna niður á meðan. Varaþingmaður situr aldrei skemur en í tvær vikur. Ellefu varaþingmenn hafa tekið sæti á því þingi sem nú stendur.



PAUL NIKOLOV

## SJÓNARHÓLL
LEFFER-KÚRFAN

### *Ekki heilagur sannleikur*

„Þetta er í raun og veru kenning sem í sumum tilfellum er rétt og sumum tilfellum röng,“ segir Auður Lilja Erlingsdóttir, stjórnmálafræðingur og formaður Ungra vinstri grænna um Leffer-kúrfuna, en höfundur kenningarinnar var staddur á Íslandi um helgina. „Ég tel afar varhugavert að setja hana fram sem sannleika. Í skattafræðum er mikilvægast að ríkið hafi nægar tekjur fyrir velferðarkerfið. Það þarf að áætla hvað þurfi að fá inn til að halda úti velferðarkerfinu og það getur alveg verið breytilegt. Umfram allt á skattlagning að vera sanngjörn. Ég er sátt við skattinn sem er lagður á einstaklinga í dag en það er rétt að hækka fjármagnstekjuskatt. Það hefur verið sagt að íslenskir auðmenn fari þá úr landi, en ef við berum okkur saman við önnur lönd erum við með mun lægri skattprósentu. Ég held að fjórtán prósenta skattur myndi ekki hrekja fólk úr landi. Það er ekki sanngjarnt að sumir borgi bara tíu prósent tekna sinna til ríkisins en aðrir sem fara út að vinna á hverjum degi borgi meira.



AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

# Vetrarríki á Norðurlandi

**Það er ekki um að villast, það er kominn vetur á Norðurlandi. Þessar myndir voru teknar nú um helgina og má á þeim sjá að veðrið var kalt en fagurt.**

Koma vetrarins er mönnum mismikið fagnaðarefni. Fullorðna fólkið er vísast ekki sérlega ánægt með að færðin versni, en yngsta kynslóðin fagnar því að hægt sé að leika sér á snjóþotum í brekkunum.

Brekkurnar í Hlíðarfjalli á Akureyri hafa ekki verið opnaðar þar sem snjó hefur ekki fest þrátt fyrir kuldann.

Reyndar eru skíðaæfingar íþróttafélaganna hafnar efst í fjallinu, en snjó vantar neðar og því þarf almenningur að bíða þess eilítið að geta skellt sér á skíði.

Meðal nýjunga í Hlíðarfjalli í vetur er aukin flóðlýsing í skíða- og göngubrautum og áframhaldandi uppbygging á snjóbrettagarði.

Víða voru hálkublettir á vegum fyrir norðan í gær og sums staðar krap eða snjór. Þó var fært um flesta vegi, en Vegagerðin ráðlagði vegfarendum að fara að öllu með gát. vigdis@frettabladid.is



**HESTAR Í KÖLDU VEÐRI** Það getur verið erfitt að finna sér eitthvað ætilegt þegar jörð er frosin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9025 - Actavis 708003

**Paratabs®**
*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu




**LEIKIÐ Í SNJÓNUM** Þær Teresa Regína, Jóhanna Björg og Berglind Rós tóku vetrinum fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



**TÍÐIN RÆDD** Þeir Grétar Hrafnsson og Birgir Einarsson voru vel búnir til þess að takast á við kuldann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



**VETRARFEGURÐ** Akureyrarkirkja er fallega upplýst og nýtur sín vel í skammdeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# NÁKVÆMUR






TOYOTA
TONERO

Toyota Tonero er dísillyftari og nýjasta afkvæmið í Toyota lyftarafjölskyldunni. Vinsælasti lyftarinn okkar hefur verið uppfærður og er nú orðinn enn nákvæmari. Með fullkomnum stjórn- og öryggisbúnaði fer Tonero afar varlega með viðkvæmar vörur og hjálpar þér þannig að meðhöndla dýrmætan varning á öruggari hátt en áður. Hafðu samband við okkur og við munum með ánægju veita þér nánari upplýsingar um Toyota Tonero.

TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT BT

THM Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is

TOYOTA
MATERIAL HANDLING

## Svona erum við

> Mannfjöldi á Íslandi 2015 - 2045




HEIMILD: MANNFJÖLDASPÁ HAGSTOFU ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÓPÍUMFRAMLEIÐSLA Í AFGANISTAN

# *Eiturlyfjaútflutningur eykst stöðugt*

Tekjur þær sem Afganar hafa af ópíumrækt og heróínútflutningi samsvara rúmlega helmingi af löglegri landsframleiðslu Afganistans. Þetta kemur fram í nýjustu skýrslu þeirrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna sem sinnir eftirliti með eiturlyfja- og glæpastarfsemi í heiminum, UNODC. Samkvæmt skýrslunni, sem var kynnt á ráðstefnu í Brussel á föstudag, nemur heildarverðmæti ópíumafurða (morfíns og heróíns) sem fluttar hafa verið út frá Afganistan á þessu ári um fjórum milljörðum Bandaríkjadala, andvirði yfir 240 milljarða króna. Það mun vera 29 prósenta aukning frá árinu 2006.

**Hvers vegna ópíum?**
Heróín, eitt mest fíknivaldandi eiturlyf sem til er, er framleitt úr ópíumplöntunni. Hún vex best í suðrænu loftslagi. Eftir að heróín varð „vinsælt“ eiturlyf á Vesturlöndum fyrir 30-40 árum var ópíumframleiðslan mest í Suðaustur-Asíu, einkum í Búrma þar sem stríðsherra nokkur gerði það að aðaltekjulind sinni sem hann fjármagnaði eigin einkaher með. Þegar herforingjastjórnin í Búrma náði yfirhöndinni og samdi við ópíumstríðsherrann færðist framleiðslan til og skaut meðal annars rótum í Afganistan.



**Fjármögnun skæruhernaðar?**
Stríðsherrar í Afganistan fundu sér drjúga tekjuleið með því að taka upp ópíumrækt og heróínframleiðslu, sem ekkert ríkisvald var fært um að hafa eftirlit með, hvað þá stöðva. Þegar talibanar náðu völdum í mestöllu Afganistan seint á tíunda áratugnum skáru þeir upp herör gegn ópíumræktinni og voru nánast búnir að uppræta hana þegar þeir voru hraktir frá völdum í innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra síðla árs 2001. Stjórn Hamids Karzai forseta, sem kjörin var til valda í skjóli erlenda herliðsins, hefur ekki reynst fær um að ná neinni stjórn á ópíumræktinni og hún hefur aukist hröðum skrefum ár frá ári. Eiturlyfjaframleiðslan og -smyglið er nú orðin aðaltekjulind talibana, sem fjármagna með því skæruhernað sinn gegn fjölþjóðaherliðinu og Kabúlstjórninni.

**SPURT & SVARAÐ**
**JÓNAS HALLGRÍMSSON**

## *Jónas væri á Grand Rokk*

Tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar hinn 16. nóvember og var skáldsins og náttúrufræðingsins minnst með margvíslegum hætti. En hvað er svona merkilegt við Jónas? Mörður Árnason er íslenskufræðingur.



**MÖRÐUR ÁRNASON** Íslenskufræðingur

**Hvers vegna minntist fólk Jónasar með jafnveglegum hætti?**
Ég held að flestir bókmenntamenn og ljóðaunnendur myndu hafa hann á topp tíu listanum, sennilega flestir á topp fimm. Jónas var baráttumaður fyrir fullvalda Íslandi og endurreisn íslenskrar tungu, hafði feikileg áhrif á nýsköpun tungumálsins, var frumlegur, jafnvel framúrstefnumaður í bókmenntum á sínum tíma og svo var hann einn fyrsti náttúrufræðingur okkar.

**Hvað heldur þú að Jónas hefði gert í tilefni dagsins?**
Maður spyr sig að því hvort Jónas hefði ekki bara farið út á krá í stað þess að hlusta á uppskrúfuð ræðuhöld. Jónas var mikill grallari sem gerði óspart grín að hátíðlegu athæfi. Ætli hann hefði því ekki bara farið á Grand Rokk og setið þetta af sér.




# Landnáma aldrei úrslitaröksemd

**Sagnfræðingar og lögfræðingar eru ekki sammála um áreiðanleika Landnámu, en efni bókarinnar er reglulega rakið í dómum hæstaréttar. Óbyggðanefnd vísar í Landnámu í úrskurðum sínum þar sem það á við, en varaformaður nefndarinnar segir enga meðvitaða afstöðu hafa verið tekna til bókarinnar.**



**HVANNADALSHNÚKUR** Hæstiréttur hefur meðal annars metið gróðurfar á svæðum sem deilt er um hvort séu eignarlönd eða þjóðlendur, en þeirri aðferðafræði hafnar óbyggðanefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sagnfræðingar hafa áratugum saman verið ósammála um áreiðanleika Landnámu sem heimildar um landnám og landnámsmenn, enda þau eintök sem til eru af bókinni skrifuð um fjórum öldum eftir að land var numið. Einar G. Pétursson, prófessor á Árnastofnun, sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að það væri algerlega ótækt að Hæstiréttur grundvallaði dóma sína á Landnámu.

Afstaða lögfræðinga virðist endurspeglast ágætlega í orðum Sigurðar Líndal lagaprófessors, sem jafnframt er menntaður sagnfræðingur. Hann segir að þó að sagnfræðingar deili um heimildargildi Landnámu sé bókin ekki ónothæf fyrir lögmenn og Hæstarétt. Þó verði að gæta þess að alhæfa ekki út frá því sem þar komi fram og meta hvert tilfelli fyrir sig.

„Ef áreiðanleg skjöl veita sterka vísbendingu um tiltekna eignarheimild gæti Landnáma, ef hún bendir í sömu átt, orðið til að styrkja þá röksemd og renna frekari stoðum undir hana,“ segir Sigurður. „En ég myndi ekki nota Landnámu sem úrslitaröksemd.“

### Landamerki ekki skýr

Þeir lögmenn sem rætt var við kannast raunar ekki við að hæstiréttur hafi notað Landnámu sem úrslitaröksemd í dómum sínum.

Í fjórum nýjum hæstaréttardómum kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að landsvæði séu eignarlönd jafnvel þótt ekki sé fjallað ítarlega um landamerki á svæðinu í Landnámu.

Dómurinn vísar þar með til landnáms í dómum sínum, og notar með öðrum atriðum sem rök fyrir þeirri niðurstöðu að löndin séu eignarlönd. Það virðist því skipta máli hvar landið er og hverjar líkurnar eru á að það hafi verið numið, jafnvel þótt Landnáma sé ekki skýr.

### Engin afstaða til heimildargildis

Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og varaformaður óbyggðanefndar, hefur rannsakað notkun hæstaréttar á Landnámu og skrifaði grein um málið árið 2006. Þar kemst hann meðal annars að þeirri niðurstöðu að engin meðvituð afstaða hafi verið tekin til heimildargildis Landnámu í lögfræði.

Af dómum Hæstaréttar má ráða að Landnáma hafi verið lögð nokkuð fyrirvaralaust til grundvallar sem heimild um stofnun einkaréttar á landi hérlendis, að því er segir í grein Karls. Hann vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið til að gera sig ekki vanhæfan í störfum fyrir óbyggðanefnd.

Fjallað er um sönnunargildi Landnámu í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, og tekið fram að heimildargildi Landnámu sé „umdeilt meðal fræðimanna“.

Þar er meðal annars vísað til kenninga sagnfræðinga þess efnis að með ritun Landnámu hafi ætlunin verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, og undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir og fleira.

Einnig er vísað til þeirra sem hafa haldið því fram að frásagnir Landnámu „eigi lítið skylt við sögulegan veruleika“. Þannig hafi tilgangur með ritun bókarinnar verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingja sem þeir töldu sig eiga þegar Landnáma var rituð.

### ÓÞARFI AÐ RANNSAKA GÖMUL SKJÖL

Ekki þótti rétt að verja mánuðum eða árum í að rannsaka gömul óútgefin skjöl á Árnastofnun í starfi óbyggðanefndar, enda litlar líkur á að upplýsingar sem þar leyndust kæmu að gagni við störf nefndarinnar.

Þetta kemur fram í umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings sem unnin var vegna athugasemda Einars G. Péturssonar, rannsóknarprófessors á Árnastofnun, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í síðustu viku.

Einar sagði þúsundir skjala á Árnastofnun sem nefndin hefði ekki skoðað og gætu stutt eða kollvarpað kröfum ríkis og landeigenda í deilum um þjóðlendur. Einar hefur áður látið þessa skoðun sína í ljós og fékk óbyggðanefnd Gunnar því til að vinna umsögn um þau skjöl sem Einar minnist á.

Um sjö þúsund skjöl lík þeim sem Einar segir ekki hafa verið könnuð eru til og segir í umsögn Gunnars að um fimm sjöttu hlutar þeirra hafi verið gefnir út og því kannaðir. Líklega séu því skjölin sem ekki var leitað í aðeins um 1.200 talsins.

Gunnar segir að í einungis fimm prósentum þeirra skjala sem rannsökuð hafi verið sé vikið að landamerkjum og engin ástæða til að ætla að hlutfallið sé annað í ólesnu skjölunum, sem séu sambærileg. Miðað við þetta gætu um 60 skjöl með landamerkjaupplýsingum fundist í skjalasafninu ólesna.

Gunnar telur vegna þessa að tíma óbyggðanefndar hafi betur verið varið til þess að skoða skjalaflokka þar sem meiri líkur voru á að fyndust með góðu móti fornar heimildir, enda hafi nefndinni verið ætlaður takmarkaður tími til að ljúka störfum.



SIGURÐUR LÍNDAL



KARL AXELSSON

Hæstiréttur hefur notað lýsingar Landnámu sem forsendur dóma, en ekki þó án þess að önnur gögn styðji það sem þar kemur fram. Dómurinn hefur einnig litið til þess hvernig aðstæður eru á hverju svæði fyrir sig, hvernig gróðurfarið er og fjarlægðir.

Í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar er tekið fram að lýsingar Landnámu á landnámi geti skipt máli við mat á landamerkjum. Þar með er því ekki haldið fram að það séu rök gegn því að ákveðnar jarðir séu eignarlönd sé ekki minnst á nám þeirra í Landnámu.

### Byggir ekki á gróðurfari

Óbyggðanefnd tekur sjálf ekki afstöðu til ágreinings sagnfræðinga um trúverðugleika Landnámu sem heimildar um landnám, segir í grein Karls Axelssonar. Þó byggir nefndin að einhverju leyti á frásögnum Landnámu.

Andstætt því sem dómstólar hafa byggt á telur óbyggðanefnd þó ekki á því byggjandi hvernig gróðurfar er á umdeildum landsvæðum í dag, enda getur það verið mjög breytt frá því sem var um landnám.

### LANDNÁMSBÓK



Landnáma lýsir landnámi Íslands og er með lista yfir um 430 landnámsmenn og yfir 1.500 örnefni. Elstu varðveittu gerðirnar eru frá um 1300, um fjórum öldum eftir þá atburði sem lýst er í bókinni, en upphaflega var bókin líklega skrifuð um 1100.

Í hugleiðingu Karls í lok greinar hans segir að lögfræðingar verði að taka afstöðu í álitaefnum og komast að niðurstöðu, ekki sé hægt að láta eftir sér þann munað sagnfræðinganna að halda áfram að velta vöngum yfir trúverðugleika Landnámu.

Þrátt fyrir að sagnfræðingar séu ósammála um gildi Landnámu verður hún líklega notuð áfram sem ein röksemda dómstóla og óbyggðanefndar. Eins og Sigurður Líndal bendir á er þó mikilvægt að meta hvert einstakt tilvik, og nota þessa heimild eins og aðrar með stuðningi frá áreiðanlegri gögnum.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

# VIÐ ERUM FLUTT Í KLETTAGARÐA 12

Johan Rönning hf. hefur flutt höfuðstöðvar sínar ásamt fagverslun rafiðnaðarmanna í Klettagarða 12.







PIPAR • SÍA • 72105

**REYKJAVÍK** • Klettagörðum 12 • sími 520 0800 • www.ronning.is

**AKUREYRI** **REYÐARFJÖRÐUR** **REYKJANESBÆR** **SELFOSS**

JOHAN RÖNNING

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hrottalegar nauðganir vekja óhug.

## Tryggja verður frelsi kvenna

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það sem af er þessu ári hafa níu konur leitað til neyðarmóttöku vegna nauðgana eftir að á þær var ráðist utandyra. Í sex tilvikum voru konurnar í miðbæ Reykjavíkur. Um síðustu helgi leituðu fimm konur hjálpar vegna kynferðislegs ofbeldis. Tveimur konum var nauðgað á götum Reykjavíkur eftir að hafa yfirgefið skemmtistaði. Í öðru tilvikinu voru tveir menn að verki og samkvæmt frásögn Fréttablaðsins hlógu þeir að fórnarlambi sínu á meðan og eftir að þeir nauðguðu henni.

Fréttir af þessum atburðum lýsa ekki nýjum veruleika á Íslandi. Í febrúar á þessu ári var konu nauðgað í húsasundi við Vesturgötu í Reykjavík og í mars þvingaði maður konu til kynmaka á salerni Hótel Sögu. Í október á síðasta ári var stúlku nauðgað af tveimur karlmönnum í húsasundi nærri Menntaskólanum í Reykjavík. Í sama mánuði var annarri stúlku nauðgað við Þjóðleikhúsið.

Hins vegar hefur verið velt upp þeirri spurningu hvort hrottalegri nauðganir megi að einhverju leyti rekja til fjölgunar útlendinga hér á landi. Það er réttmæt spurning sem fólk vill fá svar við. Sex útlendingar tengjast þremur nauðgunum sem áttu sér stað fyrir viku. Umræðan sem slík á ekki að ýta undir fordóma. Fordómar þrífast helst í fáfræði og upplýsingar eru nauðsynlegar til að fyrirbyggja ástæðulausan ótta.

Í frétt Sigríðar Hagalín Björnsdóttur á RÚV kom fram að erlendir ríkisborgarar voru tólf prósent þeirra sem voru kærðir til lögreglu fyrir kynferðisbrot í fyrra. Hlutfallið hækkaði um tvö prósent frá fyrra ári. Á sama tíma fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Íslandi um 2,5 prósent. Kynferðisbrotum útlendinga hefur því fækkað hlutfallslega.

Tölfræðin skiptir samt litlu máli fyrir fórnarlömb nauðgara. Íslenskir karlmenn nauðga eins og erlendir. Og flestar nauðganir eiga sér stað í heimahúsum en ekki á götum úti. Við verðum að finna leiðir til að fækka þessum ofbeldisglæpum og tryggja öryggi kvenna. Lokun landamæra eða harðari refsingar eru ekki endilega árangursríkustu leiðirnar.

Öflug löggæsla, réttlátt dómskerfi og gott stuðningsnet fórnarlamba nauðgana er auðvitað nauðsynlegt. Vafalaust má gera margt betur til að auðvelda konum að kæra og sækja menn til saka. Of fá nauðgunarmál enda á sakfellingu.

En við verðum líka að finna leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldið. Aukin umræða og virðing fyrir einstaklingnum skiptir máli. Það er hægt að draga þá ályktun að barátta karlahóps femínistafélagsins, gegn nauðgunum karla, hafi borið árangur. Til dæmis var engin nauðgun tilkynnt um síðustu verslunarmannahelgi.

Einnig er mikilvægt að átta sig á því að baráttan gegn nauðgunum er ekki mál kvenna heldur líka karla. Þetta er barátta gegn ofbeldi og fyrir frelsi einstaklingsins. Frelsi kvenna til að ganga öruggar um götur, skemmta sér óáreittar og bjóða fólki heim án þess að eiga það á hættu að á þær sé ráðist.

Í þessari baráttu berum við öll ábyrgð og það er engin málamiðlun til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Staðreyndum haldið til haga

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur á föstudag. Dagurinn á rætur að rekja til ársins 1995 þegar Björn Bjarnason, sem þá var menntamálaráðherra, lagði til að 16. nóvember, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði helgaður íslenskunni. Björn má vera stoltur af þessu framlagi sínu til íslenskrar málverndar og af ræktarsemi við söguna heldur hann þessari staðreynd vel til haga. Miðvikudaginn 16. nóvember 2005 reit hann á heimasíðu sína: „Dagur íslenskrar tungu! Ánægjulegt að hann hefur þróast á þann veg, sem ég vildi, þegar ég lagði til í ríkisstjórn á sínum tíma, að afmælisdagur Jónasar Hallgrímssonar yrði helgaður íslenskri tungu."



### Og áfram

Ári síðar skrifar Björn aftur um dag íslenskrar tungu: „Hér á síðunni má lesa um það, þegar hann var haldinn í fyrsta sinn og tildrög þess að tillögu minni sem menntamálaráðherra." Og á föstudag mátti lesa á heimasíðu ráðherrans: „Ég lagði fram tillögu um að halda afmælisdag Jónasar Hallgrímssonar hátíðlegan sem dag íslenskrar tungu í ríkisstjórn 1995." Það er lítil hætta á að tilurð dagsins falli í gleymsku svo lengi sem Björn bloggar.



### Alltaf sömu gestirnir

Egill Helgason, sjónvarpsmaður ársins, skrifaði um steggjaveislu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á dögunum og þótti hún klén. „Menn verða að fá að skemmta sér. Með sínum hætti. En þetta er svolítið eins og í síðkvöldsboðunum hjá Stalín. Alltaf sömu gestirnir." Til að bíta höfuðið af skömminni bauð Jón Ásgeir vinum sínum úr steggjaveislunni líka í brúðkaup sitt! Nú skal ósagt látið hvort spjallþáttastjórnandinn velji gesti í matarboð sín og mannfagnaði með slembiúrtaki úr símaskránni en það væri ofsagt að gestavalið í sunnudagsþætti hans einkenndist af mikilli nýjungagirni.

bergsteinn@frettabladid.is

## Aukið framboð – hærra verð?



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Húsnæðisverð

Fyrir allmörgum árum var hlegið hátt og samtaka yfir ummælum Steingríms Hermannssonar sem mig minnir að hafi verið þess efnis að hér á Íslandi giltu ekki sömu efnahagslögmál og í öðrum vestrænum löndum. Ummælin þóttu sérlega átakanleg-ur vitnisburður um skilningsleysi íslenskra stjórnmálamanna á algildi borgaralegrar hagfræði, og sífellda viðleitni þeirra til að grípa frammí fyrir hinni ósýnilegu hönd sem allt færir til betri vegar fái hún að starfa óáreitt; ummælin þóttu sýna betur en margt annað hvers vegna baráttan við verðbólguna gengi jafn illa og raun bæri vitni.

Skammirnar um verðbólguna voru ómaklegar. Eins og aðrir stjórnmálamenn var Steingrímur öllum stundum að bisa við að reyna að ráða niðurlögum verðbólgunnar og um síðir átti hann drjúgan hlut að því að rjúfa vítahringinn í hinni prýðilegu stjórn Framsóknar, Krata og Allaballa sem greiddi fyrir Þjóðarsáttinni og inngöngunni í EES. Leiðtogarnir afhentu svo Davíð árangurinn og gerðust sendiherrar og bankastjórar – og forseti.

### Blokk á hvern íbúa

En sum sé: ummæli Steingríms um önnur efnahagslögmál hér á landi en annars staðar í Evrópu þóttu óvenju bjánaleg. En vill þá einhver af aðhlæjendum hans vera svo vænn að útskýra hvaða algildu hagfræðilögmál séu að verki hér á húsnæðismarkaðnum? Sjálfur er ég valinkunnur asni í peningamálum og skil ekki þá æðri hagfræði sem liggur að baki því ástandi sem gæti með sama áframhaldi hrakið ungt fólk úr landi.

Það er byggt sem aldrei fyrr. Íslendingar eru hópsálir sem fyrr og nýjasta æðið virðist vera að koma sér upp sinni eigin blokk.

Og það þarf að ná upp í kostnað við að byggja þetta og eftir því sem færri spyrjast fyrir um eignina þá hækkar hún í verði.

Fréttir berast af því að húsnæði standi tómt um allt höfuðborgarsvæðið og því tómara sem fjær sé farið borgarmiðjunni og hver eru þá viðbrögð markaðarins? Hvað gerir hin ósýnilega hönd sem allt færir til betri vegar þegar hún fær að starfa óáreitt?

Hún nær sér í hamar og fer að byggja fleiri tóm hús. Akkúrat það sem vantaði.

Hvert sem litið er blasa við kranar og tómlegar blokkir. Höfuðborgarsvæðið er fullt af tómu húsnæði en hvarvetna kveða við hamarshöggin – hvarvetna er verið að byggja. Og hvaða afleiðingar skyldi þessi þrotlausa byggingarstarfsemi hafa? Lækkar ekki verðið? Nei: það hækkar. Eftir því sem meira stendur af tómu húsnæði hækkar verðið. Lögmálið um framboð og eftirspurn virðist hér á húsnæðismarkaði vera þetta: Aukið framboð + minnkandi eftirspurn = hærra verð.

### Er ljótt að kaupa leikföng?

Velgengni íslenskra banka á erlendri grund væri okkur öllum meira fagnaðarefni – og við værum jafnvel hugsanlega jafn stolt af útrásargosunum og Björk, Eiði Smára og Arnaldi – ef við hefðum ekki almennt þessa nagandi tilfinningu um að við værum að borga brúsann, og að bankarnir bæru drjúga ábyrgð á þessu afkáralega ástandi í blóra við öll viðurkennd hagfræðilögmál. Óháðir hagfræðingar hafa sýnt fram að að hér er meiri vaxtamunur en víðast hvar á byggðu bóli, svo bankarnir okra augsýnilega á almenningi – og hinar yfirgengilegu vaxtaákvarðanir Seðlabankans styðjast ekki við sterkari rök en þau að röð hafi myndast við einhverja leikfangabúð sem mér heyrðist heita Tossarass og opnaði með ógurlegum tilboðum: en sýndi ekki röðin einmitt ráðdeildarsemi og hagsýni fólksins sem þarna var að krækja sér í ódýrar jólagjafir handa börnunum?

Ádrepa Seðlabankastjóra um röðina við dótabúðina (á honum var að skilja að hann héldi að fólk ætlaði sjálft að leika sér að dótinu) sýnir að hvað sem líður tali um ósýnilega hönd er okkur stjórnað sem löngum fyrr af mönnum sem líta fyrst og fremst á okkur sem fákæn börn sem fari sér að voða ef ekki er passað upp á að hafa fjármagn óhemju dýrt. Gallinn er bara sá eins og margoft hefur komið fram að þessir óhófsvextir bitna ekkert á þeim sem reisa draugablokkirnar og þenja hagkerfið með alls konar vitleysu: þeir verða sér úti um peninga annars staðar. Þetta bitnar á almenningi sem bankarnir ginntu til sín en hvolfa sér nú yfir til að mergsjúga – þessum sama almenningi og er nú skammaður fyrir að standa í röð eftir ódýrum jólagjöfum. Fyrir vikið getur ungt fólk ekki komið þaki yfir höfuðið. Hér gætu fyrr en varir upphafist nýir og stórfelldir fólksflutningar eins og til Ameríku á 19. öldinni. Við gætum misst unga fólkið okkar.

## Ekki sátt um málefni aldraðra

**UMRÆÐAN**

Kjör aldraðra



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Innan Samfylkingarinnar starfa samtökin 60+, sem vinna að bættum kjörum aldraðra. Gott samstarf hefur verið í stjórninni undanfarin ár. Eftir að ríkisstjórnin var mynduð fékk formaður 60+, Ellert Schram, þá hugmynd að hafa samband við Samtök eldri sjálfstæðismanna til þess að athuga hvort unnt væri sameiginlega að þrýsta á kjarabætur fyrir aldraða. Ellert Schram og Ásgeir Jóhannesson höfu viðræður við eldri sjálfstæðismenn og komu þeir með vinnuplagg á fund 60+. Miklar athugasemdir voru gerðar við vinnuplaggið og samþykktar breytingar á því hjá 60+.

Það sem vakti athygli mína var að í vinnuplagginu var ekkert minnst á hækkun lífeyris aldraðra frá Tryggingastofnun. Aðeins var talað um 25 þúsund króna lágmarkslífeyri til allra frá lífeyrissjóði. Það var tillaga sem samþykkt var á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. En Samfylkingin lagði áherslu á það í alþingiskosningunum að lífeyrir aldraðra frá TR yrði leiðréttur og hækkaður í áföngum í 210 þúsund krónur. Þetta þýðir 84 þúsund króna hækkun á mánuði. 60+ samþykkti þessa leiðréttingu og að fyrsti áfangi hennar ætti að koma til framkvæmda fyrir áramót. En til samkomulags við eldri sjálfstæðismenn samþykkti 60+ þá breytingu á vinnuplagginu að lífeyrir frá Tryggingastofnun og frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna ætti að hækka strax um 25 þúsund á mánuði. Í þingkosningunum var það baráttumál Samfylkingarinnar að frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna og atvinnutekna yrði 100 þúsund á mánuði. Einnig voru gerðar athugasemdir og breytingar við hugmyndir um einkaframkvæmd í byggingu hjúkrunarheimila og stofnana fyrir aldraða.

En það næsta sem gerðist í þessum málum var það að vinnuplaggið birtist óbreytt í fjölmiðlum. Engar af þeim breytingum sem 60+ gerði á vinnuplagginu sáust þar. Formaður 60+ tjáði mér að vinnuplaggið hefði verið birt fyrir mistök án breytinga. En engin leiðrétting hefur birst á þessu.

Í vinnuplagi eldri sjálfstæðismanna og 60+ eru mörg góð atriði varðandi afnám skerðinga og hækkun skattleysismarka. En það vantar betri ákvæði um hækkun lífeyris aldraðra. Samfylkingin leggur áherslu á að lífeyrir dugi til framfærslu og vísar í því sambandi í mat Hagstofu Íslands á neysluútgjöldum. Stefnu hennar á að framfylgja strax, ekki síðar. Lífeyrir aldraðra frá Tryggingastofnun er skammarlega lágur. Það er ekki eftir neinu að bíða.

*Höfundur situr í stjórn 60+.*

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám vorið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select · Microsoft Certified Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900 staðgr.
Kennt má./mi./fö. 9:00-12:30 og á kvöldin.

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klukkustundir.
**Verð**: 59.900

### Skrifstofubraut



Við bjóðum þér tvær frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

**► Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

**► Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Hægt er að velja um kvöld- eða morgunnám á hvorri námsleið skrifstofubrautar.*

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

### Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

**► Hagnýt verkefnastjórnun**

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefna-stjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst.
**Verð**: 89.900

**► PRINCE2 verkefnastjórnun**

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst.
**Verð**: 49.900

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

### Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**● Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**● Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

**● Word**

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**● Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**● MCSA og MCP nám**

MCP netumsjón • *121 stund/verð 159.900*
MCSA netstjórnun • *242 stundir/verð 309.900*
MCSA netstjórnun 1. hluti • *121 stund/verð 169.900*
MCSA netstjórnun 2. hluti • 121 stund/169.900

**● PowerPoint**

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 8 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**● Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

**● Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**● Vefsíðugerð**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**● Myndvinnsla og grafík**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 29.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

**● Windows**

Windows framhaldsnámskeið • *9 st./verð 12.900*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

www.tv.is

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi** · Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# Þýskur her velkominn?

UMRÆÐAN
Varnarmál

Í vor fóru fram könnunarviðræður milli íslenskra stjórnvalda og sendinefndar háttsettra embættismanna úr ráðuneytum utanríkis- og varnarmála Þýskalands um „möguleika á efldu samstarfi landanna á sviði öryggis- og varnarmála“ eins og segir í Fréttablaðinu 19. maí sl.

Í blaðinu sagði enn fremur að þýski herinn vilji taka þátt í heræfingum hér á landi – Keflavíkurflugvöllur bjóði upp á góða æfingaaðstöðu.

Boðaðar voru framhaldsviðræður í haust. Þær fóru fram í Berlín 6. nóv. sl.

Hvernig stendur á þessum viðræðum? Þurfa Íslendingar að leita til Þjóðverja um aðstoð í varnarmálum? Telja þýsk stjórnvöld það skyldu sína að verja Ísland? Eða býr eitthvað annað undir? Skyldi það vera að þýski herinn hafi áhuga á því að hreiðra um sig á Íslandi?


INGIMAR JÓNSSON

Í nefndri umfjöllun Fréttablaðsins hefur það eftir fulltrúa í þýska varnarmálaráðuneytinu að þýsk hermálayfirvöld telji „að þótt friðvænlegt væri á Norður-Atlantshafssvæðinu væri það hernaðarlega mikilvægt, vegna olíu- og gasauðlinda í Norðurhöfum og hernaðarumsvifa Rússa. Þess vegna væru þýsk yfirvöld áhugasöm um að liðsmenn þýska hersins hlytu þjálfun í að taka þátt í aðgerðum á svæðinu“. Einnig segir í sömu frétt að ef herinn fengi aðstöðu hér á landi gætu þýsk herskip „til dæmis valið að leggja í auknum mæli leið sína um íslenska lögsögu á leið vestur um haf“.

Af þessu tali fulltrúans í þýska varnarmálaráðuneytinu má nokkuð ljóst vera að það er þýski herinn sem lítur Ísland hýru auga. Það væri líka í samræmi við hlutverk hans.

Á síðustu árum hefur þýski herinn tekið stakkaskiptum. Hann er ekki lengur varnarher, eins og hann var eitt sinn sagður vera, heldur her sem skal vera tilbúinn til aðgerða hvenær sem er og hvar sem er í heiminum. Vígbúnaður hans tekur mið af þessu hlutverki. Allt frá árinu 1990 hefur hann tekið þátt í stríðsátökum, beint eða óbeint. Árið 1999 stóð hann að innrásinni í Júgóslavíu. Varpaði sprengjum á Belgrad. Með ýmsu móti hafa Þjóðverjar stutt stríð Bandaríkjamanna í Írak. Í Afganistan hafa þýskir hermenn herjað um skeið.

Þýsk stjórnvöld réttlæta viðveru og aðgerðir þýska hersins erlendis með því að hann sé að berjast gegn hryðjuverkum eða sinna friðargæslu. Það er vissulega rétt í mörgum tilfellum en meginhlutverk hans er að vernda og styrkja þýska hagsmuni hvar sem er á hnettinum. Meðal annars með því að tryggja viðskipti, samgöngur og aðgang að auðlindum.

*Af þessu tali fulltrúans í þýska varnarmálaráðuneytinu má nokkuð ljóst vera að það er þýski herinn sem lítur Ísland hýru auga. Það væri líka í samræmi við hlutverk hans.*

Hann hefur því víða komið sér fyrir. Þetta árið hafa um 7.000 þýskir hermenn tekið þátt í aðgerðum, m.a. í Bosníu og Herzegovinu, Súdan, Líbanon, Kosovo, Georgíu, Eþíópíu, Eritreu og Usbekistan, fyrir utan Afganistan og Írak. (sjá nánar á heimasíðu þýska hersins: www.bundeswehr.de). Hafa verður einnig í huga að Þýskaland er mikill vopnaframleiðandi. Græðir gífurlega fjármuni á vopnasölu til margra landa. Víst er að á næstu árum ætla þýskir vopnaframleiðendur sér stærri hlut í sölu vopna en hingað til, einir sér eða í samvinnu við vopnaframleiðendur í öðrum vestrænum ríkjum Evrópu. Nærvera þýska hersins á átakasvæðum eykur sölumöguleikana.

Þær viðræður sem staðið hafa yfir milli þýskra og íslenskra stjórnvalda undanfarið minna á tilraunir Þjóðverja á árinu 1939 til að koma á flugsamgöngum milli Hitler-Þýskalands og Íslands. Íslenska ríkisstjórnin hafnaði tilmælum Þjóðverja. Þótti það vel af sér vikið. Nú eru allar líkur á því að þýski herinn fái þá aðstöðu á Íslandi sem honum henta þykir. Verður hann boðinn velkominn?

*Höfundur er rithöfundur og íþróttafræðingur.*

# Náttúruvænn miðbær

UMRÆÐAN
Skipulagsmál á Álftanesi


KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Bæjaryfirvöld á Álftanesi eru nú að leggja lokahönd á nýtt deiliskipulag miðsvæðisins. Skipulagið er talsvert ólíkt því sem áður hafði verið rádgert. Helstu breytingarnar felast í gatnakerfinu, bílastæðum sem verða neðanjarðar og að gert er ráð fyrir margfalt meiru atvinnuhúsnæði en áður var áformað. Bæjarstjórn efndi til arkitektasamkeppni um skipulag þessa svæðis sem er hjarta bæjarins.

Dómnefnd, sem skipuð var til að vinna úr þeim tillögum sem bárust, komst að þeirri niðurstöðu að tillaga Guðna Tyrfingssonar og Auðar Alfreðsdóttur, eigenda arkitektastofunnar GASSA, skaraði fram úr öðrum tillögum. Þau hjónin hafa síðan útfært og þróað vinningstillöguna þannig að hún falli sem best að byggðinni sem fyrir er og þjóni framtíðarþörfum samfélagsins sem allra best. Þau hafa fellt út hluta Breiðamýrar enda telja sérfræðingar í umferðarmálum að óþarft sé að hafa tvær tengigötur hlið við hlið. Þannig mótast byggðin nú í samfellu til vesturs og gatnamótum á Suðurnesvegi fækkar sem eykur umferðaröryggi til muna.

*Án efa vildu margir Álftnesingar hafa túnin og móana ósnerta en með samningum á síðasta kjörtímabili og slakri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins er sá möguleiki ekki í boði.*

**Uppbygging atvinnulífs**

Ein stærsta breytingin sem nýja skipulagið felur í sér er að gert er ráð fyrir markvissri uppbyggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og þannig mun atvinnutækifærum innansveitar fjölga svo um munar. Það sem meira er, það hefur þegar tekist að tryggja byggingu á öllu þessu húsnæði. Í stjórnartíð fyrri meirihluta voru gerðar ráðstafanir sem sveitarfélagið er bundið af, þ.e. samningar við verktaka um íbúðarhúsabyggð á stórum hluta miðsvæðisins. Á þeim hluta er lítið svigrúm til breytinga.

Verið er að skoða möguleika á að byggja ráðstefnuhótel í tengslum við umhverfis- og menningarmiðstöð sem áformað er að rísi sunnan Suðurnesvegar. Sú bygging yrði mikill búhnykkur fyrir sveitarfélagið með aukinni og fjölbreyttri atvinnustarfsemi.

Tryggir þessi framkvæmd bætta fjárhagsstöðu sveitarfélagsins en Álftanes hefur síðustu ár verið í hópi skuldugustu sveitarfélaga landsins miðað við íbúafjölda og er nú í sjöunda sæti. Með slíkri uppbyggingu gæti sveitarfélagið boðið íbúum betri þjónustu og lækkað álögur til muna. Miðað við gefnar forsendur eru nettótekjur sveitarfélagsins m.v. fermetra af atvinnuhúsnæði um 15 sinnum meiri en af íbúðarhúsnæði. Hvort af þessari uppbyggingu verður ræðst af vilja íbúanna og því hvort samningar ganga eftir.

**Sátt um miðsvæðið**

Gangi áætlanir eftir munu framkvæmdir á miðsvæðinu hefjast næsta vor.

Án efa vildu margir Álftnesingar hafa túnin og móana ósnerta en með samningum á síðasta kjörtímabili og slakri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins er sá möguleiki ekki í boði.

Bæjarstjórn vonar og væntir þess að sátt muni ríkja um nýja skipulagið.

Afmarkaður hópur bæjarbúa hefur gagnrýnt einstök atriði skipulagsins án þess þó að koma fram með aðrar tillögur. Við sem stýrum sveitarfélaginu teljum að hér sé komið fram skipulag sem uppfyllir almannahagsmuni okkar sveitunganna og verði sveitarfélaginu til mikils sóma. Skipulag miðsvæðisins á Álftanesi er einstakt hvað það varðar að stærsti hluti bílastæða verður neðanjarðar og gert er ráð fyrir opnum svæðum fyrir almenning. Grænni gerast miðbæirnir nú ekki.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar Álftaness.*

# Geysissvæðið er þjóðarskömm Íslendinga

UMRÆÐAN
Umhverfismál


STEFÁN HELGI VALSSON

Stjórnvöld verða að bregðast við núna til að bjarga ásýnd Geysissvæðisins sem liggur undir skemmdum. Svæðið er náttúruperla á heimsvísu og þekktasta vörumerki Íslands og íslenskrar ferðaþjónustu erlendis. Nær hálf milljón ferðamanna heimsækir svæðið árlega.

Nauðsynlegt er að byggja upphækkaða göngustíga um svæðið til að vernda hverahrúður og gróður. Göngustígar gegna einnig því veigamikla hlutverki að stjórna ferðum ferðamanna um viðkvæm svæði líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Yellowstone-þjóðgarðinum í Bandaríkjunum.

*Leiðsögumenn erlendra ferðamanna hafa orðið vitni af hnignun Geysissvæðisins undanfarin ár. Mörgum blöskrar ástandið svo gersamlega að þeir skammast sín fyrir að sýna ferðamönnum staðinn.*

Íslenska ríkið fékk Geysi, Strokk og Blesa að gjöf á sínum tíma en fimm aðrir lögaðilar eiga hlutdeild með ríkinu í u.þ.b. 17 hekturum lands umhverfis hverina. Nauðsynleg andlitslyfting svæðisins er ólíkleg fyrr en ríkið eignast allt svæðið. Geysissvæðið á að friðlýsa sem mundi tryggja bæði verndun þess og aðgengi almennings til framtíðar.

Núverandi ástand Geysissvæðisins er gjörsamlega óásættanlegt fyrir Íslendinga og íslenska ferðaþjónustu vegna þess að eyðileggingin blasir við öllum sem þangað koma. Geysissvæðið stenst ekki lengur samanburð við hverasvæði Yellowstone-þjóðgarðsins vegna þess að hverahrúðrið umhverfis hverina er máð og litlaust, göngustígar eru drullusvað í bleytu og öryggi ferðamanna er stefnt í hættu. Einnig má nefna gróðureyðingu í næsta nágrenni við hverina og rusl frá gestum svæðisins.

Leiðsögumenn erlendra ferðamanna hafa orðið vitni að hnignun Geysissvæðisins undanfarin ár. Mörgum blöskrar ástandið svo gersamlega að þeir skammast sín fyrir að sýna ferðamönnum staðinn. Öllu skiptir að ásýnd svæðisins, aðgengi og öryggismál séu í lagi. Það er óskandi að stjórnvöld taki á þessu máli af heilum hug og að ríkið eignist Geysissvæðið íslensku þjóðinni til heilla um ókomna framtíð.

*Höfundur er leiðsögumaður.*


Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- 31" TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
- Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar



...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr.
á 100 km.

Bílasalan Ós, Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa, Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands, Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands, Egilsstöðum, sími 471 3005
















Það gleymir eflaust enginn Birgittu Haukdal en hér stendur hún fyrir framan málverkið Gleym mér ei sem hún heldur mikið upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Gullfalleg Gleym mér ei

***Birgitta Haukdal nýtur þess að vera heima hjá sér og slaka á. Hún keypti nýverið tvö falleg listaverk.***

Heimili Birgittu einkennist af notalegu andrúmslofti og er bjart yfirlitum. Hún er mikill fagurkeri og segist falla auðveldlega fyrir fallegum hlutum. „Ég er mikil kertakona og hef gaman af að hengja upp myndir og skreyta í kringum mig. Með árunum hef ég þó komist upp á lag með að taka niður hluti og setja í geymslu og skipta svo eftir hálft ár. Maður á svo mikið af fallegum hlutum en ef þeir eru allir saman uppi á hillu þá njóta þeir sín ekki,“ segir Birgitta og er hér komið ágætis húsráð fyrir þá sem eru að vandræðast með dótið sitt og vilja breyta til.

Fyrir skömmu síðan fjárfesti Birgitta í tveimur málverkum sem hún segist hafa fallið kylliflöt fyrir. „Verkin eru eftir listakonuna Hlaðgerði Írisi, eða Hlöllu eins og hún er oft kölluð. Við fórum til hennar í þeim tilgangi að fá okkur litla, fallega mynd frá henni því hún málar ótrúlega flottar myndir og sérstakar. Þegar við komum þá var hún með fullt af stórum og flottum myndum og við heilluðumst. Við gátum ekki ákveðið okkur og það fór því svo að við gengum út með tvö risastór málverk,“ segir Birgitta hlæjandi og bætir við að þau búi nú ekki í stórri íbúð en myndirnar fái vonandi mjög góðan stað einhvern tíma þegar þau flytja í stærra húsnæði.

„Þetta eru geggjaðar myndir og held ég sérstaklega upp á aðra þeirra sem heitir „Gleym mér ei“. Á henni eru tvö börn í íslenskum lopapeysum og stelpan er að líma gleym mér ei á lopapeysu stráksins. Þau eru bæði dulúðleg á svip og það er því eins og þau sjái eitthvað sem við vitum ekki hvað er,“ lýsir Birgitta glettin og heldur áfram: „Allir sem koma og horfa á myndina nefna að maður verði svo forvitin af því að horfa á börnin og langi að vita hvað þau séu að horfa á. Myndin fær mann því til að hugsa.“

Líkt og oft áður hefur Birgitta í mörg horn að líta en hún gaf á dögunum út nýjan geisladisk sem ber heitið „Ein“. „Ég hef verið að fylgja plötunni minni eftir og mun halda því áfram fram að jólum. Ég ætla að halda útgáfutónleika á Rúbín í fyrstu viku desember þar sem ætlunin er að hafa notalega stemningu í takt við plötuna sem er afskaplega notaleg. Það verða kerti út um allt og fólk getur sest niður með kakóbollann sinn eða hvítvínsglasið og notið þess að hlusta á fallega tónlist,“ segir Birgitta einlæg. En hvaðan kemur nafnið á plötunni? „Það er nú vegna þess að ég er svolítið ein á plötunni. Það er oft sem maður er að skreyta tónlistina mikið með fullt af hljóðfærum og hljóðbrellum en við reyndum að gera sem minnst af því svo söngurinn og tilfinningin í lögunum fengi að njóta sín,“ segir Birgitta sem þótti nafnið tilvalið þar sem hún er þarna ein og ekki með strákana sína sér við hlið.

hrefna@frettabladid.is










**Aðventan** hefst sunnudaginn 2. desember og sumir eru farnir að huga að aðventukransinum. Hann þarf þó ekki að vera íburðarmikill. Fjórir sams konar kertastjakar eða fallegur diskur með fjórum kertum og jólakúlu dugar vel til að mynda góða stemningu.



## Lifandi list

STUNDUM ER TALAÐ UM AÐ VERA FLUGA Á VEGG EN SJALDNAR ER NÚ RÆTT UM FISK Á VEGG.

Það er hins vegar nákvæmlega það sem fiskibelgurinn eða „Fish Pod“, eins og hann kallast á ensku, gerir. Fiskbelgurinn er sniðugt og eftirtektarvert fiskibúr sem smellt er upp á vegg. Einnig má nota belginn sem blómavasa eða hvað sem fólki dettur í hug. Þessi skemmtilega hönnun er frá Plushpod og skapar skemmtilega fljótandi stemningu. Sniðugt er að setja litríka fiska eða blóm í belgina. *- hs*



Fiskibelgirnir geta verið margir í röð og mynda þeir þá skemmtilega heild.




STIGAR

Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar

Erum einnig með glugga og hurðir Hagstæð verð og fljót afgreiðsla

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Ánægðir viðskiptavinir ........





GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Við hreinsum...





Steinteppi Teppi







Stigahús Mottur Húsgögn

SKÚFUR
Skúfur Teppahreinsun ehf
Kleppsvegi 150 104 Reykjavík
Símar 568-8813 663-0553 www.skufur.is




Sérsmíðaður íslenskur borðlampi úr smíðajárni, bananaplöntu og bómull úr Forn-Ný í Garðabæ. Kostar 17.500 krónur.



Sérsmíðaður íslenskur borðlampi úr smíðajárni með bláum skermi úr Forn-Ný í Garðabæ. Kostar 14.900 krónur.



Sean-borðlampi úr Eggi. Kostar 9.595 krónur.

# Lifað við lampa

***Dimmasti árstími Íslendinga er runninn upp. Skammdegið nístandi og kalt, en alveg hættulega kósí. Ef maður kann að taka myrkrinu af gleði og nota rökkrið sem afsökun til að gera hvern dag að draumi.***

Þótt aðventan sé alveg að koma í öllum sínum yndisleik vantar víðast hvar enn birtu mjallarinnar sem trúlega ætlar að spara sig til jóla og skreyta þá fjöll og firnindi með þykku, glitrandi hátíðateppi. Og meðan dimm ský hefta skin og bjarma kallsins í tunglinu og stjarnanna í kring, er fátt eins umvefjandi og hlý, dempruð lampabirta heima. Úrvalið er ævintýralegt og verðið á öllum nótnaskala krónunnar, en víst að allir fá þá eitthvað fallegt ef þeir bara leita og finna. *thordis@frettabladid.is*



Radon frá Light Years úr Epal. Hönnuður: Hans Sandgren Jakobsen. Kostar 42.600 krónur.

Bubble-borðlampi frá Foscarini úr Lúmex. Fæst einnig hangandi. Hönnuður: Valerio Bottin. Kostar 78.626 krónur.





Coboche-borðlampi frá Foscarini úr Lúmex. Fæst einnig sem standlampi, hangandi og á vegg. Hönnuðir: Patricia Urquiola og Eliana Gerotto. Sá stærri kostar 118.800 en sá minni 68.500 krónur.



Makati-borðlampar frá Rafkaupum. Kosta 19.500 krónur.



Opera m Moulin-borðlampar með svörtum og fjólubláum skermum frá Rafkaupum. Kostar 19.500 krónur.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


Ráðgjöf frá fagfólki getur borgað sig þótt fólk máli sjálft, segir Hannes Birgisson málari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Málað allt árið, ekki bara fyrir jól

***Undirbúningurinn er það sem skiptir mestu máli áður en hafist er handa við málningu heima við.***

„Fólk er meira í að mála allan ársins hring. Ekki bara rétt fyrir jól, fermingu og aðrar hátíðir eins og áður. Samt er alltaf smá sprengja núna fyrir jólin, en langt í frá eins og þetta var," segir Hannes Birgisson málari.

Flestir sveiflast með tískubylgjum litanna, en síðan er líka gott að mála reglulega einfaldlega til að hressa upp á heimilið auk þess sem viðhald er mikilvægt fyrir verðmæti eigna.

„Það er voðalega misjafnt hvað þarf að mála oft innanhúss. En ég myndi segja eitthvað á bilinu fimm til sjö ára fresti. Fer að vísu eftir því hvað eru mörg börn á heimilinu," segir Hannes brosandi.

Þó að fólk ætli að mála sjálft, þá er alltaf gott að leita ráða hjá fagfólki, segir Hannes. „Undirbúningurinn er langmikilvægastur. Síðan hefst ferlið á því að skrapa í allar misfellur og sprungur og kíkja vel yfir veggina þegar er verið að endurmála. Síðan þarf að sparsla og slípa vel yfir og því næst heilslípa vel yfir fletina," útskýrir Hannes sem segir að ef sprungurnar séu mjög djúpar sé notast við borða sem er settur yfir og önnur tegund af sparsli sem fyllir betur. Þó notar Hannes oftast sömu tegund af sparsli á mismunandi tegundir veggja og finnst þægilegast að vinna með milligróft sparsl, nema á glugga. „Á gluggakistur er ég oftast með lakksparsl, en það þarf að skoða verkið áður en ákvörðun um efni er tekin," segir Hannes. Hann segir einnig flest íslensk hús vera vel byggð og steypusprungur því fæstar alvarlegar.

Eftir að undirbúningi er lokið er grunnað yfir viðgerðir og síðan farnar tvær umferðir sem er nauðsynlegt í flestum tilfellum. Þó segir Hannes það geti sloppið ef um sama lit sé að ræða. En málning er ekki bara málning. „Góð málning getur sparað auka umferð, tíma og þrif. Auk góðra verkfæra og pensla, þeir skipta líka máli," útskýrir Hannes sem segist nota sjö til tíu prósenta glans á stofur, ganga og herbergi, en tíu prósent á eldhús og tuttugu á baðherbergi. „Mikill háglans er mest notaður á glugga og annað slíkt í gömlum húsum þar sem er ákveðinn stíll," segir Hannes sem segir það færast í vöxt að fólk geri upp gömul hús. „Ég mála ekki oft í gömlum timburhúsum, en það er svona eitt og eitt og þá bara gilda sömu reglur og við aðra endurmálun," segir Hannes að lokum.

rh@frettabladid.is

## Allt á sinn stað

ÞÆGILEG ÞVOTTALAUSN

Einhvers staðar þurfa vondir að vera og það sama á við um óhreina þvottinn. Gott er að hafa smekklega þvottakörfu til að geyma hann í þar til hann ratar í þvottavélina. Ef pláss er af skornum skammti getur verið sniðugt að fá sér netta þvottakörfu sem auðvelt er að brjóta saman þegar hún er ekki í notkun. Einnig getur verið þægilegt að hafa hanka á þvottakörfunni svo auðvelt sé að taka hana með sér ef bera þarf þvottinn niður einhverjar hæðir eða í næstu fatahreinsun.



Þessi þvottakarfa frá Umbra uppfyllir alla þá þætti sem upp eru taldir auk þess sem hún er skemmtilega hönnuð af Paul Rowan. Karfan er úr hundrað prósenta bómullarstriga með límdri vínilfiningu og tveimur strigahöldum. Punkturinn yfir i-ið er síðan rómantískt mynstur með fiðrildum. Hægt er að fá körfuna í fjórum litum með þrenns konar mynstri en enn sem komið er er hún að því er við best vitum ekki í neinum verslunum hér á landi. Hægt er þó að kaupa hana í gegnum netið.

- hs

## Sykursætt og sjarmerandi

HEITT SÚKKULAÐI Á SÍÐDEGI

Eftir langan vinnudag eða annasaman skóladag er gott að dekra við sig með einhvers konar notalegheitum. Heitt súkkulaði er ágætis leið til þess og fáir sem fúlsa við því. Hægt er að fá fallega súkkulaðibolla og smekklegar könnur víða. Rómantíkin á sérstaklega vel við heita súkkulaðið sem drukkið hefur verið í áraraðir og fer það afskaplega vel saman að sjá drifhvítan rjómann og gómsætt súkkulaðið í gamaldags postulínsbolla. Sem dæmi um verslanir sem bjóða upp á klassíska súkkulaðibolla má nefna Villeroy og Boch í Kringlunni, Þorstein Bergmann á Skólavörðustígnum, Lene Bjerre í Kópavogi og ýmsar fleiri.

-hs



## Skemmtileg framreiðsla

BÚKONULEGIR BAKKAR

Gott getur verið að eiga góðan bakka til að bera fram veitingar á auk þess sem það eykur glæsileikann að sjá gestgjafann reiða fram góðgæti á þann hátt. Bakka er líka hægt að nota sem kökudiska eða undir nasl en það fer allt eftir stærð og gerð hans. Bakkar eru til af öllum stærðum og gerðum og auðvelt er að verða sér út um ódýra bakka, til dæmis í smávöruverslunum eins og Tiger og Söstrene Grene.



-hs











visir.is
Fyrstur með fréttirnar



**Sing star-leikirnir** fyrir Playstation-tölvurnar eru frábær leið til að hressa upp á partí. Börn hafa líka gaman af því að spreyta sig enda ekkert nauðsynlegt að lesa textann til að vinna. Þau þurfa bara að hitta á rétta tóninn.









Ef plássið er lítið er betra að hafa skjáinn ekki of stóran.

# Stór skjár eða lítill

***Stærðin skiptir máli þegar velja á flatskjá á heimilið.***

Sjónvörp með flatskjá eru til í mörgum stærðum og gerðum. Allt frá 19 tommu skjám til 103 tommu risaskjáa. Eitt það fyrsta sem þeir þurfa að ákveða sem eru í kauphugleiðingum er hversu stór skjárinn á að vera. Því það þýðir lítið að kaupa stærsta sjónvarpið þegar sjónvarpsherbergið er aðeins þrír metrar á lengd.

Fyrst þarf að ákveða hvar sjónvarpið á að vera í íbúðinni og hversu mikið bil verður milli þess og sófans.

Ákveðin þumalputtaregla er að miða við að lengdin frá sjónvarpinu þurfi að vera um fimm til sex sinnum hæðin á sjónvarpinu. Ef sjónvarpið er hálfur metri ætti því lengdin frá því að vera 2,5 til 3 metrar.

Ef sjónvarpið er búið HD-prógrammi verður myndin skýrari. Því þarf lengdin frá sjónvarpinu að vera minni eða um þrisvar til fjórum sinnum hæðin á sjónvarpinu.

Næst þarf svo að ákveða hverníg gerð af flatskjá á að velja. Telja sérfræðingar að LCD-tæknin henti betur fyrir skjái sem eru minni en 37 tommur en Plasma henti betur fyrir stærri skjái.

Til að fræðast nánar um kosti og galla Plasma og LCD er bent á vefsíðuna www.plasma-lcd-facts.co.uk.

*- sgi*

# MacBook Gulltölva

***Fartölva er ekki endilega bara fartölva heldur skiptir það marga máli hvernig hún lítur út.***

Computer Choppers kynna til sögunnar gullslegna MacBook Pro tölvu með 24 karata gullhúð.

Tölvan er ekki einungis gyllt að utan heldur er lyklaborðið einnig gullhúðað.

Ekki er ólíklegt að stjörnurnar í Hollywood verði fljótar að krækja sér í eina slíka en spurning er hver verður fyrstur til að spóka sig með gulltölvu hér á landi.

*- sig*



Gulltölvan gæti orðið fínasta stöðutákn í framtíðinni enda húðuð með 24 karata gulli.





# Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.
Glæsileg og vönduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.

MULTIWAL

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!


# fasteignir






RE/MAX Fasteignir

Undirbúningur ofar öllu

Gefðu þér nokkrar mínútur til að kanna hvort húnar séu lausir, hurðir standi á sér. Ekki gleyma opnanlegum fögum og skúffum í innréttingum.

BÓAS & TEYMI

Verðmetum frítt fyrir þig!

Hringdu núna 699 6165



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Stefán Páll
löggiltur fasteignasali




Sjálfstæðishúsið í Hafnarfirði er gamalt og virðulegt á besta stað í bænum.

## Virðulegt hús á besta stað

**Ás fasteignasala hefur til sölu Sjálfstæðishúsið í Hafnarfirði á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar.**

Húsið er 313 fermetrar á þremur hæðum. Jarðhæðin er í útleigu og í dag er þar rekin verslun í 69,8 fermetrum. Afgangurinn af jarðhæðinni tilheyrir efri hæðinni og er þar gott hol sem nýtist í dag sem móttaka með fatahengjum. Tvær snyrtingar eru í þessum hluta hæðarinnar og innangengt er þangað af aðalhæð auk þess sem sérinngangur er af jarðhæð.

Gengið er upp útitröppur á aðalhæðina sem skiptist í anddyri með teppi, stóran sal með parketi og eldhús með góðum innréttingum og búri inn af.

Stigi er úr anddyri hússins upp í risið en þar er gott hol með teppi. Fjögur mjög stór herbergi eru í risinu auk eins lítils herbergis og geymslulofts.

Húsið er fallegt og vel við haldið og gæti hentað sem veitingastaður en það er skráð sem skemmtistaður í dag. Jafnvel gæti það verið virðulegt einbýlishús í miðbænum. Óskað er eftir tilboðum í eignina.





Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,7%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA

RE/MAX Torg

HJÁ OKKUR FÆRÐ ÞÚ TOPPÞJÓNUSTU Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

VIÐ NÁUM ÁRANGRI Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

# ÆTLAR ÞÚ AÐ BYGGJA?



## Erum með 6 lóðir til sölu í Helgafellslandi

- Sölkugata 1
- Sölkugata 3

- Uglugata 1
- Uglugata 3
- Uglugata 5
- Uglugata 60

## HRINGDU NÚNA

895 6107

694 4000

Hafdís Rafnsdóttir
Sölufulltrúi
hafdis@remax.is
895 6107

Berglind Hólm Birgisdóttir
Sölufulltrúi
berglind@remax.is
694 4000

Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur Fasteignasali

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

RE/MAX Torg :: Garðatorgi 5 :: 210 Garðabær :: Sími: 520 9595 :: Fax: 520 9599

www.inhouse.is



# SÉRVALDAR VÖRUR TIL BYGGINGA!



Svalalokanir
SUNFLEX
Álklæðningar
Promociad
Bílskúrshurðir
novoferm
Iðnaðarhurðir

Sérpöntum einnig flest allar vörur til bygginga

Global Ice ehf.
Krókhálsi 5a 110 Rvk
S.578-8899
www.globalice.is - globalice@globalice.is





SIBA
ÞAKRENNUKERFI
á öll hús – allsstaðar
Litir í miklu úrvali

Frum

PL 01 Svart · PL 45 Silfur-metallic · PL 20 Dökk Grá · PL 22 Dökk Rauð · PL 56 Dökk brún · PL 42 Rauðbrún · PL 80 Hvítt · PL 55 Kopar-metallic · Aluzink · Kopar

Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. SIBA–ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita

BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is



## GULLSMÁRI 7, Kópavogi



Frum

3ja herb. 75,6 ferm. íbúð á 2. hæð f. 60 ára og eldri. Á gólfum er parket og flísar. Vandaðar innréttingar. **Til afhendingar strax.**

**Verð 26.500.000**

***Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.***

***LIT ehf., Borgarnesi Ingi Tryggvason hdl. lögg. fast.s. s. 437 1700, gsm 860 2181 netfang: lit@simnet.is***



Fasteignablaðið
Sími:

512 5469

694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is





Hert gler ...í milliveggi

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is






# Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu gólfhitastýringa

**Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins**

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
• Sími 588 90 90 •
Sverrir Kristinsson lögg. fast.sali

# Urriðaholt – Þriðji áfangi kominn í sölu



Fallegar lóðir í þriðja áfanga við Víkurgötu og Keldugötu komnar í sölu. Göturnar eru tvær neðstu göturnar staðsettar við Urriðavatn. Verð á minni lóðum frá kr. 18.900.000,- og stærri lóðum frá kr. 24.000.000,- Stærð lóða eru frá tæpum 500 fm upp í tæpar 1400 fm. Einstakt svæði þar sem fara saman stórar og rúmgóðar lóðir, náin tengsl við náttúruna, gott skipulag og falleg útsýni.

***Nánari uppl veita Geir Sigurðsson lögg. fasteignasali í síma 824 9096 og Heiðar Birnir sölumaður í síma 824 9092***



**Heiðar Birnir**
sölumaður
sími 824 9092



**Geir Sigurðsson**
lögg. fasteignasali
sími 824 9096

## EINARSNES – SJÁVARÚTSÝNI



Tvílyft endaraðhús við Einarsnes í Skerjafirði ásamt bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi og sjónvarpshol á neðri hæðinni. Á efri hæðinni er stofa, snyrting, eldhús og þvottahús. Glæsilegt útsýni í vestur út á sjóinn. Húsið þarfnast standsetningar.
**Verð 57 millj.**

## BERGÞÓRUGATA – EINBÝLI



Mjög gott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr sem er innréttaður sem íbúð eða vinnustofa. Góð timbur verönd við húsið og miklir stækkunarmöguleikar skv. nýju deiliskipulagi. Eftirsótt staðsetning.
**Verð 75 millj.**

## GALTALIND – LÍTIL FJÖLBÝLI



Falleg og vel skipulögð 119,9 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi, ásamt innbyggðum 24,5 fm bílskúr. Samtals 144,4 fm. Húsið er byggt 1997 og er staðsett innst í botnlanga í barnvænu umhverfi þar sem stutt er í skóla og leikskóla. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni.
**Verð 34,4 millj.**

## ÁFLTAMÝRI – FALLEG ÍBÚÐ



Mjög góð 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð á besta stað í húsinu (Álftamýrarmegin). Hol, hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa. Íbúð í góðu ástandi.
**Verð 22,5 millj.**

## HRÍSATEIGUR – MEÐ BÍLSKÚR



Mjög góð og vel skipulögð 77 fm efri sérhæð auk rislofts sem er óskráð og 50,4 fm bílskúrs, samtals 127,4 skráðir fm. Parket og flísar á gólfum og sameiginlegt þvottahús í kjallara.
**Verð 29,9 millj.**

## ÁLFHÓLSVEGUR – 40 FM VERÖND



Mjög falleg og mikið standsett 3ja herb íbúð í litlu fjölbýli í Kópavogi. Íbúðin er 66,3 fm en auk þess tilheyrir 19,2 fm bílskúr og 19,2 fm rými með glugga undir bílskúr. Samtals 104,5 fm. Íbúðinni tilheyrir um 40 fm sér verönd til suðurs. Glæsilegt útsýni úr íbúðinni (sjávarútsýni og fjallasýn). Íbúðin hefur verið standsett bæði eldhús og baðherbergi.
**Verð 23,9 millj.**

## STRANDVEGUR 11 – SJÁLANDI – LAUS STRAX



Glæsileg 118 fm íbúð á frábærum stað. Bílastæði í bílageymslu. Óhindrað sjávarútsýni. Um er að ræða lyftuhús. Eignin skiptist m.a. í rúmgott hol, stofu, borðstofu og 2-3 herb. Þv.hús í íbúð. Íbúðin er öll hin vandaðasta með fallegum gólfefnum, stórum gluggum og vönduðum innréttingum. Íbúðin er laus nú þegar.

*ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ 17.30-18.00.*

## KEILUGRANDI 6, 3. HÆÐ – LAUS STRAX



Mjög falleg nýstandsett 99 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, sjónvarpshol og þrjú herbergi. Sjávarútsýni. Lán að fjárhæð 19,5 millj fylgir.

*ÍBÚÐIN ER LAUS STRAX. ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG MÁNUDAG FRÁ 18.00-18.30.*

**www.arborgir.is**

FASTEIGNASALAN

# ÁRBORGIR

|  |  |  |  |  |  |  |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Atli Snær Sigvarðsson sölumaður* | *Anna Dóra Jónsdóttir ritari/sölumaður* | *Þorsteinn Magnússon sölumaður* | *Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl.* | *Óskar Sigurðsson hrl.* | *Sigríður Sigurbjartardóttir ritari* | *Grímur Hergeirsson, BA lögfræði* |

## Austurvegi 38 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is

### Bjarkarbraut - Reykholt.





Frum

Viltu gerast þinn eigin herra í sveitinni. Til sölu 300 m2 tvílyft hús með mikla möguleika í Reykholti. Á neðri hæð hússins er starfrækt gistiheimili með 8 herbergjum, 3 baðherb,eldhús og setustofa. Efri hæðin telur 5 parketlögð svefnh, góða stofu + eldhús, sjónvarpshol og þvottahús. Húsið hefur uppá að bjóða 3 verandir, þar af er ein hellulögð með heitum potti. Verð 47,9 millj.

### BjarkAusturvegur - Selfossi.





Vandaðar og vel staðsettar 2ja, 3ja og 4ra herbergja og skilast fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum. Húsið er viðhaldslítið og í sérflokki.
**2ja herbergja :** Stofa opin inní eldhúsið, gott svefnh., baðh.anddyri og svalir. **3ja herbergja :** Góð stofa + borðstofa, eldhús, tvö svefnh., baðh., anddyri og svalir. **4ra herbergja:** Penthouse er á tveimur hæðum. eldhús , stofu, 3svefnh., 2 baðherbergi og risa svalir. **Þeir sem tryggja sér íbúð í tíma geta komið að vali á innréttingum.**

### Einbýli



**Fossheiði - Selfossi.** Fallegt og vinalegt, einbýlishús sem fengið hefur gott viðhald. 3 svefnh, stofa, eldhús, bað, þvottahús og bílskúr. Fallegur garður. Verð 26,9 m.



**Hraunalda - Hellu.** Nýlegt, steypt og fullbúið einbýlishús með innb. bílskúr. Góð stofa og eldhús, 3 svefnh. Flísar á gólfum og vandaðar innréttingar. **Verð 22,9 m.**



**Pálsbúð - Þorlákshöfn.** 260 m2 vel staðsett og steypt einbýlishús með innbyggðum 66 m2 bílskúr. Húsið afhendist fokhelt og er tilbúið til afhendingar. Gott áhvílandi lán. **Tilboð óskast**



**Dranghólar - Selfossi**

Glæsilegt einbýlishús í byggingu. Húsið er alls 219 m2 og afhendist fokhelt ( fullbúið að utan ). Gólfhitalagnir eru komnar í plötu. Verð 26,9 millj.



**Laufhagi - Selfossi.** Gott steypt 178 m2 einbýlishús í grónu hverfi. 4 svefnh, góð stofa og borðstofa, tvö wc, stór bílskúr. **Verð 31.9 millj.**

### Rað- og parhús



**Réttarheiði - Hveragerði.** Bjart og snyrtilegt endaraðhús með innbyggðum bílskúr, parket og flísar á gólfum, góðar innréttingar, gróinn garður og hellulögð innkeyrsla. **Verð 27,9 millj.**



**Langafit - Garðabær.** Tvílyft fallegt og vel staðsett parhús með innbyggðum bílskúr alls 232 m2. Vel skipulögð eign sem fengið hefur mjög gott viðhald. Tilboð Óskast.



**Ólafsvellir 4-6, Stokkseyri.** 165 m2 parhús, klætt með duropal. Afh. fokhelt að innan, fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð. Góð teikning, 3 svefnh. Verð 16,5 millj.



## 200 Kópavogur: Frábært útsýni

### Vallhólmi 16: Einbýlishús á tveimur hæðum

**REMAX** Mjódd hefur til sölu glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er 261 fermetri og í því eru tvær aukaíbúðir með sérinngangi á neðri hæð. Garðurinn er einstaklega fallegur og gróðursæll með fjölbreyttri flóru enda gamall verðlaunagarður. Stór sólpallur er við húsið með grillaðstöðu, heitum potti og gróðurhúsi.

**Lýsing:** Húsið er allt parketlagt með eikarparketi fyrir utan forstofu og baðherbergi sem eru flísalögð og eldhúsið sem er með korki á gólfi. Stofan er björt, með glugga á þrjá vegu og borðstofu með frábæru útsýni. Eldhúsið er rúmgott og bjart með fínum borðkrók og góðu útsýni. Hvít innrétting með beykilistum er í eldhúsi, flísar á milli skápa og gert er ráð fyrir uppþvottavél og tvöföldum ísskáp. Þrjú góð svefnherbergi eru á efri hæð, öll með skápum, gluggum og parketi á gólfi. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf og þar er nýr sturtuklefi og klósett. Bílskúrinn er innbyggður, 27 fermetrar að stærð með góðum gluggum á hlið, bílskúrshurðaopnara og skápavegg. Inn af bílskúrnum er góð aukageymsla sem gæti til dæmis nýst fyrir einhvers konar áhugamál. Tvær aukaíbúðir hafa verið útbúnar á neðri hæð. Þeir eru með sér inngangi, plastparketi, eldhúsaðstöðu, baðherbergi og svefnherbergi. Íbúðirnar geta gefið af sér góðar leigutekjur en einnig er lítið mál að tengja hæðirnar saman á nýjan leik.



**Allar** nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Vilhjálmsdóttir hjá REMAX Mjódd.

## Kvistavellir 18-24

221 Hafnarfjörður
Besta verðið í Hafnarfirði

**Stærð: 202,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind





**BÓKAÐU SKOÐUN Í SÍMA: 699 5008**

**Verð: 29.900.000**

Húsið er teiknað af K.J hönnun ehf. Húsunum verður skilað fokheldu að innan en fullbúnu að utan með grófjafnaðri lóð. Húsin eru steinsteypt, steinað að utan með steinsalla. Trégluggar grunnmálaðir ísteyptir, opnanleg fög úr mahoagny/oregonpine. Útihurðir verða með mahoagny fulningum, bílskúrshurð verður úr gegnheilu mahoagny. Gler er K-gler reyklitað. Gólf í húsinu er steypt. Raflagnir eru steyptar í þar sem það á við. Húsunum verður skilað fokheldum 15 mars og lengra komið 1 maí.

Ingunn Björnsdóttir
Sölufulltrúi
**698 8080**
ingunnb@remax.is



Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## ÁLFABAKKI 14A

109 Reykjavík
VERSLUNAR OG LAGERHÚSNÆÐI.

**Stærð: 400 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1988**
**Brunabótamat: 63.400**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Torg







**EIGN Á GÓÐUM STAÐ Í MJÓDDINNI.**

**Verð: 95.000.000**

Um er að ræða Verslunar og Lagerhúsnæði á besta stað í Mjóddinni. Verslunarhæð 183,7 Fm. Lager 190 Fm. Sameign 26,3 Fm. Samtals 400 Fm. Á 1. hæð er verslunarrými sem nær í gegnum húsið og er með inngang bæði frá Álfabakka og Göngugötu. Einnig er smá starfsmanna aðstaða, salerni og geymsurými. Kjallari er með góðum vörurekkum, stór hurð fyrir vörumóttöku, aðkeyrsla í kjallara frá Þönglabakka. Í dag er kvennfataverslun á 1. hæð. Upplýsingar veitir Þorkell í Síma 898-4596 eða 520-955

Þorkell
Sölufulltrúi
**898 4596**
thorkell@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



**RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is**

Frum

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009



## Skógarhjalli - Kópavogur

284 fm fm sjö herbergja tveggja hæða glæsilegt einbýlishús í Kópavogi. Húsið skiptist í fimm svefnherbergi, tvær stofur, tvo baðherbergi, eldhús, saunaklefa, þvottahús, bílskúr og sjónvarpskrókur. Stór pallur.
**Verðtilboð**



## Þórðarsveigur 6, Opið hús í dag kl. 19-20 (bjalla 401)

4ra herbergja 106,8 m2 íbúð á 4.hæð. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, hjónaherbergi, 2 barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu auk stæðis í bílageymslu.
**Sölumaður Stakfells sýnir. Verð 31.9 millj.**

### Raðhús/Parhús
Höfum ákveðin kaupanda af rað/parhúsi m/bílskúr til innréttingar á höfuðborgarsvæðinu.

### Hlíðar
Höfum ákveðin kaupanda af 3. herb íbúð í Hlíðunum. Má þarfnast viðgerða.

### Garðabær
Höfum ákveðin kaupanda af einbýli á einni hæð.

### Kópavogur - Austurbær
Höfum kaupanda af 4ra herbergja íbúð, lágmark 3 svefnherbergi.



### Hofteigur
137,7 fm sérhæð. Íbúðin er í kjallara. Í íbúðinni eru anddyri, eldhús, stofa, baðherbergi og 3 góð herbergi, í sameign er þvottahús og geymsla.
**Verð 31.9 millj.**



### Gvendargeisli - Laus strax
117,9 fm íbúð, 4ja herb. á 3. hæð. Stofa, eldhús, tvö baðherb., hjónah., baðh., þv.hús og geymsla ásamt stæði í bílskýli. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.
**Verð 28.9 millj.**



### Hlíðarhjalli - Kópavogur
290 fm vel staðsett einbýli. Húsið er á 2 hæðum. Á efri hæð er anddyri, eldhús, stofa, wc og herb. Á neðri hæð eru 5 svefnh., þv.hús, baðh. sér stúdíóíbúð. Bílskúr. Gróin garður.
**Verð 84,9 millj.**



### Háteigsvegur
154.5 fm sérhæð við Háteigsveg. Eignin skiptist í forst, hol, 2 saml.stofur, 3 svefnherbergi, baðherbergi og eldhús, þvottaherbergi og geymslu á jarðhæð, 32 fm bílskúr.
**Verð 49,5 millj.**



### Furugrund - Kópavogur
72,8 fm 3ja herb. íbúð með stóru 23.8 fm stæði í bílskýli á grónu svæði Fossvogsmegin í Kópavogi. 2 svefnherbergi. Góð sameign. Íbúðin er parketlögð og vel með farin.
**Verð 21.9 millj.**



### Lautasmári - Kópavogi
4ra herb 98 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í forst./hol, stofu, eldh., 3 svefnh., baðh. og þv.hús/geymslu. Öll helsta þjónusta í göngufæri.
**Verð 26.9 millj.**



### Kvistaland - Einbýli
5-6 herb. einbýli neðst í Fossvoginum. Stór lóð er kringum húsið sem býður upp á mikla stækkunarmöguleika á húsinu. Bílskúr er innréttaður sem stúdíóíbúð í dag sem gefur góðar tekjur.
**Verð 110 millj.**



### Skólavörðustígur - „Penthouse"
155 fm „penthouse" íbúð, útsýni yfir alla Reykjavík. Íbúðin skiptist í 4 herberbergi, bað, eldhús og glerturn. Íbúðin hefur verið endurnýjuð.
**Verð 59 millj.**



### Vesturgata - Eignin er laus
159 fm penthouse íbúð með óhindruðu sjávarútsýni. Íbúðin er á tveimur hæðum, sex herbergja þar af þrjú svefnherbergi, eldhús, tvær stofur og hol.
**Verð 47,9 millj.**



### Gullteigur - Nýbygging
Nýjar íbúðir í grónu hverfi, 160 til 164 fm. Íbúðir skilast fullbúnar án gólfefna. Lóð verður fullfrágengin við skil. Áætluð afhending er í nóv-des 2007.
**Verð 66.4-71.4 millj.**



### Byggingarréttur í Kópavogi
Byggingaréttur af nýju fjölbýli í grónu hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Hornlóð á fallegum stað með útsýni. Teikningar af nýja húsi liggja fyrir og hafa verið samþykktar.
**Verð 150 millj.**



### Reykjahvoll - Mosfellsbæ
300 m2 einbýlishús úr bjálkum á steyptri plötu á útsýnisstað innst í Mosfellsbæ. Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofa og borðstofa, eldhús, tvö baðherbergi,
**Verðtilboð**



### Fjölnisvegur - Einbýli/Tvíbýli
184.2 fm hæð, kjallari og bílskúr auk fm alls 232 fm Skiptist í rúmgóðar stofur, fjögur svefnherbergi. eldhús og tvö baðherb.
**Verðtilboð.**



### Engihjalli
89.2 fm 3ja herbergja íbúð á 4 hæð. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús, hjónaherbergi og barnaherbergi, auk geymslu í kjallara og sameiginlegs þvottahúss á hæðinni.
**Verð 19.9 millj.**



### Reykjavíkurvegur - 101 Reykjavík
77,6 fm íbúð í næsta nágrenni við Háskóla Íslands. Eignin skiptist í stofu, 2 svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Húsið heitir Garður og er byggt 1928.
**Verð 19,5 millj.**



### Þorláksgeisli - Gott áhvílandi lán
Falleg og stór 4ra herb. íbúð á þriðju hæð í góðu lyftuhúsi. Bílageymsla. Gott lán sem hægt er að yfirtaka á þessari íbúð. Laus við kaupsamning.
**Verð 34,9 millj.**



### Álfhólsvegur - Nýstandsett
181 fm einbýli nýl. standsett með 2ja herb. íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist aðalhæð með forst., saml. borðst. og stofu, svefnh. og eldh., efri hæð með hjónah., barnah. sjónv.kr., leiksv. og bað.
**Verðtilboð.**



### Drápuhlíð með bílskúr
Hæð og ris með sérinngangi og bílskúr alls 196 fm. Töluvert endurnýjuð. Á hæðinni eru 2 saml. stofur, nýtt eldhús, baðh., og 2 herb. Ris er herb., stofa, þvottahús. Góðar leigutekjur.
**Verð 51.9 millj.**



### Rofabær - Árbær.
Góð 99,7 fm íbúð við Rofabæ. Tvö svefnherbergi, stofa, stórar svalir, gott eldhús, geymsla og baðherbergi á annarri hæð. Íbúðin er opin og björt.
**Verð 23.9 millj.**



### Herjólfsgata - Laus strax
96 fm risíbúð fyrir 60 ára og eldri. Gott sjávarútsýni. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og baðherbergi.Stæði í bílageymslu. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning.
**Verð 32.9 millj.**

hof fasteignasala

Hof fasteignasala
Síðumúla 24
Sími: 564 6464
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson
löggiltur fasteignasali



Jón Guðmundsson
sölustjóri

# EIGNIR VIKUNNAR

## LOGAFOLD - EINBÝLI



Fallegt einbýlishús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Gert ráð fyrir auka íbúð á neðri hæð. Eignin er skráð 227 fm, íbúðarrými 195 fm og bílskúr 32 fm (auk ca. 90 fm eða alls ca. 317 fm). **Verð 69 millj.**

## LOGAFOLD - EINBÝLI



Mjög gott 217 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Stofu og borðstofu með arini, mikilli lofthæð og eldhús með eikarinnréttingu. Forstofuherb. og 3 svefnherb. einnig tvö herb. í risi. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og uppgert gestasalerni. Innan gengt úr þvottaherb. í bílskúr. **Verð 63,5 millj.**

Frum

## LOGAFOLD - PARHÚS



Mjög gott 183,2 fm parhús á einni hæð með innbyggðum býlskúr. Endurnýjað baðherbergi og 3 til 4 svefnherbergi. Eldhús með borðkrók og rúmgóð og björt stofa og borðstofa. Parket og flísar. Falleg lóð.

## NÝBÝLAVEGUR - BÍLSKÚR



Mjög góða 3 til 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með stórum og góðum bílskúr. Tvö herbergi (voru þrjú) og flísalagt baðherbergi. Gott eldhús með þvottah. inn af og björt stofa.
**Verð 26 millj.**

## NAUSTABRYGGJA - BÍLSKÝLI



Glæsilega 111 fm 4ra herbergja enda íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli. Björt og góð stofa og fallega innréttað eldhús með þvottah. inn af. Þrjú góð svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. Gott stæði í bílskýli.
**Verð 29,2 millj.**

## BÁSBRYGGJA - LYFTUHÚS



Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt góðum bílskúr. Fallegar viðarinnréttingar, massíft parket á gólfum, flísalagt baðherb. Frábært útsýni yfir smábátahöfnina.
**Verð 36,9 millj.**

## NAUSTABRYGGJA - FALLEG



Falleg 131fm íbúð á tveimur hæðum. Góð stofa, eldhús, þrjú svefnherb og flísalagt baðherbergi. Á efri hæð er rúmgott sjónvarpsherb. Þvottaherb. í íbúð.
**Verð 29,7 millj.**

## JÖRFAGRUND - KJALARNES



Falleg 3ja herbergja neðri sérhæðir í nýju fjórbýlishúsi. Tvö rúmgóð herbergi með skáp og flísalagt baðherbergi. Gott eldhús með borðkrók og björt stofa með útgang á lóð.
**Verð 22,4 millj.**

## STEKKJARSEL - 2JA HERB.



Góð ósamþykkt 61,3 fm 2ja herbergja íbúð í þríbýlishúsi. Stofa, eldhús og rúmgott svefnherbergi með skáp og nýlega uppgert baðherbergi með þvottaaðstöðu.
**Verð 12,5 millj.**

## SUMARHÚS - GRÍMSNESI



Nýtt glæsilegt 87 fm sumarhús með 65 fm sólpalli. Hús stendur á 7007 fm eignalandi í landi Ásgarðs með miklu útsýni. Að utan er húsið klætt með bárustáli og cedrusvið.
**Verð 17,9 millj.**

www.hofid.is



TIL SÖLU

# Glæsilegt heilsárshús í Fljótshlíðinni



Frum









Húsið er 74 fm. auk ca. 40 fm. svefnlofts og stendur á 1.5 ha eignarlóð við jörðina Háamúla. Leyfi er fyrir 60 fm gestahúsi. Húsið stendur á steyptum grunni. Vandað hús og öll vinnubrögð eftir því. Búið er að setja rafmagn og vatn. Stórfenglegt útsýni til Eyjafjallajökuls, Stóra Dímons og inn til Þórsmerkur. Húsið afhendist fokhelt að innan og tilbúið að utan. Einstakt tækifærið til að eignast heilsársárshús á frábærum útsýnisstað, þessa vikuna 13,9 mill. Einnig kemur til greina að setja hann upp í íbúð á höfuðb.svæðinu

**Nánari upplýsingar veitir**
**Magnús Viðar húsasmiður í síma 894 9022**


## 210 Garðabær: Útsýni yfir haf og hraun

### Strandavegur 11: Nýlegt hús með lyftu

**Eignamiðlun** hefur til sölu fallega íbúð á þriðju hæð við Strandveg í Garðabæ. Úr íbúðinni er fallegt útsýni yfir haf og hraun. Húsið var byggt árið 2004 og er með lyftu í stigagangi.



**Eignin** skiptist í hol, þvottahús, eldhús, tvö herbergi, opið sjónvarpsherbergi (sem auðvelt er að breyta í herbergi) og baðherbergi. Sér geymsla er í kjallara og stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er öll hin vandaðasta með fallegum gólfefnum, stórum gluggum og vönduðum innréttingum.

**Lýsing:** Komið er inn í hol með skápum sem opnast inn í stofu og eldhús. Eldhúsið er opið og er það með fallegri eikarinnréttingu með efri og neðri skápum og eyju. Granít er á borðum, keramikhelluborð og háfur. Stofan og borðstofan eru samliggjandi og eru mjög bjartar og rúmgóðar. Á gólfum er parket. Útgangur er út á svalir sem snúa í suðvestur. Sjónvarpsherbergið er parketlagt og myndar eitt rými með stofunni og borðstofunni. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf, með sturtu og innréttingu með granítborði. Upphengt salerni og handklæðaofn. Herbergin eru tvö og eru þau bæði parketlögð og með skápum. Sameignin er falleg og gengur lyftan niður í bílageymsluna. Magnea Sverrisdóttir fasteignasali sýnir íbúðina, 861-8511. Íbúðin verður til sýnis á opnu húsi í dag 19. nóvember frá 16.30 til 17.00.



**Verð:** 43.500.000

ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is www.as.is
Opið virka daga kl.9–18

# NÝBYGGINGAR

## SKIPALÓN 4-8 - HFJ.



Stórglæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri á góðum útsýnisstað á Hvaleyrarholti.
Hágæðainnréttingar frá Agli Árnasyni
Uppþvottavél og ísskápur fylgir
Granít á borðum og sólbekkjum
Bílageymsla
Arinn og tvö baðherb. í stærri íbúðum
Tvennar svalir á stærri íbúðum
Afnotaréttur af 55 fm samkomusal
Golfvöllur í göngufæri
Afhending í mars-apríl 2008
Verð frá **18,5 millj.** 7133

## NORÐURBAKKI -1 OG 3 - HFJ.



Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu á frábærum stað við sjávarsíðuna í miðbæ Hfj.

- Vandaðar innréttingar frá InnX og tæki frá Miele
- Granítborðplötur
- Sameiginlegt garðsvæði á milli húsanna
- Sjónvarpsdyrasími
- Þakgarður 6649

## FURUÁS 2 -6 - HFJ.



Falleg 240 fm raðhús m/bílskúr á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ. Möguleg 6 sv.herb. Möguleg aukaíbúð. Fullbúin að utan og fokheld að innan. **Verð frá 39,0 millj.** 6891

## KVISTAVELLIR 56-64 - SKIPTI MÖGULEG




Glæsileg og sérlega vel skipulögð 222 fm raðhús m/bílskúr. 4-5 sv.herb. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. **Verð frá 33,6 millj.** 6616

## BJARKARÁS - GBÆ



Sérlega glæsilegar og rúmgóðar lúxusíbúðir á frábærum útsýnisstað efst í Ásahverfinu. **AÐEINS 6 ÍBÚÐIR EFTIR.** 6212

## NORÐURBAKKI 5 - HFJ.



Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.

- Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
- Gólfhiti m/hitastýringu í hverju rými
- Extra lofthæð
- Flísalagðar svalir og timburverandir
- Sjónvarpsdyrasími
- Þakgarður 6928

## DREKAVELLIR 11 - HFJ.



Glæsilegar 151-157 fm 4ra herb. raðhúsaíbúðir með opnu bílskýli. Húsin eru á þremur hæðum. Tvennar svalir í suður og norður á 2. og 3. hæð. Fullbúið að utan og fokhelt að innan. **Verð frá 31,0 millj.** 7123

## KVISTAVELLIR 2-8 - HFJ.



Falleg 191,3 fm raðhús m/bílskúr. 4 sv.herb. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. **Verð frá 28,9 millj.** 6781

## FLATAHRAUN - HFJ



Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í 5 hæða lyftuhúsi á frábærum stað. Afh. við kaupsamn. Allt að 90% lán. **Verð frá 23,9 millj.** 6344

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

# FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

Fyrirtækjasala Íslands

**Valgeir Kristinsson**, hrl., lögg. fasteignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

## HVERFISVERSLUN - MEÐ GÓÐA VELTU, Nýtt á skrá

Til sölu rótgróin og þekkt hverfisverslun í eigin húsnæði með mjög góða afkomu. Velta 10-12 millj á mán. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 35.

## STÁLSMIÐJA í EIGIN HÚSNÆÐI., Nýtt á skrá.

Til sölu stálsmiðja sem er með alla almenna stálsmíði svo og verkefni og innflutning tengdan því. Er í mjög góðu nýlegu eigin húsnæði. Selst saman eða í sitt hvoru lagi. Frábært tækifæri og gott verð.

## VEITINGAREKSTUR - SÖLUTURN - ÍSSALA.

Er í björtu og rúmgóðu húsnæði, nýlega endurnýjuðu. Heitur matur í hádeginu. Hamborgarar og fl allan daginn Tekur yfir 50 manns í sæti. Mjög flottur staður og fín innkoma. Lúgusala. Næg bílastæði.

## STÓR SÖLUTURN- GRILL - ÍS - VIDEÓLEIGA Nýtt á skrá

Til sölu glæsilegur söluturn með grill, ís og videóleigu. Er í 200 fm húsnæði í vinsælum þjónustukjarana. Góð afkoma. Endillega leitið nánari upplýsinga.

## VINSÆL SVEITAKRÁ/PÖBB.

Staðurinn tekur um 140 manns, og er rekstur staðarins til sölu. Tilvalið fyrir kokk og þjón vegna meiri matargerðar og veisluþjónustu. Stórgott tækifæri á fínu verði.

## HÁRSNYRTISTOFA Í MIÐBORGINNI Nýtt á skrá.

Til sölu glæsileg hársnyrtistofa í miðborginni, 6 vinnustöðvar, 2 vaskstólar. Smart stofa, með góða afkomu. Stórgott tækifæri.

## SÖLUTURN - ÍSBÚÐ. Topp tækifæri.

Söluturn með íssölu í hverfi 107. Góð staðsetning, og rúmgott húsnæði, og verðið aðeins 3,5 millj Einstakt tækifæri.

## SKEMMTISTAÐUR OG VEISLUÞJÓNUSTA. Nýtt á skrá

Til sölu þekkt fyrirtæki í veisluþjónustu og skemmtanahaldi og er með fullt vínveitingaleyfi og skemmtanaleyfi. Búnaður fyrir allt að 120 manns í veislum. Er í mjög góðu 270 fm eigin húsnæði sem hægt er að fá keypt.

## HÁRGREIÐSLUSTOFA Í HVERFI 101..

Til sölu þekkt hárgreiðslustofa vel staðsett, 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og allur búnaður mjög góður. Verð 5- 6 millj.

## HEILDSALA - SMÁSALA Í RENNILÁSUM og FL.

Til sölu þekkt verslun og heildverslun í rennilásum og öðrum vörum til fataiðnaðar. Fyrirtækið hefur starfað í yfir 20 ár og hefur mjög góða framlegð. Kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki. í svipuðum rekstri. Er í mjög rúmgóðu húsnæði. Hefur mikla sérstöðu á markaði. Er með traust umboð og vandaða vöru. Frábært tækifæri fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

## Nýtt á skrá - ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA.

Var að koma á skrá, falleg og velstaðsett hársnyrtistofa, 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar, nánast allt nýendurnýjað. Staðsetning mjög góð. Frábært tækifæri.

## HEILSUSDTÚDÍÓ - SNYRTISTOFA. Frábært verð

Til sölu glæsilegt heilsustúdíó og snyrtistofa með góðan tækjakost. þekkt stofa í flottu húsnæði. Staðsetning mjög góð. Mikið að gera. Frábært tækifæri.

## HVERFIS-PÖBB Í EIGIN HÚSNÆÐI.

Til sölu hverfis-pöbb í ca 240 fm eigin húsnæði, flott innréttað. Mjög góð aðkoma og bílastæði. Stór verönd og skjólveggir fyrir utan plássið. Allt sér. Nú er lag. Endilega leitið upplýsinga.

## SNYRTISTOFA OG HEILSUSTUDIÓ.

Til sölu þekkt heilsustudió og snyrtistofa. Stofan sérhæfir sig í líkamsmeðferðum, s.s. meðferðum til grenningar, styrkingar, mótunar og hreinsunar.Auk þess allri alhliða snyrtingu og naglaásetningu. Mjög góður aðbúnaður í rúmgóðu húsnæði. Stórgott tækifæri á mjög góðu verði.

## TÍSKUVERSLUN Á LAUGAVEGINUM.

Til sölu af sérstökum ástæðum vel staðsett tískuverslun, sem verslar með notaðan innfluttan kventískufatnað. Allt eigin innflutn. Verð aðeins 2,5 millj. Einstakt tækifæri.

## ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA - MJÖG VEL STAÐSETT

Til sölu glæsileg og vel búin hársnyrtistofa, frábærlega vel staðsett, í góðu húsnæði, með góð bílastæði fyrir framan. 6 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og allur búnaður mjög góður. Verð 7 millj.

## BÓNSTÖÐ - MIÐSVÆÐIS - GOTT TÆKIFÆRI

Til sölu bónstöð í hverfi 105. Er í góðu rúml. 200 fm leiguhúsnæði. Mikið um fasta viðskiptavini, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Mjög gott verð, aðeins 6 milljónir.

## BARNAFATAVERSLUN MEÐ TOPP MERKI.

Til sölu skemmtileg barnafataverslun með vinsæl og flott vörumerki fyrir 0-16 ára í góðu leiguhúsnæði við Laugaveginn. Glæsileg vara - góð sala. Topp tækifæri.

## GLÆSILEG SNYRTISTOFA og VERSLUN:

Til sölu þekkt og einkar glæsileg stofa á frábærum stað með góða aðkomu. Góður tækjakostur. Tilvalið fyrir 2 snyrtifræðinga og naglafræðing. Skemmtilegt tækifæri.

## VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR í hverfi 108

Til sölu þekktur skyndibitastaður í austurborginni með fína afkomu. Vel tækjum búin Bullandi traffic. Liggur vel við allri umferð. Tekur yfir 30 manns í sal.. Gott dæmi.

**Fjöldi annarra fyrirtækja á skrá!**

**Leitið nánari upplýsinga. - Sjáið: www.atv.is**

Frum



# C.F. Richsvej 110

Frederiksberg
Glæsileg íbúð í Kaupmannahöfn

**Stærð: 61 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1937**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind





**Vilt þú eiga glæsilega íbúð í Köben?** **Verð: 24.900.000**

Glæsileg endurnýjuð íbúð í rólegu og góðu hverfi, nálægt Metro (Flintholm St.), viðskiptaháskólanum, búðum og nýja Frederiksberg Have svæðinu. Fallegt hvít-olíulakkað parket á gólfum. Stórt svefnherbergi með möguleika fyrir vinnuaðstöðu. Alrými/eldhús, falleg hvít HTH innrétting, uppþvottavél og kombi þvottavél og þurrkari. Hiti er í flísalögðu eldhúsgólfinu. Vestur svalir. Lítið aukaherbergi er í íbúðinni. Baðherbergið flísalagt, með baðkari. Sér geymsla í kjallara og í húsinu er breiðband.



Konráð Konráðsson
**+453 0693680**
Sölufulltrúi
konrad@remax.dk



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**



Strandgötu 29 Akureyri
Símar: 464 9955 • Fax: 464 9956

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
*Traust fasteignasala!*

**www.byggd.is**

# Land í Reykjadal

**Til sölu einn sjötti jarðarinnar Máskot í Reykjadal, þingeyjarsveit. Jörðin er í það heila um 420 ha. og eru því um 70 ha. lands til sölu.**
**Jörðin liggur að Reykjadalsá og Másvatni. Reykjadalsá er þekkt laxveiðiá og mikil silungsveiði er í Másvatni. Máskot er einungis í 20 min. fjarlægð frá Húsavík og stutt er í náttúruperlur Mývatnssveitar. Tilboð óskast.**

**Allar frekari upplýsingar á fasteignasölunni**
**Byggð í síma 464-9955**

**Jón Kr. Sólnes, hrl. lögg. fast.sali - Björn Guðmundsson, lögg. fast.sali**

Frum



**Fasteignablaðið**

Sími:

# 512 5469

# 694 4103

**Ruth Bergs**
ruth@365.is



**Strandgötu 29 - Akureyri - www.byggd.is**

# Sími 464 9955

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
*Traust fasteignasala!*

# Gistiheimili í fullum rekstri í hjarta Akureyrar til sölu






**Björn Guðmundsson, lögg. fasteignas.**

Frum

# Varstu að selja og áttu eftir að kaupa?

GOTT FÓLK

Með **Vaxtareikningi** færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

**Vaxtareikningur** er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

**Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.**

Landsbankinn

# FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

MIÐSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

**Óskar Mikaelsson,**
próf í fasteigna-, fyrirt.- og skipasölu, ráðgjafi atvinnuhúsnæðis

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi

**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. fasteignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is**

## Drangahraun Hfj.



Í einkasölu vel staðsett steinsteypt atvinnuhúsnæði, skiptist í 1.122 fm framhús á tveimur hæðum auk 255 fm bakhúsi, samtals um 1.377 fm. Neðri hæðin er að mestu nýtt undir létta iðnaðarstarfsemi en getur hentað verslun, hlaupaköttur, innkeyrsluhurðir í porti, starfsm.aðst., wc, móttaka. Á efri hæð eru m.a. skrifstofur, wc, kaffiaðstaða og eldhús. Bakhúsið með 3 innkeyrsluhurðum og góðri lofthæð. Mögulegur byggingarréttur. Teikningar og frekari upplýsingar á skrifstofu okkar.

## Drauma - Dótakassinn.



Til sölu geymsluskúrar, vel staðsettir á vöktuðu svæði við Móhellu. Lóð afgirt með girðingu og hliði. Stærð er 26,3 fm eða 52,6 fm með um 3,2 mtr. Lofthæð, innkeyrsluhurðir um 3 mtr. Lóðin er öll malbikuð. Vöktuð gæsla á svæðinu. Teikningar og upplýsingar um verð á skrifstofu.

## Flugumýri, Mos, 968 fm iðnaðarhúsnæði.



Til sölu mjög gott 968 fm iðnaðarhúsnæði með braut f. brúarkrana, auk tæpl. 200 fm samþ. viðbyggingarréttar. Húsið samlokuklædd stálgrind, skrifstofuaðstaða, wc. Húsið er með 9 mtr. mænishæð, þakbirta og reyklosun í mæni. Það eru 4 innkeyrsluhurðir, þar af 1 sem er 5x5 mtr. Hentar vel flestri iðnaðarstarfsemi.

## Drangahraun, Hfj, 528 fm.



Í einkasölu vel staðsett samtals 528 fm iðnaðarhúsnæði, þar af er 108 fm á 2. hæð m.a. undir skrifstofur. Húsið er steinsteypt hornhús með mjög rúmgóðri lóðarakomu. Húsið er með mikilli lofthæð, 5,8 vh. og 7,4 í mæni, stálbitarennur fyrir allt að 5 tonna brúarkrana gafla á milli, stórar innkeyrsluhurðir 3x talsins, skrifstofur, wc og kaffistofa. Húsið er til sölu eða leigu og hentar undir flesta atvinnustarfsemi. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar.

Frum

## Miklabraut - Verslun - Þjónusta.



Til sölu sérlega vel staðsettar verslunar- og þjónustueiningar á einu fjölfarnasta og mest áberandi horni höfuðborgarinnar. Hægt er að kaupa eignirnar stakar eða sem ein heild. Eignirnar eru á verslunarhæð auk rýmis í kjallara hússins og skiptast þannig: 28,5 fm og 52,3 fm rými á verslunarhæð auk 73,5 fm rými í kjallara eða samtals 125,8 fm, jafnframt er 49 fm viðbygging auk 42,3 fm rými í kjallara, einnig er sjálfstæð bygging 36 fm. Nánari upplýsingar um einingar og verð á skrifstofu okkar.

## Urðarhvarf, Kóp. - Versl.-/Skrifstofuhúsn.



Til sölu við Urðarhvarf í Kópavogi samtals 4.848 fm skrifstofu- og verslunarhúsnæði, auk bílageymslu á 2 hæðum. Um er að ræða glæsilegt húsnæði á samtals 6 hæðum og gert ráð fyrir verslun og þjónustu á 1. og 2. hæð hússins. Teikningar, byggingar- og skilalýsing á skrifstofu.

## Eyrartröð, Hfj., góð lofthæð.



Til sölu mjög vel staðsett samtals 1.170 fm atvinnuhúsnæði á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Tvær háar innkeyrsluhurðir. Lóðin er stór og rúmgóð með mjög góðri aðkomu. Mikil lofthæð. Milligólf eru skrifstofur, eldhús, salerni.

## Súðarvogur 240 fm.



Til sölu sérlega vel staðsett og standsett atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Neðri hæðin er 120 fm, með innkeyrsluhurð, rýmið er einn salur/lager. Efri hæðin er 120 fm, gott eldhús og baðherbergi, opið og bjart rými, mjög fallegt útsýni. Góður möguleiki að hafa íbúð uppi. Húsnæðið er með góða aðkomu Kænuvogsmegin. Eignin er sérlega vel viðhaldið.

## Lónsbraut, Hfj, innkeyrslubil.



Til sölu vel staðsett í nýlegu húsnæði við Lónsbraut, húsnæði sem er 145 fm að birti stærð auk ca. 70 fm. milligólfs, þar sem eru fallega innréttaðar skrifstofur og starfsm.aðstaða. Lofthæð er um 5,9 mtr. Oversize innkeyrsluhurð. Lóð malbikuð.

# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

534 1020

www.atvinnueignir.is

## ✓ Verslunarhúsnæði

**GLÆSIBÆR, 104 RVK. | 275 fm.**

Til leigu. Verslunarhúsnæði á aðalhæðinni í Glæsibæ. Gluggar frá gólfi upp í loft. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411

**DALVEGUR, 200 KÓP. | 440 fm.**

Til leigu. Stórir gluggar. Steinteppi á gólfum. Húsnæðið er aðalega opið rými. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**IÐUFELL, 111 RVK. | 490 fm.**

Til leigu gott verslunarhúsnæði í Breiðholti. Verð tilboð óskast.

**BÆJARFLÖT, 112 RVK. | 1.867 fm.**

Til leigu. Nýtt verslunar/þjónustuhúsnæði. Fjórar stórar innkeyrsludyr, stórt bílaplan. Mögulegt að skipta húsnæðinu í tvennt. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**SUÐURLANDSBRAUT, 108 RVK | 1.100 fm.**

Til leigu. Nýuppgert skrifstofu- og verslunarhúsnæði á besta stað í hverfi 108. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**ÁRMÚLI, 108 RVK. | 506 fm.**

Til leigu: verslunarhúsnæði, 506 fm. Innkeyrsludyr að aftan. Laust strax. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

**LYNGÁS, 210 GBR. | 120 fm.**

Til leigu. Gott verslunarhúsnæði sem snýr að Lyngás í Garðabæ. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

## ✓ Iðnaðar- / lagerhúsnæði

**NORÐURHELLA, 221 HFJ. | 239 fm.**

Til leigu eða sölu. Sex iðnaðar/þjónustubil í nýju húsi á Völlunum sem snýr að íbúðarbyggðinni. Neðri hæð 166 fm. Milliloft yfir hluta, 72 fm. Laust 1.3.2008 Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703

**LÆKJARMELUR, 116 RVK. | 122 - 3923 fm.**

FORSÖLUTILBOÐ. Til sölu eða leigu 122- 3923 fm iðnaðar bil / dótakassar Afhendist sumar 2008. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703

**KLETTAGARÐAR, 104 RVK. | 3.000 fm.**

Til leigu þrjú ca. 3.000 fm. lagerhúsnæði við Klettagarða við Sundahöfn. Sum laus strax. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411

**AKURSBRAUT, 300 AKN. | 400 fm.**

Til leigu eða sölu, lagerhúsnæði við Akursbraut á Akranesi. Húsnæðið er samtals um 400 fm. og skiptist upp í 3 bil. Verð: Tilboð óskast.

**VÍKURBRAUT, 230 REB. | 1.300 fm.**

Til leigu út árið 2008. Iðnaðar/geymsluhúsnæði með góðum innkeyrsludyrum. Ódýrt! Verð: Tilboð óskast.

**FORNUBÚÐIR, 220 HFJ. | 700 fm.**

Til leigu. Mjög gott 700 fm atvinnuhúsnæði við Hafnarfjarðarhöfn með tveimur innkeyrsludyrum 4x4 metrar hver. Húsnæðið er laust. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

**STÓRHÖFÐI, 110 RVK. | 722 fm.**

Til leigu eða sölu. Gott lagerhúsnæði í höfðahverfinu. Eignin er laus eftir um 6 mánuði. Lofthæð er um 3 metrar undir bita. Verð: Tilboð óskast.

## ✓ Skrifstofuhúsnæði

**SMIÐJUVEGUR, 200 KÓP. | 150 -900 fm.**

Til leigu: Skrifstofuhúsnæði í nýju húsi. Stærðir; 150fm., 300 fm., 600 fm. og saman 900 fm. Óinnréttaður salur, hægt að innrétta að óskum leigjanda. Verð: Tilboð óskast.

**BRAUTARHOLT, 105 RVK. | 420 fm.**

Til leigu. Mjög gott 420 fm. nýuppgert skrifstofuhúsnæði, þriðja og efsta hæð í mjög góðu húsi. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

**HÓLMASLÓÐ, 101 RVK. | 110 fm.**

Til leigu. Ný skrifstofuhæð. Þriðja og efsta hæð sem er nýbygging. Mikið útsýni, í allar áttir. Gluggar á fjóra vegu. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

**SUÐURLANDSBRAUT, 108 RVK. | 210 fm.**

Til leigu: Skrifstofa. Opið rými, sem verður innréttað eftir óskum leigjanda, á þriðju hæð við Suðurlandsbraut. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**BORGARTÚN, 105 RVK. | 314 fm.**

Til leigu: Glæsileg og fallega innréttuð skrifstofuhæð á efstu hæð við Borgartún. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**LÁGMÚLI, 108 RVK. | 70 - 570 fm.**

Til leigu: Nokkrar skrifstofuhæðir við Lágmúlann. Sumar lausar strax. Verð: Uppl. gefur Ólafur 824-6703.

**GRENSÁSVEGUR, 108 RVK. | 670 - 1440 fm.**

Til leigu. Nokkrar skrifstofuhæðir lausar við Grensásveg. Verð: Uppl. gefur Helgi 663-2411.

*Mörg önnur atvinnuhúsnæði á skrá. Hafðu samband við Helga, 663-2411, eða Ólaf, 824-6703, og ræddu við okkur um það sem þú leitar að.*



Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali



Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali





Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali



Elfa
Bergsteinsd.
sölufulltrúi



Erla
Viggosdóttir,
ritari



Páll
Guðjónsson
sölufulltrúi



Sigurlaug Ásta
Sigvaldadóttir
sölufulltrúi



Bragi
Valgeirsson
sölufulltrúi

Síðumúli 27, 108 R   www.remax.is   eignastyring@remax.is

# RE/MAX

EIGNASTÝRING S: 534 4040



### STEKKJARHVAMMUR, HF

Fallegt, vandað og vel umgengið raðhús á tveimur hæðum ásamt risi og bílskúr alls 186,5 fm. Vandaðar innréttingar, fjögur svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, stór verönd. Mjög gott hús.
**Verð kr. 39,5 millj.**



### BÓLSTAÐARHLÍÐ, R.VÍK

Góð 4 herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílskúr á þessum rólega stað. Þrjú svefnherbergi. Björt og rúmgóð stofa/borðstofa. Nýleg innrétting í eldhúsi.
**Verð kr. 30,9 millj.**



### ENGJASEL, REYKJAVÍK

Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílskýli. Húsið ný viðgert og málað, nýlegt þak. Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu.
**Verð kr. 21,9 millj.**



### KEILUFELL, REYKJAVÍK

Gott tveggja hæða einbýlishús auk sérbyggðs bílskúrs/bílskýlis, samtals 176 fm. Fimm svefnherbergi. Eldhús hefur verið endurnýjað. Húsið stendur á hornlóð á afar rólegum stað. Fallegur garður.
**Verð kr. 40,9 millj.**



### NJÁLSGATA, REYKJAVÍK

Mjög falleg algjörlega endurnýjuð 75 fm. 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi. Góðar svalir sem snúa inn í garðinn. Toppeign.
**Verð kr. 22,5 millj.**



### LAUTASMÁRI, KÓPAVOGUR

Snyrtileg og rúmgóð 5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Fjögur svefnherbergi. Þvottahús í íbúð. Góð staðsetning.
**Verð kr. 26,9 millj.**



### LANGAMÝRI 8-14, ÁRBORG,

Sökklar auk steyptrar platna með tilheyrandi lögnum undir 8 raðhús á 1.566 fm. eignarlóð Samþykktar teikningar fylgja. Stærð hvers húss er áætlað 160 fm. á tveimur hæðum. Möguleiki á fjármögnun að stærstum hluta.
**Verð kr. 11 millj. á hvert hús eða samtals kr. 88 millj.**



### BLÖNDUBAKKI, REYKJAVÍK

Mjög góð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjöleignarhúsi. Nýtt fallegt eldhús. Parket á gólfum. Þvottahús í íbúð. **Suður svalir. Stórkostlegt útsýni.**


Frum

# Ef það hægir á

# FASTEIGNAMARKAÐI

## vertu þá viss um

## að það sé verið að vinna

# 100% í þinni eign

- Hvað gerir fasteignasalinn þinn fyrir þig?
- Myndi fasteignasalinn þinn vinna fyrir þig á sunnudögum?
- Myndi hann vinna fyrir þig á kvöldin ?
- Hvað er langt síðan þú heyrðir í fasteignasalanum ?

**VIÐ VINNUM 100% FYRIR ÞIG**

RE/MAX
Lind



**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



**Berglind Þyrí Guðmundsdóttir**
Sölufulltrúi
**864 0803**
berglindg@remax.is



**Lilja E. Jónsdóttir**
Sölufulltrúi
**690 2708**
liljae@remax.is



**Olly Björk Ólafsdóttir**
Sölufulltrúi
**867 5099**
olly@remax.is



**Ingunn Björnsdóttir**
Sölufulltrúi
**698 8080**
inngunnb@remax.is



**Gunnar Ólason**
Sölufulltrúi
**694 9900**
gunnarolason@remax.is



**Kristín Skjaldardóttir**
Sölufulltrúi
**824 4031**
kristins@remax.is



**Óskar Freyr Pétursson**
Sölufulltrúi
**899 9427**
oskar@remax.is



**Valdimar Örn Matthíasson**
Sölufulltrúi
**823 2217**
valdimarorn@remax.is



**Þórarinn Jónsson Hdl.**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

HRINGDU NÚNA
# 699 5008

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur

# Sumt þværðu ekki af þér

**UMRÆÐAN**
Kynferðisofbeldi


ALBERT JENSEN

Eitt af verstu okum allra þjóða eru mannleysurnar. Engin þjóð losnar við að geta af sér skaðleg afkvæmi og er böl af þeirra völdum með ólíkindum mikið. Sumar af þessum verum eru nánast andleg afskræmi og gegnir furðu hve lög landsmanna eru þeim hliðholl í samanburði við það sem snýr að heilbrigðum og heiðarlegum borgurum. Nýtur og ábyrgur þegn sem skilar vel til þjóðfélagsins getur lent í stórvandræðum og peningaútlátum vegna stöðumælasektar eða fyrir að vera degi á eftir með skattaskýrslu. Hins vegar eru svo vesalings ræfils ólánsmennirnir, eins og úrræðalaus stjórnvöld kalla gjarnan þá sem þau ráða ekki við og geta nær óheftir nauðgað, barið og rænt samborgara sína.

Heiðarlegu fólki er refsað fyrir smávægilega gleymsku og verður því að vera á sífelldum verði gagnvart glæpahyski, eigna- og peningasöfnurum, bönkum og valdhöfum. Það er sorglegt að skynsöm þjóð skuli forgangsraða verkefnum með svo heimskulegum hætti sem okkar. Það má rekja til glámskyggnra þingmanna, því með lögum skal land byggja. Ég ætla til dæmis ekki að ræða dauðagildrurnar sem einbreiðu, tvíátta vegirnir og brýrnar eru, eða um rándýr göng á fáförnum leiðum. Eftirlaunalögin ekki heldur né vöntun á fangelsum og þjálfunar- og vinnubúðum fanga. Nei, hér vek ég athygli á skömm þeirri og skaða sem handónýt lög lélegra þingmanna eru ennþá að valda þjóðinni. Lög þessi eru um hvað má og hvað ekki og eru það sem lögreglan hefur til að styðjast við til varnar almenningi gegn ört vaxandi glæpahyski. Það þarf að leita til almennings til að hjálpa krabbameinsveikum börnum og andlega veiku fólki, á sama tíma og mulið er undir forherta glæpamenn og sumum þeirra dæmdar bætur vegna klúðurs og lélegra laga.

Svívirðilegustu glæpirnir eru þeir sem beinast að börnum og nauðgun kvenna, en unglæknar fjölluðu um nauðgun og afleiðingar með setningunni „sumt þværðu ekki af þér“. Nauðgarar eiga aldrei að geta þvegið níðingsverkið af sér nema að takmörkuðu leyti með sérstökum hætti. Ég legg til að Stígamót eða sambærileg stofnun verði styrkt til að framleiða kort sem fórnarlömb og aðstandendur þeirra geta keypt og sent nauðgurum árlega þangað til þeir viðurkenna níðingsverkið og iðrast opinberlega. Kortin eiga að minna níðinginn á illvirkið og afleiðingar þess og vera liður í baráttunni. Best væri að hafa tvær gerðir

*Ég legg til að Stígamót eða sambærileg stofnun verði styrkt til að framleiða kort sem fórnarlömb og aðstandendur þeirra geta keypt og sent nauðgurum árlega þangað til þeir viðurkenna níðingsverkið og iðrast opinberlega.*

korta, þannig að hægt væri að senda forvarnarkortin til viðeigandi hóps. Ég treysti fagfólki til að hanna kortin á áhrifaríkan hátt, en nauðsynlegt er að þar komi fram munur þeirra og að nauðgarar þurfi geðhjálp. Að lokinni verslunarmannahelgi bæla mörg fórnarlömb nauðgara sig og hugsa með hryllingi til þeirrar skelfingar sem þessi helgi bar með sér inn í líf þeirra. Þær sem urðu fórnarlömb níðinganna geta aldrei þvegið óþverrann af sér frekar en illmennin.

Fyrir nokkrum árum treysti ung og efnileg stúlka sér ekki til að lifa eftir að dómar gengu nauðgara hennar í hag og framdi sjálfsmorð. Önnur varð viðskila við kærasta sinn og var nauðgað af hópi ungra manna. Hún truflaðist á geði og níðingarnir sluppu. Ónefnd kona sagðist þekkja til tveggja nauðgara sem dómarar sáu ekki við og kvaðst mundu kaupa slík kort hverja verslunarmannahelgi og senda þeim báðum. Ég er sannfærður um að slík kort hefðu fyrirbyggjandi áhrif, því ólíklegt er að nauðgarar njóti þess að vera minntir á níðingsverk sín. Kortin gefa líka fórnarlömbunum tækifæri til að létta á ógnarbyrði nauðgunarinnar með því að senda kvölurum sínum kortin árlega. Næstum allt á að vera leyfilegt gagnvart þeim óþverrum sem nauðga. Allt væl þeim til málsbótar er viðkomandi til skammar.

*Höfundur er trésmíðameistari.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.







**INDIRA GANDHI, FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA INDLANDS, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1917.**

*„Til eru tvenns konar manngerðir: þær sem vinna verkin og þær sem eigna sér heiðurinn að þeim. Reynið að vera í fyrri flokknum, þar er mun minni samkeppni.“*

*Indira Gandhi lést árið 1984 og hvílir í Madras.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 19. NÓVEMBER 1959

## *Fyrsti kvenborgarstjóri Íslands*



Þennan dag árið 1959 var lögfræðingurinn Auður Auðuns kjörin borgarstjóri í Reykjavík, ásamt Geir Hallgrímssyni. Hún varð fyrst kvenna til að gegna því embætti en sat þó ekki í því nema tæpt ár, eða til 5. október árið 1960 enda var hún alþingismaður á sama tíma fyrir Sjálfstæðisflokkinn auk þess að vera húsfreyja á stóru heimili.

Auður hóf afskipti af stjórnmálum árið 1946 er hún hlaut þriðja sæti á bæjarstjórnarlista sjálfstæðismanna í prófkjöri sem þá var nýmæli. Hún var forseti bæjarstjórnar frá 1954 til 1970 að undanskildu því ári sem hún var borgarstjóri ásamt Geir. Henni voru falin margvísleg trúnaðarstörf innan borgarinnar en mest mæddu á henni málefni sem varða almenna borgara svo sem fræðslumál, framfærslumál og heilbrigðismál. Á 6. og 7. áratugnum risu margir skólar í borginni og ýmsar nýjungar komu fram. Meðal síðustu verka Auðar sem formanns fræðsluráðs var að ganga frá áætlun um eflingu sálfræðiþjónustu í skólum, samþykkt um að stofna forskóla fyrir sex ára börn og tillögum um bókasöfn í skólum.

### MERKISATBURÐIR

**1875** Thorvaldsenfélagið, sem er elsta kvenfélag í Reykjavík, er stofnað.
**1899** Fríkirkjusöfnuður er stofnaður í Reykjavík.
**1946** Ísland fær aðild að Sameinuðu þjóðunum, skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina.
**1969** Brasilíska knattspyrnuhetjan Péle skorar sitt þúsundasta mark.
**1974** Geirfinnur Einarsson leigubílstjóri hverfur í Keflavík. Hvarfið var aldrei upplýst.
**1983** Fyrsta „bjór“kráin í Reykjavík, Gaukur á Stöng, opnar.
**1985** Fyrsti leiðtogafundur Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov fer fram í Genf í Sviss.

### AFMÆLI



**ARNAR SIGMUNDSSON FORMAÐUR SAMTAKA FISKVINNSLUSTÖÐVA** ER 64 ÁRA.



**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON RITHÖFUNDUR** ER 45 ÁRA.



**HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR LEIKKONA** ER 59 ÁRA



**BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR SELLÓLEIKARI** ER 43 ÁRA.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Margrét Sverrisdótti, Elvar Bjarki Helgason, Sólborg A. Pétursdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Halldóra Traustadóttir.

## MEST skoraði hjá kvenréttindakonum

Kvenréttindafélag Íslands ákvað nýlega að veita fyrirtækinu MEST viðurkenningarskjal fyrir velheppnaða kynningu á fyrirtækinu þar sem staðalímyndir kynjanna eru brotnar upp. Viðurkenningin er fyrir markpóstinn „Þú ferð létt með að saga til næsta bæjar“ en hann var sendur til þeirra sem fengu lóðir afhentar nú í sumar. Að sögn Kvenréttindafélagsins eflir auglýsingin jafnrétti kynjanna og ýtir undir jákvæða ímynd kvenna. „Við lítum á þetta sem mikinn heiður og hvatningu til að gera enn betur í framtíðinni,“ segir Elvar Bjarki Helgason, markaðsstjóri MEST.

MEST er framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á vörum og þjónustu til fagaðila í byggingariðnaði og fólks í verklegum framkvæmdum. Auk almennra byggingavara selur það glugga, stálgrindarhús, bílskúrshurðir, innveggi og kerfisloft, forsteyptar einingar og steypumót, festingar og verkfæri auk ýmissa vinnuvéla og tækja til bygginga- og lóðaframkvæmda.

**KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS:** HUNDRAÐ ÁRA KENNARAMENNTUN Í LANDINU

# Kennaraskólinn var stundum kallaður háskóli alþýðunnar

Skólaárið 2007-2008 er tímamótaár hjá Kennaraháskólanum. Ekki aðeins eru hundrað ár frá því að lög um kennaraskóla voru samþykkt á Alþingi heldur er þetta líka síðasta árið sem skólinn starfar sem slíkur. Hann verður sameinaður Háskóla Íslands fyrir byrjun næsta skólaárs. Ólafur Proppé skólameistari var inntur eftir sögu skólans í örfáum dráttum.

„Við lítum á Kennaraskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands 1971 sem eina heild með eina sögu. Alþingi samþykkti ný fræðslulög árið 1907 og líka ný lög um kennaramenntun og kennaraskóla á Íslandi. Þau voru staðfest af konungi í nóvember sama ár því við vorum hluti af danska ríkinu á þessum tíma. Þegar var hafist handa við byggingu skólahúss við Laufásveg sem enn stendur en húsið stóð talsvert utan við bæinn þá. Fyrsti skólastjórinn, Magnús Helgason, var ráðinn 17. júní 1908 og svo var byrjað að kenna í nýja húsinu um haustið. Fyrstu nemendurnir voru, held ég, milli 20 og 30. Áður hafði kennaranám verið í boði í námskeiðsformi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði.

Fram eftir öldinni var mjög mikill fjöldi nemenda utan af landi. Það einkenndi þennan skóla. Stundum var hann kallaður háskóli alþýðunnar. Þó var ekki heimavist við skólann þannig að fólk varð að útvega sér húsnæði annars staðar og margir ílentust svo á höfuðborgarsvæðinu við kennslu að loknu námi. Annað sem einkenndi hópinn í kennaraskólanum var að þar var nokkurt jafnræði milli kynja þó að oft færi það svo að konur hættu að kenna þegar þær giftu sig. Einnig var alltaf eitthvað af eldra fólki við nám í Kennaraskólanum enda þurfti það oft að vinna sér inn peninga áður en það hélt til náms í Reykjavík.

Árið 1962 hafði verið byggt nýtt skólahús á Rauðarárholtinu. Þó var kennt á báðum stöðum í nokkuð mörg ár en aðalstöðvar skólans fluttu í Stakkahlíðina. Árið 1971 breytti Alþingi lögum og færði kennaramenntunina formlega á háskólastig. Á þeim 36 árum sem liðin eru síðan hafa svo ýmsir sérkennaraskólar runnið saman við Kennaraháskólann. Hússtjórnarkennaraskólinn fyrstur svo Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Einnig Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni.

Kennaraháskólinn er næstelsti háskólinn á landinu, næstur á eftir Háskóla Íslands. Nú eru um 2.500 nemendur í námi við hann. Þetta er semsagt hundraðasta árið í sögu hans og jafnframt síðasta árið því 1. júlí næstkomandi verður hann nýtt menntavísindasvið innan Háskóla Íslands. Það er margt að gerast af þessu tilefni. Meðal annars er skólinn að gefa út tímamótaverk um íslenska skólasögu. Tveggja binda stórt verk um sögu almenningsmenntunar á Íslandi síðustu hundrað ár. Loftur Guttormsson, kennari í sagnfræði við Kennaraháskólann, er ritstjóri og svo er heill hópur sem vinnur með honum að rannsóknum og undirbúningi. Margt fleira er að gerast á afmælisárinu og lokin á hátíðahöldunum verða í júní á næsta ári.“

gun@frettabladid.is



**ÓLAFUR PROPPÉ, REKTOR KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS** Segir margt að gerast á hundraðasta afmælisári skólans sem jafnframt er hið síðasta í sögu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurberg Sigurðsson**
Hamragerði 17, Akureyri,

lést í Sjúkrahúsinu á Akureyri 12. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 22. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Hrafnhildur Frímannsdóttir**
**Jónína Sigurbergsdóttir** **Þröstur Agnarsson**
**Sigurður Sigurbergsson** **Kristbjörg Eiðsdóttir**
**Halldór Sigurbergsson** **Hildur Andrésdóttir**
**og afabörn.**

## *Undir Hraundranga*

Í tilefni 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar hefur Hið íslenska bókmenntafélag gefið út bókina Undir Hraundranga – Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson.

Ritstjóri hennar er Sveinn Yngvi Egilsson, sem einnig ritar inngang.

Bókin geymir fjölbreytt skrif um ævi og örlög Jónasar; vísindastörf hans, skáldskap og hugmyndaheim, um áhrifavalda og umhverfi hans.

Þá er fjallað um mörg áhugaverðustu verk skáldsins og tekist á um túlkun þeirra, en elstu ritgerðirnar eru eftir Konráð Gíslason og Hannes Hafstein, og hinar yngstu eru frá allra síðustu árum.

Auk núlifandi fræðimanna og skálda eiga margir þekktir höfundar frá tuttugustu öld efni í bókinni.Meðal þeirra eru Einar Ól. Sveinsson, Halldór Laxness, Jakob Benediktsson, Kristinn E. Andrésson, Sigurður Nordal og Svava Jakobsdóttir.

Hið íslenska bókmenntafélag er eina stofnunin hérlendis sem enn starfar af þeim sem Jónas Hallgrímsson vann fyrir, og var hann því nátengdur.



**JÓNAS HALLGRÍMSSON SKÁLD** Í tilefni fæðingarafmælis skáldsins stóð Hið íslenska bókmenntafélag fyrir útgáfu á úrvali ritgerða um Jónas.

# Glæsilegt og viðamikið verk með yfir 500 ljósmyndum

**Hér eru ljósmyndir af öllum gerðum flugvéla sem hafa haft viðdvöl hér á landi um lengri eða skemmri tíma. Sérstök áhersla er lögð á að sýna flugvélarnar í sínu rétta umhverfi, í háloftunum, með íslenskt landslag í bakgrunni. Svo stórt safn slíkra mynda hefur hvergi sést áður.**

*Flugvélar á og yfir Íslandi* er mikill fengur fyrir þá fjölmörgu sem áhuga hafa á flugvélum, tækni og nýjungum liðinna áratuga, samgöngum og atvinnumálum. Bókin höfðar einnig til alls áhugafólks um sögu þjóðarinnar síðustu hundrað árin, ekki síst þeirra sem hafa unun af að skoða fallegar ljósmyndir úr íslensku umhverfi.






MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




# BÖLVUN VETTLINGSINS

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** ER ÞAKKLÁT FYRIR TVÆR HENDUR



Á veturna getur margborgað sig að ganga með vettlinga. Handafatnaður er gjarnan álitinn vera fremur til óþurftar en annað, ekki síst þar sem hann gerir manni erfitt fyrir að handfjatla lykla, bókmenntir, mat, hannyrðir og annað smálegt og nauðsynlegt. En ég spyr þá sem ekki ganga með vettlinga: haldið þið ekki að þið gætuð átt erfitt með að blaða í eftirlætisskruddunni ykkar eða að troða Júmbósamloku í trantinn á ykkur ef fingurnir hefðu allir kalið einn hörkuveturinn og dottið af? Ha? Íhugið þetta í smástund og aðlagið svo hugmynd ykkar varðandi hvort teljist meira vesen að vera með vettlinga á höndunum eða enga fingur.

Vettlingar eru ekki einasta hagnýtir í baráttunni við fingrakul heldur geta þeir líka verið fallegir. Norskir tvílitir vettlingar með stjörnumynstri gleðja augað; það sama má segja um eistneska vettlinga sem flestir eru ótrúlega litríkir. Þeir ofurhugar sem setjast niður og prjóna slíkan grip eru oftar en ekki heiminum horfnir þann tíma sem tekur að ljúka verkinu.

Vettlingar eru einstaklega heillandi handavinna sökum smæðar: maður er rétt búinn að prjóna í örstutta stund þegar manni finnst verkið hálfnað. Þá tekur því varla að hætta og því skal haldið áfram linnulaust þar til skyndilega er komin niðdimm nótt og vettlingurinn er afgreiddur. Þá má taka sér stund til að dást að afrekinu áður en hið óumflýjanlega verður ljóst: nú er verkið fyrst hálfnað og ekkert annað að gera en að endurtaka allt heila klabbið speglað.

Þarna er prjónaranum orðin ljós bölvun vettlingsins. Þegar einum vettlingi er lokið óskar maður þess innilega að maður væri bara með eina hönd, svo óljúft er að hefja vinnuna að nýju. Vandamálið er að væri prjónarinn einhentur legði hann tæpast stund á prjónaskap þar sem verkið krefst tveggja handa. Líkast til er best að þakka sínum sæla fyrir að handafjöldinn er ekki meiri en raun er.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hver er frelsari okkar?

**Leiksýningin Frelsarinn kemur frá Danmörku og verður sett upp í Þjóðleikhúsinu 22. nóvember og hjá Leikfélagi Akureyrar 24. og 25. nóvember. Höfundur sýningarinnar er leikhúslistamaðurinn Kristján Ingimarsson.**


FRELSARINN Líkamleg sýning sem veltir upp áleitnum spurningum.

Neander, danskur leikhópur Kristjáns, hefur að undanförnu sýnt Frelsarann við glimrandi undirtektir í Danmörku. Verkið leitar í heilaga ritningu eftir viðfangsefni og spinnst út frá því myndræn og líkamlega krefjandi sýning. Þar sem trúmál hafa verið talsvert í brennidepli í hérlendri þjóðfélagsumræðu undanfarið, sérlega í kjölfar útgáfu nýrrar biblíuþýðingar, geta íslenskir leikhúsunnendur hrósað happi yfir því að fá tækifæri til að sjá sýningu sem tekst á við trúmál á afdráttarlausan hátt.

Aðalpersóna Frelsarans fær þau skilaboð frá æðri máttarvöldum að hann sé næsti frelsari mannkyns og fá áhorfendur að fylgjast með honum takast á við þetta nýja hlutverk sitt. Sýningin er án orða og er verkinu komið til skila með líkamlegum leik sem er eins konar blanda af leiklist, dansi og bardagaíþróttum. „Þessi líkamlega leiklist byggist í raun á því hvernig leikararnir vinna saman og bregðast hver við öðrum,“ segir Kristján. „Þrátt fyrir að verkið takist á við áleitnar spurningar tel ég að leikur án orða henti viðfangsefninu afar vel þar sem hann leyfir fólki að leggja sína túlkun í verkið í meira mæli en ef farið væri með texta. Það þarf einfaldlega ekki alltaf að segja allt berum orðum.“

Útlit sýningarinnar er myndrænt í meira lagi, enda er hún innblásin af teiknimyndum. „Myndræn hlið sýningarinnar byggist á skörpum stíl japanskra mangateiknimynda. Sviðsmyndin er áhrifamikil; sviðið getur meðal annars lyfst upp í allt að nítíu gráðu halla sem gefur ansi skemmtilega möguleika á ýmiss konar líkamlegum kúnstum. Okkur þótti þessi myndræni stíll hæfa viðfangsefninu þar sem Biblían er afskaplega myndræn frásögn.“

Frelsarinn veltir upp spurningum um stöðu trúarinnar í vestrænum samfélögum nútímans. „Ég hef töluvert íhugað trúmál og stöðu þeirra í nútímanum. Við höfum gefið upp á bátinn trúna á einhvern yfirnáttúrulegan guð, en það er ekki þar með sagt að við eigum okkur ekki frelsara. Í stað trúarleiðtoga eru frelsarar nútímans lýðræðislega kjörnir leiðtogar okkar; við leitum til þeirra til þess að leysa vanda okkar og marka okkur stefnu. Stjórnmálamenn og aðrir sem ná langt í lífinu eru fólk sem kann að nýta hæfileika sína og er einnig óhrætt við að láta dálítið á sér bera. Það sama má í raun segja um Jesús, en hann var óragur við að nýta sér umtal fólks og náði því að koma hæfileikum sínum á framfæri,“ segir Kristján að lokum.

vigdis@frettabladid.is

# Sígilt hádegi

Hugljúf og kunn tónverk hljóma á öðrum hádegistónleikunum sem Listasafn Reykjavíkur heldur í samstarfi við Tríó Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í dag kl. 12. 15.

Að þessu sinni verða það þeir Gunnar Kvaran og Peter Máté sem flytja tónlistina en þriðji meðlimurinn, Guðný Guðmundsdóttir, verður fjarri góðu gamni. Á efnisskrá tónleikanna verða verk eftir Johannes Brahms, Sergeí Rakhmanínov og Dímitríj Sjostakovitsj.

Tríó Reykjavíkur var stofnað árið 1988 af Halldóri Haraldssyni píanóleikara, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara. Árið 1996 tók Peter Máté píanóleikari við af Halldóri. Á ferli sínum hefur tríóið komið fram á fjölmörgum tónleikum víða um Ísland og einnig farið í tónleikaferðir erlendis. Tríóið var útnefnt tónlistarhópur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 og hlaut þá jafnframt þriggja ára styrk frá borginni til starfsemi sinnar.

Tónleikarnir fara fram í austursal Kjarvalsstaða. Aðgöngumiðinn kostar 500 kr. og gildir einnig á myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum, í Hafnarhúsi og í Ásmundarsafni í þrjá daga.

- vþ



BJARNI THOR · DIDDÚ
ÁGÚST · SIGRÍÐUR · KURT
ÓPERUPERLUR
FÖSTUDAGINN 23. NÓVEMBER KL. 20
LOKASÝNING 24. NÓVEMBER KL. 20
WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN


# Heildarskrá Svavars

Menningarmiðstöð Hornafjarðar birti um helgina auglýsingu í helstu dagblöðum þar sem auglýst er eftir verkum Svavars Guðnasonar, en árið 2009 eru hundrað ár liðin frá fæðingu hans. Áætlað er að gefa út veglegt rit um feril hans og verk og því á að ná saman heildarskrá um verk hans eða catalogur raisonne eins og slíkar skrár kallast.

Eigendur verka eftir Svavar eru hvattir til að hafa samband við Þorbjörgu Gunnarsdóttur hjá Menningarmiðstöðinni eða í síma 697 9649. Einnig má senda henni boð á thorbjorgbr@gmail.com. Meðal menningarþjóða er talið sjálfsagt að ná saman heildstæðum skrám um verk myndlistarmanna af stærðargráðu Svavars. Þannig er til stór skrá í nokkrum bindum um feril Asgers Jorn, vinar hans og samstarfsmanns, sem kom út í Englandi fyrir fáum áratugum. Víða er vöntun á slíkum heildarskrám. Þannig er ekki til heildarskrá um verk Munch en nú er verið að safna þeim saman.

- pbb


MYNDLIST
Svavar Guðnason listmálari

# Áskell í Kína

Dagana 22. nóvember til 2. desember verður ISCM-tónlistarhátíðin haldin í Hong Kong. Er þetta einhver stærsta tónlistarhátíð heims og verður hún með sérlega glæsilegu sniði að þessu sinni. Verður þar meðal annars flutt tónverkið TROMMA eftir Áskel Másson, en á hátíðinni verða flutt hátt á annað hundrað tónverk eftir tónskáld frá 48 þjóðlöndum.

Verk Áskels var samið fyrir Listahátíð í Reykjavík 2002 og frumflutt þá, en síðan hefur verkið heyrst víða: í Danmörku, Ísrael, Sviss, Austurríki og hér heima í flutningi ýmissa listamanna.

Tónlist Áskels hefur heyrst víða að undanförnu, nefna má trompetkonsertinn SHADOWS sem fluttur hefur verið á Spáni, í Austurríki, Þýskalandi og Sviss og er hann nýkominn út á disk í flutningi trompetsnillingsins Reinholds Friedrich. Heitir diskurinn Brass 5.1 og er hann tekinn upp í einstöku „surround“-hljóði. Konsertþáttur Áskels var nýlega fluttur af Fílharmóníusveitinni í Rotterdam þar sem Evelyn Glennie var einleikari, en Evelyn lék verkið á DVD með Fílharmóníusveitinni í Lúxemborg fyrir nokkru. Þessi konsert auk þriggja annarra verka Áskels hefur einnig verið leikinn á alþjóðlegum keppnum hljóðfæraleikara í París, Stokkhólmi, Oporto, München og á nokkrum stöðum í Bandaríkjunum og Kanada.

Strengjaverkið Októ nóvember var enn fremur flutt bæði í Tampere í Finnlandi og á tónleikaför Lapin Kamariorkester í Þýskalandi. Þessa dagana flytur Caput-hópurinn einnig verkið ELJA á tónleikum í Búkarest.

Í byrjun maí á næsta ári verður svo frumflutt verk hans ORA í Síbelíusarhöllinni í Lahti af Kroumata-hópnum og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti en Osmo Vänskä mun stjórna flutningnum. Tónleikarnir verða tvennir, þann 7. og 8. maí.

- pbb


TÓNLIST Áskell Másson tónskáld en verk hans fara víða um þessar mundir.




> VISSIR ÞÚ?

Leikarinn Tom Cruise er 172 sm á hæð, en meðalhæð þeirra þriggja kvenna sem hann hefur verið kvæntur er 175,5 cm. Nú er leikkonan Katie Holmes eiginkona hans, en Nicole Kidman og Mimi Rogers hafa einnig borið þann titil.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Glæsilegur Rolls ferjaði brúðhjónin

Það þurfti hvorki meira né minna en glæsilegan Rolls-Royce Phantom til að taka á móti brúðhjónum ársins, þeim Jóni Ásgeiri og Ingibjörgu Pálmadóttur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var bifreiðin flutt inn frá London með flugi og er í eigu Jóns Ásgeirs. Drossían er engin smásmíði og kostar litlar 30 milljónir íslenskra króna úti í Bretland en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins myndi það kosta hátt í sjötíu milljónir að flytja slíkan kagga inn til landsins og fá ökuleyfi fyrir honum hér. Bíllinn mun því væntanlega snúa til síns heima á næstunni.

Rolls-Royce eru þekkt vörumerki ríka og fræga fólksins í Bretlandi. Á heimasíðu fyrirtækisins má sjá myndir úr glæsibifreiðinni og ljóst að ekki hefur væst um hin nýgiftu þegar þau keyrðu frá Fríkirkjunni og yfir í Hafnarhúsið á Tryggvagötunni.



**GLÆSIBIFREIÐIN** Hann var nýbónaður og flottur, Rollsinn sem beið þeirra Jóns Ásgeirs og Ingibjargar að athöfninni í Fríkirkjunni lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Brúðkaup ársins í norðangarra og kulda

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir gengu í það heilaga á laugardaginn. Hjónakornin héldu síðan veglega veislu í Hafnarhúsinu þar sem Ný dönsk og Gus Gus léku fyrir dansi.**





**VIRÐULEGUSTU HJÓN LANDSINS** Björgólfur Guðmundsson og Þóra Hallgrímsson og forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit voru glæsileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**SPENNTIR FEÐGAR** Jóhannes Jónsson var svaramaður sonar síns og þeir feðgar biðu spenntir eftir að brúðurin gengi inn.

Klukkan hálf sex á laugardagskvöldinu dró til tíðinda í Lækjargötunni þegar allt tók að fyllast af glæsibifreiðum fyrir utan Fríkirkjuna og prúðbúin fyrirmennin tóku að tínast inn í kirkjuna. Brúðurin birtist síðan tuttugu mínútur fyrir sex, klædd í glæsilegan hvítan brúðarkjól sem var hannaður og saumaður af fatahönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur. Ingibjörg gekk inn um hliðardyrnar á Fríkirkjunni og munduðu öryggisverðir regnhlífarnar til að skýla glæsilegum kjól hennar. Inni í kirkjunni beið hennar Jón Ásgeir sem stóð stoltur ásamt föður sínum Jóhannesi Jónssyni.

Séra Hjörtur Magni fríkirkjuprestur gaf hjónakornin saman frammi fyrir Guði og mönnum og stórsöngvararnir Garðar Thor Cortes og Daníel Ágúst Haraldsson sungu við athöfnina. Kirkjugólfið var lagt gráu teppi og hvítum línum og í gluggum kirkjunnar hafði verið komið fyrir hvítum kertum og rósum í sama lit.

Rétt yfir sex voru kirkjudyrnar opnaðar og haldið yfir í Hafnarhúsið þar sem glæsileg veislan stóð langt fram á nótt undir styrkri stjórn veislustjórans og kvikmyndaleikstjórans Baltasars Kormáks en hann er sem kunnugt er mágur Ingibjargar.

Slíkur var fjöldi gesta að biðröð myndaðist fyrir utan Hafnarhúsið og olli nokkrum umferðartöfum á Tryggvagötunni. Veislan var að sögn gestanna nokkuð hefðbundin, ef svo má að orði komast. Faðir brúðgumans, Jóhannes, tók til máls og óskaði brúðhjónunum velfarnaðar og í kjölfarið komu ræðumennirnir einn af öðrum, Lilja Pálmadóttir, systir Ingibjargar, auk þess sem sonur Ingibjargar, Sigurður Gísli, hélt hugljúfa tölu um brúðhjónin. Skemmtiatriðin voru ekki af verra taginu, íslensku hljómsveitirnar Ný dönsk og Gus Gus léku fyrir dansi. Ekki var neinn hörgull á rómantíkinni, staðurinn var skreyttur hvítum rósum og hvítum kertum og ákveðnum hápunkti var náð þegar kvennakór gekk í salinn undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og söng með gestunum Bítlalagið All You Need is Love.

Hjónakornin virtust una sér vel í kringum íslensku listamennina og léku á alls oddi og gestirnir dönsuðu fram á rauða nótt. Slík var veisluglеðin að um fjögurleytið var gripið til þess ráðs að breyta listasafninu í alvöru hamborgarastað þar sem reiddir voru fram dýrindis borgarar með frönskum. Samkvæmt sjónarvottum hurfu síðustu gestirnir út í kaldan vetrarmorguninn klukkan hálf fimm. - fgg/hdm



**GLÆSILEG BRÚÐHJÓN** Ingibjörg ljómaði af gleði og sá til þess að vindurinn feykti ekki manni sínum koll og hélt fast í svartan klút sem Jón Ásgeir hafði um hálsinn.


Foreldrar gætu keypt minni íbúðir, þá þyrftu þeir ekki að vinna eins mikið og allir gætu verið meira nálægt hver öðrum ...
Senda



... eða tekið rafmagnið af svo allir komi út úr sínum skúmaskotum og geri eitthvað saman
Senda



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-0340

Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is

**Miðvikudagurinn 21. nóvember** er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreindar fullyrðingar eru byggðar á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:

# Góðir gestir

Vel á þriðja hundrað manns mætti í brúðkaup **Jóns Ásgeirs og Ingibjargar.** Nánustu ættingjar þeirra voru að sjálfsögðu allir meðal gesta en annars voru vinir þeirra og samstarfsmenn meira áberandi.



Meðal kunnra gesta sem mættu í brúðkaupið voru **Bjarni Ármannsson,** stjórnarformaður REI, og **Helga Sverrisdóttir,** formaður stjórnar Hjallastefnunnar, eiginkona hans. **Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, og **Dorrit Moussaieff,** eiginkona hans, voru og mætt líkt og **Tinna,** dóttir forsetans, og **Karl Pétur Jónsson,** eiginmaður hennar. Þá voru þau **Stefán Hjörleifsson** endurskoðandi og **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** meðal gesta, **Hannes Smárason** og **Unnur Sigurðardóttir** kona hans, myndlistarhjónin **Jón Óskar** og **Hulda Hákon, Lárus Welding,** forstjóri Glitnis, og **Ágústa Ólafsdóttir** eiginkona hans. **Þorsteinn Jónsson** og **Pálmi Haraldsson** voru að sjálfsögðu mættir.







Auk þeirra mátti sjá **Magnús Scheving** Latabæjarforstjóra og **Ragnheiði Melsted** konu hans, tónlistarkonuna **Ragnhildi Gísladóttur** og **Birki Kristinsson** unnusta hennar, **Árna Pál Árnason** alþingismann og **Sigrúnu Eyjólfsdóttur** eiginkonu hans, og lögmennina **Gest Jónsson, Helga Jóhannesson** og **Einar Þór Sverrisson.**







Stuðningur fullorðinna við þá íþrótt eða tómstundastarf sem maður hefur áhuga á er nauðsynlegur.



Senda

Forvarnir eru auðvitað snilld, því að við skiptum máli.



Senda

Rannsóknir sýna að þrjú mikilvægustu atriði í forvörnum gegn vímuefnum eru:

Að börn og foreldrar verji tíma saman
Þátttaka í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi
Að sniðganga áfengi sem lengst

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Forseti Íslands Reykjavíkurborg UMFÍ Bandalag íslenskra skáta SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkefnið er styrkt af actavis




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN GANGSTER | kl. 7 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6, 8 og 10 | L |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 6 - 600 kr. | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| WEDDING DAZE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 3.45 - 6 | |
| DARK IS RISING | kl. 3.45 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 10.30 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING DAZE | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 - 10.30 | 12 |
| ELIZABETH: THE GOLDEN AGE | kl. 8 | 12 |
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 10.20 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING DAZE | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 6 | |
| BALLS OF FURY | kl. 6 | 7 |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 8 - 10 | 16 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 - 10 DIGITAL | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | VIP |
| ASSASSINATION OF ... | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | [illegible] |
| THE INVASION | kl. 8 | [illegible] |
| ÍÞRÓTTAHETJAN | kl. 6 | [illegible] |
| STARDUST | kl. 5:30 | [illegible] |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 / [illegible] | [illegible] |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN GANGSTER | kl. 9 | [illegible] |
| BALLS OF FURY | kl. 8:30 | [illegible] |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 10:30 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN GANGSTER | kl. 6 - 9 | [illegible] |
| THE ASSASSINATION OF... | kl. 5:50 - 9 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | [illegible] |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | [illegible] |
| ÍÞRÓTTAHETJAN | kl. 6 | [illegible] |
| GOLDEN AGE | kl. 8 | [illegible] |
| FORELDRAR | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING DAZE | kl. 8 - 10 | [illegible] |
| MR. WOODCOCK | kl. 8 | [illegible] |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 10 | [illegible] |


# Allt um ást Páls Óskars

Páll Óskar er lifandi goðsögn í íslensku tónlistarlífi. Átta ára bið eftir plötu frá poppdívunni ógurlegu telst þess vegna alltof löng. Páll hefur hins vegar alltaf verið iðinn við kolann og aldrei horfið algerlega úr íslensku tónlistarlífi.

Platan hefst á ágjörnu en hægu daðurdiskói sem kemur manni vel í gírinn. Á eftir fylgja slagararnir Allt fyrir ástina og International sem þarf vart að kynna. Næsta lag, Er þetta ást?, spyr síðan líklegast mikilvægustu spurningar plötunnar: „Er þetta ást? / Að kveljast og þjást?“ Páll nær að kanna allar hliðar ástarinnar á plötunni og er ekki eingöngu að hamast á klisjunum um að ástin muni á endanum bjarga öllu. Þvert á móti getur ástin dregið mann niður í svaðið – ástin er hverful og á henni þarf að taka eins og hverju öðru verkefni lífsins. Við þörfnumst hins vegar öll ástar eins og kemur fram í lögunum Þú komst við hjartað á mér, einu besta lagi plötunnar, og Kraftaverk. Og í lokalögum plötunnar fær maður að vita allt um það hversu yndislegt er þegar ástin hefur loksins samræmst lífi manns. Betra líf er sérstaklega innihaldsríkur slagari.

Páll Óskar er svo einlægur og hreinskilinn í öllum flutningi og sköpun á þessari plötu að einfaldlega er ekki hægt annað en að dáleiðast með, hvort sem er á dansgólfinu í takt við aðra eða heima í stofu með ryksuguna í hönd. Auðvitað er samt tónlistin sem slík að mörgu leyti hreinræktuð eurotrash-tónlist af einhverju tagi (Þið getið til dæmis prófað að taka út söng Páls og setja í staðinn til dæmis: „Blow my whistle, bitch!“ eða „... fünf, sex, sieben... HARDCORE!“).

Staðreyndin er hins vegar að Páll Óskar er einn af sárafáum tónlistarmönnum úr sínum geira sem skapa eitthvað sem hefur fagurfræðilegt gildi og er ekki hreinræktað rusl.

Hreinskilnin og tilfinningarnar á plötunni finnur maður að sé eitthvað satt og rétt. Að skapa þannig tónlist er hæfileiki sem ekki margir aðrir en Páll Óskar búa yfir.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**




**TÓNLIST**
**Allt fyrir ástina**
Páll Óskar
★★★★
Æðisleg poppplata um allar hliðar ástarinnar. Páll Óskar sannar sig sem einn hreinskilnasti, einlægasti og sannasti tónlistarmaður þjóðarinnar.

# Senn líður að leikslokum

**Hljómsveitin The End hefur gefið út sína fyrstu plötu, Atingere. Söngvarinn Magnús Haraldsson segir að allt sé að fara til fjandans.**

„The End er liður í andlegri byltingu sem við teljum að sé í uppsiglingu. Það er allt að fara til fjandans. Senn líður að leikslokum og hinu mikla uppgjöri sem hefur verið spáð í fornum ritum og af spámönnum margra þjóða og ótengdra hópa,“ segir Magnús Haraldsson, söngvari The End. Bætir hann við að ártalið 2012 sé mjög undarlegt og komi fram aftur og aftur í ótengdum samfélögum og hugsanlega tengist það einhvers konar heimsendi. Þess vegna mun platan kosta nákvæmlega 2012 krónur úti í búð.

**Lausn á tölu dýrsins**

Annar meðlimur The End, Halldór Björnsson, er að leggja lokahönd á Rauðu bókina sem meðlimir sveitarinnar hafa átt þátt í að skapa undanfarin ár. „Bókin fjallar um hina stóru lygi sem bókin Falið vald hefur komið inn á. Hún gengur út á að það er ævafornt kerfi í gangi sem mótar okkar líf og við erum öll eins og sauðir í,“ segir Magnús og tekur fram að ekki sé um grín að ræða. „Þetta er allt fléttað inn í textana okkar, til dæmis í laginu Fatima. Þar er að finna lausn á tölu dýrsins sem er talað um í Opinberunarbókinni. Þessi heimur sem við höfum dregið upp með þessari plötu og bók er okkar speglun á því hvernig við sjáum að tilveran sé sett upp á bak við tjöldin.“

**Bölvun á bandinu**

Að sögn Magnúsar er Atingere í raun önnur plata sveitarinnar. Sú fyrsta kláraðist fyrir fimm árum en kom aldrei út. „Við vorum með samning við útgefanda hér á landi og hann var ekki hrifinn af „coverinu“. Við urðum að byrja upp á nýtt og það tafði okkur mikið.“

Á þeim tíma hét hljómsveitin Atingere og á meðal þeirra sem spiluðu með henni voru Krummi í Mínus og Bogi úr Stjörnukisa. „Það var skrifað um okkur í Rolling Stone og New York Times. Þegar við spiluðum í Hafnarhúsinu á Airwaves fór rafmagnið af eftir að við höfðum verið í fimmtán sekúndur á sviðinu. Þetta var stóra breikið okkar og það var næstum því eins og það væri bölvun á bandinu. Þannig að við lögðum árar í bát og stofnuðum nýtt band. Þrátt fyrir nafnið The End þá hefur verið mikil blessun yfir því.“

**freyr@frettabladid.is**



**THE END** Hljómsveitin The End hefur gefið út plötuna Atingere.

# Besti fótboltahermirinn

Football Manager 2008, eða FM eins og hann kallast í daglegu tali, er leikjasería sem nær aftur til 1992 á Amiga-vélunum og hét reyndar þá Championship Manager. Nafnið hefur kannski breyst en kjarni upplifunarinnar sem Manager-leikirnir bjóða upp á helst enn sterkur. Hver leikur hefur snúist um að betrumbæta það sem kom á undan og síðan koma með nýjungar sem hafa ekki sést áður.

Helstu nýjungarnar þetta árið snúa að fjármálum liðanna sem stjórnað er, flæði leiksins, rauntíma breytingar á skipun liðsins, tölvuteiknuð andlit á leikmenn sem koma í stað eldri leikmanna ásamt ótal fleiri hluta. Eins og með fyrri leiki, virðast breytingar litlar í fyrstu. Eftir að hafa spilað nokkur tímabil verður manni ljóst hve djúpur leikurinn er.

Það eru um 50 deildir sem er hægt að stjórna liðum í. Allt frá stærstu deildum Evrópu niður í smærri deildir eins og í Færeyjum og Íslandi. Svo getur þú farið beint í að spila með lið eins og KS/Leiftur og reynt að koma þeim í Úrvalsdeildina eða skellt þér beint í að reyna að gera Manchester United að Evrópumeisturum enn á ný, frelsið er þitt.

Útlitið hefur aldrei verið neitt sérstakt í Manager-seríunni, gagnrýnendur kalla hana „Fótbolta Excel-skjal“ en það sem FM skortir í útlitinu bætir hann upp í spilun. Það hafa lengi gengið sögur um hve slæmur þessi leikur getur reynst sambandinu, skólanum eða vinnunni og eru það engar ýkjur. Þetta hugtak „einn leikur enn“ verður fljótlega alls ráðandi. Að ætla að taka 2-3 leiki með Stockport, skyndilega endar í taugastrekktu augnabliki tíu tímum síðar þegar þú ásamt þínu heittelskaða liði standið einum leik frá að vinna ykkur sæti í næstu deild.

Það sem er hægt að gagnrýna Football Manager 2008 fyrir er að serían hefur ekki tekið róttæk skref fram á við nýlega. Nú er að vona að 2009 útgáfan taki stærra skref. Þetta er það eina sem er hægt að vinna að kanna, þrátt fyrir engar stórfenglegar breytingar á milli ára stendur eftir besti fótboltahermirinn á markaðnum og er draumur hvers fótboltaáhugamanns sem hefur dreymt um að leiða liðið sitt til dýrðar.

**Sveinn A. Gunnarsson**




**TÖLVULEIKIR**
**Football Manager 2008**
PC (kemur af PSP í desember)
★★★★
Kveddu konuna, skólann og vinnuna bless og segðu hæ við nýja Manager.

# Sigga Beinteins syngur á ítölsku

Fyrsta plata Siggu Beinteins í fjögur ár, Til eru fræ, er væntanleg í búðir. Sigga segir að platan sé sú besta sem hún hafi gert til þessa. „Þessi diskur er rólegur en mjög hátíðlegur, þótt hann sé ekki jóladiskur. Ég er að taka bæði þekkt lög og óþekkt í nýjum útsetningum, stórum og miklum,“ segir Sigga, sem fékk aðstoð frá yfir eitt hundrað hljóðfæraleikurum á plötunni.

Sinfóníuhljómsveit Búlgaríu spilar undir í flestum laganna, auk þess sem Sigríður nýtur aðstoðar kórs. Um útsetningar sá Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Titillagið Til eru fræ, sem Haukur Morthens söng svo eftirminnilega á sínum tíma, er vitaskuld á plötunni. „Það kom mér á óvart hversu það er fallegt. Ég hafði aldrei pælt í því þegar ég fór að vinna með það. Svo útsetti Þorvaldur það líka svo yndislega.“

Sigga syngur einnig lögin Yndislegt líf og Nella Fantasia þar sem hún spreytir sig á ítölsku í fyrsta sinn. „Það gekk ágætlega. Ég veit ekkert með framburðinn og neitt slíkt, það verður bara að koma í ljós,“ segir hún og hlær. - fb



**SIGGA BEINTEINS** Söngkonan Sigga Beinteins hefur gefið út sína fyrstu plötu í fjögur ár.

# Nauðsynlegt að stefna Daily Mail



Keira Knightley ver ákvörðun sína um að stefna blaðinu Daily Mail fyrir að ýja að því að hún væri haldin lystarstoli. Blaðið birti myndir af hinni afar grannvöxnu leikkonu í bikiníi og gaf í skyn að líkamsvöxtur hennar hefði verið „innblástur“ fyrir unga stúlku sem þjáðist af lystarstoli, og lést af sjúkdómnum.

Keiru mislíkaði greinin stórlega, stefndi blaðinu og fékk skaðabætur. Hún heldur því nú fram að viðbrögðin hafi verið nauðsynleg. „Þetta hefði getað eyðilagt feril minn, því ef ég hefði þjáðst af lystarstoli hefði ég ekki getað leikið í mörgum hasarmyndum. Fólk hefði ekki ráðið mig,“ segir hún. „Þegar greinar sem miða að því að eyðileggja feril minn eru birtar, eins og þessi var, verð ég augljóslega að taka það mjög alvarlega,“ segir leikkonan.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Popparanum **Justin Timberlake** er greinilega mikið í mun að konurnar í lífi hans geti skellt sér með honum á brimbretti. Nýlega gaf hann nýju kærustunni sinni, **Jessicu Biel**, sérhannað brimbretti og ársbirgðir af brimbrettavaxi, en það er sama gjöf og hann færði fyrrverandi unnustu sinni, **Cameron Diaz**, fyrir fjórum árum.



Söngkonan **Britney Spears** þykir ekki sú vænlegasta til að gefa uppeldisráð en ofurfyrirsætan **Heidi Klum** segist hafa lært margt nytsamlegt af Britney þegar hún dúkkaði óboðin upp í hrekkjavökuparti Heidiar. „Hún kenndi mér helling um bleyjur. Ég hafði ekki hugmynd um til hvers límmiðarnir á hliðunum voru. Til að loka bleyjunni að framan! Ég batt alltaf band utan um,“ segir þriggja barna móðirin Heidi Klum.



Leikaranum **Tom Cruise** hefur verið boðið að fara með hlutverk klámkóngsins **Hugh Hefner** í kvikmyndinni Playboy. Vinur Toms segir hann afar spenntan fyrir að túlka litríka ævi Hefner, sem er á níræðisaldri en býr með þremur kornungum unnustum sínum. Leikarinn **Leonardo DiCaprio** hefur einnig verið orðaður við hlutverkið en hann er víst fastagestur á Playboy-setri Hefners.



Breska söngkonan **Amy Winehouse** hefur nú með villtu líferni sínu hrakið burt umboðsmann tónleikaferðar sinnar, Thom Stone. Kunnugir segja Stone hafa gefist upp á fylgifiskum starfsins, að þurfa iðulega að borga dömuna úr fangelsi, horfa á hana neyta eiturlyfja og lifa sífellt í óvissu um hvort af tónleikum verði vegna ástands stjörnunnar.





## > Ragnheiður í fínu formi

Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, gerði góða hluti á meistaramótinu í sundi sem lauk í gærdag. Ragnheiður varð reyndar að lúta í lægra haldi fyrir Erlu Dögg Haraldsdóttur, úr Sundfélagi Reykjanesbæjar, í 100 metra fjórsundi á öðrum keppnisdegi, en stúlkurnar syntu báðar undir gamla Íslandsmetinu. Stuttu síðar var Ragnheiður svo aðeins þremur hundraðshlutum úr sekúndu frá því að bæta Íslandsmetið í 100 metra skriðsundi. Ragnheiður bætti enn fremur Íslandsmetið í 50 metra skriðsundi í gær og bætti svo loks Íslandsmetið í 100 metra skriðsundi um hálfa sekúndu, þegar hún synti eina leið í 4x100 metra boðsundi í gær. Alls voru 12 Íslandsmet slegin og 23 unglingamet voru sett á vel heppnuðu meistaramóti.



**sport**
sport@frettabladid.is

**JÓHANN B. GUÐMUNDSSON, GAIS:** NÁÐI SÉR AF MEIÐSLUM OG ÁTTI GOTT TÍMABIL Í SÆNSKU DEILDINNI

# *Það eru spennandi tímar fram undan hjá GAIS*



Keflvíkingurinn Jóhann B. Guðmundsson lék í sumar sitt annað tímabil með GAIS í sænsku úrvalsdeildinni og þótti standa sig vel, en GAIS-liðið endaði í 11. sæti deildarinnar.
„Okkur gekk ágætlega, en við hefðum getað endað mótið betur þar sem við vorum í 8. sæti lengi vel en misstum því miður dampinn í lok tímabilsins. Mér gekk persónulega ágætlega á tímabilinu og líður bara vel í GAIS treyjunni,“ sagði Jóhann sem spilaði 18 leiki af 26 leikjum liðsins og skoraði eitt mark.
„Ég á ennþá eitt ár eftir af samningi mínum við GAIS-liðið og ég ætla mér að klára hann og mér líst bara vel á framhaldið. Markmið okkar fyrir síðasta tímabil var að gera betur en árið áður og ég hugsa að það sama verði uppi á teningnum í ár. Við erum reyndar líka komnir með nýjan þjálfara og það verður gaman að sjá hvað kemur út úr því. Ég á von á því að hópurinn verði styrktur talsvert og það eru því spennandi tímar fram undan hjá liðinu.“

Jóhann lék á sínum tíma með Watford í ensku deildinni og Lyn í norsku deildinni en gekk til liðs við GAIS frá grannliðinu Örgryte en bæði liðin eru frá Gautaborg. „Við höfum það mjög fínt hérna í Gautaborg og næsta tímabil verður mitt fimmta ár í Svíþjóð þannig að við erum búin að koma okkur vel fyrir,“ sagði Jóhann en kvaðst þó óviss með framhaldið eftir næsta tímabil. „Það þýðir ekkert að plana neitt allt of mikið fram í tímann í þessum bransa, sem atvinnumaður í fótbolta, en það er aldrei að vita hvað maður gerir og ég loka ekki á neitt,“ sagði Jóhann sem var valinn í undirbúningshóp íslenska landsliðsins á síðasta ári fyrir leikina gegn Lettlandi og Svíþjóð í undankeppni Evrópumótsins en varð að draga sig út vegna meiðsla.
„Ég lenti í meiðslum í fyrra og svo aftur í ár sem gerðu það að verkum að ég missti af 8 leikjum í deildinni í ár og eitthvað svipað í fyrra og auðvitað er það svekkjandi, en staðan á mér núna er bara mjög fín.“



**ÓHEPPINN** Gylfi hefur verið óheppinn með meiðsli á ferli sínum sem atvinnumaður í fótbolta. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi Einarsson:

## Meiðslasögunni vonandi lokið

**FÓTBOLTI** Gylfi Einarsson knattspyrnumaður hefur fengið sig lausan frá samningi við Leeds sem leikur í þriðju efstu deild á Englandi og æfir nú með Barnsley sem er í tíunda sæti næst efstu deildar sem stendur.
„Það hefur gengið mjög vel hjá mér á æfingum hjá Barnsley undanfarið, en það hafa engar viðræður átt sér stað enn og óljóst hvað verður úr þessu,“ sagði Gylfi sem hefur verið mjög óheppinn með meiðsli undanfarin ár.
„Ég vona að meiðslasagan sé að baki núna, 7-9-13, og ég er að komast í fínt form og er spenntur fyrir því að fá að spila reglulega í deildarkeppni á ný.“ - óþ



**Í BERLÍN** Jakob Jóhann Sveinsson hefur keppt undanfarna daga á heimsbikarmótinu í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimbikarmótið í sundi:

## Jakob í 19. sæti í bringusundi

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson, landsliðsmaður úr sundfélaginu Ægi, hélt áfram keppni sinn á heimsbikarmótinu í sundi í 25 metra laug í Berlín í gærmorgun. Jakob Jóhann keppti þá í 100 metra bringusundi og synti á 1 mínútu og 2 sekúndum sléttum og skilaði það honum í 19. sæti á mótinu. Jakob Jóhann á sjálfur Íslandsmetið í greininni en var einni og hálfri sekúndu frá því í gær. - óþ




**Hátíðni rafsuðuvélar**
*Taka allt að 4 mm vír. Handhægar - aðeins um 5 kg. Flott verð.*
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


# FCK í bullandi vandræðum með HK

**FC Kaupmannahöfn vann HK naumlega 24-26 í fyrri leik liðanna í EHF-bikarnum í Digranesi í gærdag. Leikurinn var ekki síst merkilegur í ljósi þess að þarna mættust efstu lið íslensku og dönsku deildanna.**

**HANDBOLTI** Danska stórliðið FC Kaupmannahöfn rétt marði HK, 26-24, í fyrri leik liðanna í Evrópukeppni félagsliða í gær. FC Kaupmannahöfn skoraði 9 af 10 fyrstu mörkum leiksins en þrátt fyrir afleita byrjun gafst HK ekki upp og hefði með smá heppni getað landað sigri gegn gríðarlega sterku dönsku liði.
Þegar fyrri hálfleikur var hálfnaður höfðu gestirnir náð níu marka forystu, 3-12, og auðveldur sigur virtist blasa við FC Kaupmannahöfn. Tvö mörk röð og ódrepandi stemning öflugra stuðningsmanna hleypti lífi í lið HK og liðið hóf að minnka muninn jafnt og þétt fyrir hlé þar til munurinn var aðeins fjögur mörk, 11-15.
HK hóf seinni hálfleikinn af sama krafti og liðið endaði þann fyrri. Vörnin small saman og Ólafur Bjarki Ragnarsson hóf að stýra sóknarleik liðsins með miklu ágætum. Þegar hálfleikurinn var rúmlega hálfnaður munaði aðeins einu marki á liðunum, 21-22, og þegar 10 mínútur voru eftir var staðan orðin jöfn, 23-23. Taugarnar virtust hins vegar ekki vera í lagi hjá HK undir lok leiksins frekar en í byrjun hans. Liðið tapaði boltanum hvað eftir annað á klaufalegan hátt og Danirnir náðu að innbyrða sigur, 26-24. Reynsluleysi varð HK að falli því leikmenn liðsins virtust ekki ráða við hátt spennustig í byrjun og lok leiks.
Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, var mjög stoltur af sínu liði í leikslok.
„Það var skrekkur í byrjun sem fór með leikinn,“ sagði Gunnar. „Við komum til baka og fyrir utan fyrstu mínúturnar var þetta frábær leikur af okkar hálfu. Með örlítið betri nýtingu úr dauðafærum í lokin hefði þetta verið jafn leikur. Við erum ekki búnir að gefast upp og förum til Danmerkur til að vinna. Við sýndum það í þessum leik að við getum unnið þetta lið. Ég er stoltur af strákunum. Þeir eru með eitt besta lið Norðurlanda og eitt besta lið Evrópu og við sýndum að við eigum fullt erindi í þetta.“
Gunnar hrósaði stuðningsmönnum HK fyrir þeirra þátt í þessum frábæra leik.
„Stemningin í húsinu var ótrúleg. Ég er stoltur af því fyrir hönd HK. Það er synd að við gátum ekki hangið á þessu í lokin því það getur munað um að tapa með einu eða tveimur.“
Arnór Atlason var ekki í leikmannahópi FC Kaupmannahafnar vegna meiðsla og gat ekki neitað því að hann hefði frekar viljað vera á gólfinu með félögum sínum en á meðal áhorfenda.
„Það var leiðinlegt að spila ekki þennan leik. Það var góð stemning og það er gott að geta sýnt félögunum að íslenskur handbolti er eitthvað.“
FC Kaupmannahöfn á erfiðan leik gegn Kolding í vikunni og segir Arnór að félagar sínir hafi líklega slakað á eftir góða byrjun með þann leik í huga.
„Við komumst í 12-3 og slökum aðeins á ómeðvitað. Aðalmálið var að koma okkur í stöðu þar sem okkur nægir að vinna heima. Í Evrópukeppni skiptir öllu máli að ná almennilegum úrslitum á útivelli og þetta var þannig séð það besta sem gat komið fyrir hjá okkur. Það er kannski í hausnum á mönnum að við eigum mjög mikilvægan leik gegn Kolding á miðvikudaginn,“ sagði Arnór og hrósaði HK fyrir leik sinn.
„FCK vita nú að HK er alvöru lið eins og ég reyndi að segja þeim þegar við drógumst gegn þeim og það er gott að það rættist úr því. Þetta var hörkuleikur tveggja góðra liða. Þetta er ekki búið en við erum í góðri stöðu. Þeir berjast til síðustu mínútu. Erfitt lið að eiga við. Lið eins og HK berst eins og ljón og þau reynast okkur oft erfið,“ sagði íslenski landsliðsmaðurinn Arnór Atlason. - gmi



**ÖFLUGUR** Ragnar Hjaltested átti fínan leik fyrir HK í gær gegn FC Kaupmannahöfn í EHF-bikarnum og skoraði fjögur mörk úr fimm skottilraunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fram vann Akureyri, 30-22, í N1 deild karla í gærdag og komst með sigrinum á toppinn við hlið HK:

# Frískir Framarar rassskelldu Akureyringa

**HANDBOLTI** Fram vann Akureyri 30-22 í Framhúsinu í gær, en fyrir leikinn bjuggust flestir við sigri Fram.
Framliðið mætti mjög ákveðið til leiks og eftir að Akureyri hafði skorað fyrsta mark leiksins, fylgdu eftir fjögur mörk frá heimamönnum. Munurinn hélst á milli liðanna og var mestur sex mörk, í stöðunni 11-5, þegar fimm mínútur lifðu fyrri hálfleiks. Þá tóku gestirnir smá kipp og skoruðu þrjú mörk í röð, en Fram skoraði hins vegar síðasta mark fyrri hálfleiks og staðan því 12-8 þegar flautan gall. Markverðirnir voru í fínu formi í fyrri hálfleik og Björgvin Páll Gústavsson, hjá Fram, varði ellefu skot, en starfsbróðir hans Hörður Flóki Ólafsson, hjá Akureyri, varði tólf skot.
Akureyringar náðu að minnka muninn niður í þrjú mörk í byrjun seinni hálfleiks, 13-10 og svo aftur 16-13, en í stöðunni 20-16 gerðu heimamenn í Fram endanlega út um leikinn með því að skora fimm mörk í röð. Akureyringar reyndu að klóra í bakkann en þegar þar var komið við sögu var spurningin ekki hvort Fram myndi vinna, heldur með hve miklum mun Fram myndi vinna. Lokatölur urðu 30-22 og fremur þægilegur sigur því í höfn hjá Fram liðinu sem tillti sér á topp deildarinnar við hlið HK. Fernc Antal Buday, þjálfari Fram, var kátur með sigur sinna manna í leikslok.
„Ég er mjög sáttur með þessi úrslit og mér fannst við vera að spila hreyfanlegan og góðan varnarleik. Það var gott að við náðum fínu forskoti í seinni hálfleik því þá gat ég notað tækifærið til að hvíla mína bestu menn og gefa að sama skapi öðrum leikmönnum möguleika á því að sanna sig og spila vel og sumir þeirra gerðu það,“ sagði Buday.
Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var hins vegar fremur ósáttur með sína leikmenn í gær.
„Vörnin okkar og markvarsla voru fín í fyrri hálfleik, en sóknarlega vorum við sjálfum okkur verstir og ég ætla vona að mínir menn rífi sig upp. Við fengum fín færi til að koma okkur inn í leikinn þegar munurinn var aðeins þrjú mörk í seinni hálfleik, en eins og ég segi þá förum við illa af ráði okkar og það er ekki hægt að tala um óheppni. Maður skapar sér sína heppni og við verðum að rífa okkur upp eftir þessa rassskellingu,“ sagði Sævar. - óþ



**BARÁTTA** Daníel Berg Grétarsson, Framari, reynir hér að ná skoti að marki Akureyrar, en Andri Snær og Magnús eru til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Láttu þér líða vel um jólin

## Slide Back rúm á jólatilboði





Passion rúmin eru afar vönduð og tvímælalaust með bestu rúmakaupunum sem hægt er að gera í dag.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

DÖNSK HÖNNUN
DÖNSK GÆÐI

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion
















hönnun: www.origami-art.net

Úrval af glæsilegum hægindastólum og hægindasófum með rafdrifnum stillingum. Náttborð og rúmgaflar í miklu úrvali.
**Flott jólatilboð í gangi.**



LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD**
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

## ÚRSLITIN Í GÆR

*N1 deild karla í handbolta:*

**Fram-Akureyri 30-22**
**Mörk Fram (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 7/2 (10/2), Zoltán Bragi Belányi 5 (6), Halldór Jóhann Sigfússon 4 (4), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (3), Hjörtur Hinriksson 2 (2), Jón Björgvin Pétursson 2 (2), Guðjón Finnur Drengsson 2 (6), Rúnar Kárason 2 (7), Einar Ingi Hrafnsson 1 (1), Haraldur Þorvarðsson 1 (2), Daníel Berg Grétarsson 1 (6).
**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 13/1 (27/4) 48%, Björgvin Páll Gústavsson 11/1 (19/2) 58%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Hjörtur, Jóhann, Zoltan, Jón, Halldór).
**Fiskuð víti:** 3 (Jóhann, Daníel, Zoltán).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Akureyrar (skot):** Magnús Stefánsson 6/1 (11/1), Goran Gusic 6/2 (13/4), Einar Logi Friðjónsson 3 (9), Þorvaldur Þorvaldsson 2 (2), Ásbjörn Friðriksson 1 (2), Heiðar Aðalsteinsson 1 (2), Andri Snær Stefánsson 1 (6).
**Varin skot:** Hörður Flóki Ólafsson 17 (47/3) 36%.
**Hraðaupphlaup:** 4 (Jónatan, Heiðar,Andri, Goran).
**Fiskuð víti:** 7 (Magnús 2, Þorvaldur, Goran, Jónatan, Einar, Heiðar).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

*N1 deild kvenna í handbolta*

**Haukar-Fram 24-24**
**Mörk Hauka (skot):** Ramune Pekarskyta 7 (14), Nína K. Björnsdóttir 5/2 (12/2), Sandra Stojkovic 5 (11), Hind Hannesdóttir 3 (3), Inga Fríða Tryggvadóttir 2 (2), Erna Þráinsdóttir 1 (3), Harpa Melsted 1 (6).
**Varin skot:** Laima Miliauskaite 5/1 (19/3 26%), Helga Torfadóttir 3 (13/2 23%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Nína 2, Ramune 1, Harpa 1, Hind 1, Erna 1)
**Fiskuð víti:** 2 (Sigrún Brynjólfs 1, Hind 1)
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðardóttir 5 (11), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5/3 (8/5), Anett Köbil 3 (7), Pavla Nevarilova 2 (2), Marthe Sördal 2 (2), Sara Sigurðardóttir 2 (5), Þórey Rós Stefánsdóttir 2 (5), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 1 (2), Karen Knútsdóttir 1 (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (3).
**Varin skot:** Kristina Kvederiene 17 (41/2 41%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Stella 2, Anett 1, Pavla 1, Karen 1, Ásta Birna 1.)
**Fiskuð víti:** 5 (Stella 2, Ásta Birna 1, Sigurbjörg 1, Pavla 1)
**Utan vallar:** 6 mínútur.

*Iceland Express deild karla:*

**ÍR-Grindavík 88-93**
**Stig ÍR:** Hreggviður Magnússon 19, Sveinbjörn Claessen 19, Steinar Arason 15, Ray Cunningham 15, Ólafur Sigurðsson 11, Eiríkur Önundarson 5, Ómar Sævarsson 2, Þorsteinn Húnfjörð 2,
**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 24, Páll Axel Vilbergsson 20, Þorleifur Ólafsson 16, Páll Kristinsson 14, Igor Beljanski 12, Adam Darboe 7,
**Snæfell-Fjölnir 59-73**
**Þór-Skallagrímur 91-105**
**Keflavík-Hamar 67-56**

*EHF-keppnin í handbolta:*

**HK-FCK 24-26**
**Mörk HK:** Ólafur Bjarki Ragarsson 5 (7), Ragnar Hjaltested 4 (5), Sergey Petkevicius 4 (7), Augustas Strazdas 4 (7), Gunnar Steinn Jónsson 4/2 (5/3), Tomas Eitutis 2 (9), Árni Þórarinsson 1 (1), Arnar Þór Sæþórsson (1), Brynjar Hreggviðsson (1), Sigureir Árni Ægisson (2), Ragnar Njálsson(3)
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 22 (28/2) 45,8%
**Hraðaupphlaup:** 6 (Ragnar 2, Ólafur 2, Strazdas, Árni)
**Fiskuð víti:** 3 (Eitutis, Strazdas, Petraytis)
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk FCK:** Anders Christensen 8/2 (10(2), Tommy Atterhall 5 (6), Per Tomas Linders 5 (6), Sebastian Koch-Hansen 3 (8), Kristian Svensson 2 (4), Simon Hammer 1 (2), Klaus Bruun Jorgensen 1 (6), Martin Boquist 1 (8)
**Varin skot:** Steinar Ege 21 (45) 46,7%
**Hraðaupphlaup:** 11
**Fiskuð víti:** 2
**Utan vallar:** 2 mínútur

15% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is

ARGUS / 07-0827
75 ára | spron

Haukar og Fram gerðu jafntefli, 24-24, í N1-deild kvenna í gærkvöld í miklum baráttuleik á Ásvöllum:

# Jafnt í ljótum handknattleik á Ásvöllum

**HANDBOLTI** Haukar og Fram gerðu jafntefli, 24-24, í æsispennandi leik í N1-deild kvenna á Ásvöllum í gærkvöldi. Einar Jónsson, þjálfari Fram, fór ekki fögrum orðum um leikstíl Hauka eftir leik.

Bæði lið voru yfirspennt í upphafi leiks og gerðu mörg mistök. Varnir liðanna voru ágætar og skiptust liðin á að hirða boltann hvort af öðru í fyrri hálfleik.

Jafnt var í hálfleik, 11-11, og spennan var ekki minni í þeim seinni. Munurinn á liðunum var aldrei meiri en tvö mörk og skiptust þau á að hafa frumkvæðið. Haukar fengu tækifæri til að stela sigrinum í lokin þegar Nína Björnsdóttir fór inn úr þröngu færi þegar fimmtán sekúndur voru eftir en skot hennar fór í stöng og þar við sat.

„Haukarnir hrúga sér bara alltaf inn á línu, fiska fríkast og taka svo tíu sekúndur í að taka fríköstin. Þetta er ekki handbolti, þetta er bara djók,“ sagði Einar.

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, var aftur á móti öllu rólegri en Einar en viðurkenndi að hún væri alveg jafn svekkt með að hafa ekki unnið leikinn.

„Þetta ekki fallegur leikur og jafntefli var kannski þegar allt kemur til alls sanngjarnt þegar á heildina er litið. Ég er samt hundsvekkt með að við kláruðum þetta ekki.
- tom



**HARÐFYLGI** Sandra Stojkovc veður hér í gegnum vörn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Birgir Leifur fer á kostum

**Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur leikur vel á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina og er sem stendur í 19.-25. sæti. Af 155 keppendum sem hófu keppni eru 70 eftir. Þeir berjast um 30 laus sæti á Evrópumótaröðinni.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur lék fjórða hringinn á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í gær og fór á 70 höggum. Birgir Leifur komst nokkuð örugglega í gegnum niðurskurðinn á mótinu og er sem stendur í 19.-25. sæti, þegar tveir hringir eru eftir, en 30 efstu sætin veita þátttökurétt á Evrópumótaröðinni.

Birgir Leifur var ánægður þegar Fréttablaðið náði tali af honum að keppni lokinni í gær.

„Það er alltaf ákveðinn léttir að komast í gegnum niðurskurðinn og ég er virkilega sáttur eftir daginn,“ sagði Birgir Leifur sem vaknaði hálfstífur í öxlinni í gærmorgun en lét það ekki aftra sér.

„Ég þurfti að fara í nudd fyrir fyrsta högg til þess að mýkja aðeins upp á mér öxlina og það gerði gæfumuninn og ég einbeitti mér bara að því að spila gott og öruggt golf. Það hjálpaði líka til að það var enginn vindur á brautinni eins og síðustu daga þannig að aðstæður voru mjög ákjósanlegar. Lykillinn að árangri er að spila bara öruggt og gera ekki mikil mistök og það má í raun segja að þessi mót snúist um að gera engin stór mistök,“ sagði Birgir Leifur. Hann spilaði hringinn í gær á 70 höggum, þar af náði hann þremur fuglum, fjórtán pörum og aðeins einum skolla.

„Ég hefði kannski viljað sækja aðeins meira á par fimm holurnar og var tvisvar nálægt því að ná í fugla þar, en stundum verður maður að sætta sig við parið,“ sagði Birgir Leifur og kvaðst bjartsýnn fyrir framhaldið.



**YFIRVEGAÐUR** Birgir Leifur hefur spilað öruggt og áfallalaust golf fram til þessa á úrtökumótinu á Spáni og hér sést hann í góðri sveiflu þar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNBJÖRN

„Ég ætla mér að halda áfram á sömu braut og spila öruggt golf, en ef sú staða kemur upp að ég þarf að sækja og spila sóknargolf, þá gæti ég þurft að taka meiri áhættu, en það kemur bara í ljós,“ sagði Birgir Leifur sem er vanur að fara beint á æfingasvæðið eftir keppni en tók sér frí í dag.

„Ég ákvað að vera ekki að ofreyna skrokkinn fyrir átökin á morgun og fór frekar bara í nudd, til þess að vera tilbúinn í slaginn á morgun.“
omar@frettabladid.is



**ERFITT** Valsmenn réðu illa við Róbert Gunnarsson sem skoraði 6 mörk fyrir Gummersbach í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Meistaradeildin í handbolta:

# Gummersbach fór illa með Val

**HANDBOLTI Valsmenn töpuðu, 34-22, á móti Íslendingaliðinu Gummersbach í Meistaradeild Evrópu í handbolta í gær. Eftir góða byrjun Valsmanna, sem komust í 1-4 í upphafi leiks, vaknaði þýska stórliðið við vondan draum og snéri spilinu sér í hag og leiddi nokkuð örugglega, 16-10, þegar flautað var til hálfleiks.**

**Í síðari hálfleik byrjuðu Valsmenn aftur vel og söxuðu á forskot Gummersbach og minnkuðu muninn í 17-13. Þá kom vondur kafli þar sem Þjóðverjarnir skoruðu fjögur mörk í röð og í raun bara spurning um hversu stór sigur Gummersbach yrði og lokatölur voru 34-22..**

**Arnór Þór Gunnarsson Malmquist átti góðan leik og skoraði 7 mörk og Hjalti Pálmason kom næstur með 4, en hjá Gummersbach skoraði Róbert Gunnarsson 6 mörk og Sverre Jakobssen stóð vaktina í vörninni að vanda vel.**
**- óþ**

Grindavík sigraði ÍR, 88-93, í Iceland Express-deild karla í gærkvöld:

# Enn vinna Grindvíkingar

**KÖRFUBOLTI** Grindavík marði ÍR, 88-93, í Seljaskóla í jöfnum og spennandi leik. Grindavík er því enn í öðru sæti en ÍR er í næstneðsta sæti.

ÍR-ingar mættu mjög ákveðnir til leiks og ætluðu greinilega að hefna fyrir háðulega útreið gegn KR í síðasta leik. Frumkvæðið var heimamanna allan fyrsta leikhlutann þrátt fyrir að aldrei munaði miklu á liðunum. ÍR var með þriggja stiga forystu eftir fyrsta leikhluta, 25-22.

Grindavík hóf annan leikhluta af miklum krafti og komst í fyrsta sinn yfir í leiknum 31-27. Grindavík leiddi allan annan leikhluta þar til skammt var eftir af honum og ÍR komst yfir á ný en ÍR fór með eins stigs forystu inn í hálfleikinn, 45-44.

ÍR skoraði 10 fyrstu stig þriðja leikhluta en náði ekki að fylgja því eftir og forystan var aftur aðeins 1 stig að loknum leikhlutanum, 65-64. Leikurinn var í járnum þar til Jonathan Griffin stigahæsti leikmaður Grindavík fór út af með fimm villur þegar þrjár mínútur voru til leiksloka og staðan 80-82. Þorleifur Ólafsson og Páll Axel Vilbergsson tóku sóknarleikinn yfir hjá Grindavík og stýrðu liðinu að lokum til öruggs sigurs, 88-93.

Páll Axel var búinn undir erfiðan leik enda ÍR-ingar sárir eftir síðasta leik. „Þetta var basl. Við höfum ekki spilað neitt sérstaklega vel en erum að gera það sem þarf til að vinna leiki. Við stígum upp í varnarleik þegar til þarf. Við erum að spila þokkalegan sóknarleik en það er frábært að koma hingað og taka tvö stig. Það er sérstaklega erfitt að mæta liði eins og þeim sem var slátrað gegn KR í síðasta leik. Þeir komu tilbúnir í þennan leik og við vissum þetta. Við mættum líka tilbúnir enda var þetta hörkuleikur út í gegn,“ sagði Páll.
- gmi



**FRÁBÆR** Jonathan Griffin reyndist ÍR-ingum erfiður í gær og skoraði 24 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í FÍNU FORMI** Jón Arnór Stefánsson er að leika vel með Lottomatica Roma. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalski körfuboltinn:

# Jón Arnór stigahæstur í sigri

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson, körfuboltamaður hjá Lottomatica Roma í ítölsku deildinni, fór fyrir sínum mönnum þegar lið hans bar sigurorð af Armani J. Milano 74-80. Jón Arnór var stigahæsti maður Rómarliðsins með 17 stig en þar að auki tók hann fimm fráköst og gaf tvær stoðsendingar á 29 mínútum sem hann lék.

Lottomatica Roma var undir í hálfleik 43-35 og svo 60-53 eftir þriðja leikhluta, en liðið átti frábæran fjórða leikhluta. Jón Arnór jafnaði leikinn fljótlega í leikhlutanum með þriggja stiga körfu, 61-61, og eftir það fékk ekkert stoppað Rómarliðið sem skoraði 27 stig á móti 14 stigum Mílanó-liðsins í leikhlutanum og vann öruggan sigur.
- óþ

Fíton/SÍA Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.




# Við rúllum upp samkeppninni

## Fréttablaðið er með 59% meiri lestur en 24 stundir

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

**Allt sem þú þarft...**




**...alla daga**



Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.

## > Jill Hennessy

Jill fæddist í Alberta í Kanada árið 1968. Faðir hennar var sölumaður og vegna starfsins flutti fjölskyldan oft. Þegar Jill var 14 ára yfirgaf móðir hennar fjölskylduna og var Jill eftir það mikið til alin upp af ömmu sinni í Ontario. Jill á tvíburasystur sem er blaðamaður og þáttastjórnandi í Kanada. Jill er þekktust fyrir að leika í þáttunum Crossing Jordan sem eru á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ÆTTI AÐ TAKA SYSTU SÉR TIL FYRIRMYNDAR

# Ekkert er eins róandi og slagæðablæðing

Austur í Neskaupstað býr lítil fjölskylda undir slútandi hömrum ægifagurra fjallaborga. Fjöllin eru hluti af lífi þeirra eins og ógnin sem af þeim stafar og er samofin sögu bæjarins. Húsbóndinn er ættaður frá Nobbanum og lætur sér fátt um hætturnar finnast. Húsmóðirin er hins vegar frá þorpi sunnar af fjörðunum þar sem eina áþreifanlega hættan er að bíta sig illilega í vörina þegar keyrt er yfir hraðahindrunina á staðnum.

Stelpan, köllum hana Stínu, er harðdugleg og annast heimilið og tvö ung börn. Stína bakar, býr til grauta, skerpir skauta, býr til þrumu osta og hyggur á nám í skipasmíðum. Hún er sem sagt kjarnakona. En hún er engu að síður með lítið hjarta þegar kemur að ógnum hins daglega lífs. Það leysir hún á allsérstakan hátt því hún beitir kerfisbundnu áhorfi á læknaþætti sem aðferð til að dreifa huganum.




Þetta get ég skilið upp að vissu marki. Að gleyma sér yfir sjónvarpinu er viðurkenndasta aðferð í heimi til að gleyma stund og stað. Hitt er torskildara hvort val hennar á sjónvarpsefni sé það besta til að dreifa huganum frá því að molna mélinu smærra við að keyra út af hæsta fjallvegi landsins, eða fá milljón tonn af snjó inn um stofugluggann.

Nei, haldið þið ekki að Stína finni ró í slagæðablæðingum og aflimunum hvers konar. Skerandi vein hinna slösuðu fylla hana bjartsýni og trú á allt það fegursta í heimi hér. Þegar búið er að skúra blóðið af skurðstofugólfinu hrærir stelpan í köku eins og ekkert hafi í skorist, stappar fiskinn ofan í krakkana og horfir keik til fjalls.

Þegar efinn læðist að mér finn ég friðinn með að eyða tíma með skipstjóra sem heitir Morgan. Ég hef þurft að leita til læknis vegna félagsskapar við þann fúllynda andskota. Kannski aðferðafræði systur minnar sé ekki svo vitlaus eftir allt saman.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.45** Slúður SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Side Order of Life STÖÐ 2



▶ **18.00** Lost in Translation STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Næturvaktin SIRKUS



▶ **23.00** Fyrstu skrefin SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (7:26)
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís** (66:104)
**18.06 Fæturnar á Fanney** (23:26)
**18.17 Halli og risaeðlufatan** (36:52)
**18.30 Út og suður** (10:12)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Kæling til lækningar** Bresk heimildamynd um nýja aðferð við heilaskurðlækningar. Blóði er dælt úr sjúklingum og það kælt svo að hjartað hættir að slá. Þá er hægt að gera aðgerð á heilanum án þess að blóðmissir verði of mikill.
**21.15 Glæpahneigð** (28:45) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið**
▶**22.45 Slúður** (10:13) Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Spaugstofan**
**00.10 Bráðavaktin** (18:23)
**00.55 Kastljós**
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Bring it on again**
**08.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**10.00 2001: A Space Travesty**
**12.00 Lost in Translation**
**14.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**16.00 2001: A Space Travesty**
▶**18.00 Lost in Translation**
**20.00 Bring it on again**
**22.00 Tales From The Crypt: Demon Knight** (e) Litrík hrollvekja sem gerð er eftir samnefndum teiknimyndasögum.
**00.00 Girl Fever**
**02.00 Superfire**
**04.00 Tales From The Crypt: Demon Knight** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Justice League Unlimited
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (66:120)
**10.15 Numbers** (17:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (13:22)
**13.55 Spider-Man 2**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (e)
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (11:22) (e)
**19.50 Friends** Fimmta þáttaröðin.
**20.15 Extreme Makeover: Home Edition** (23:32) Hassall-fjölskyldan er leiðandi afl í samfélaginu en þau hafa engu að síður þurft að þola meira mótlæti en flestir aðrir. 2006.
▶**21.00 Side Order of Life** (6:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. 2007.
**21.45 Crossing Jordan** (2:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Bönnuð börnum.
**22.30 Studio 60** (17:22) Bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki. Þættirnir varpa gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist á bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood.
**23.15 Cleopatra´s Second Husband** Verðlaunamynd sem segir frá undarlegum manni sem er svo í mun að halda stjórn á öllu í kringum sig að það jaðrar við áráttu. Aðalhlutverk: Boyd Kestner, Paul Hipp, Bitty Schram. 1998.
**00.45 NCIS** (11:24)
**01.30 Most Haunted**
**02.15 Spider-Man 2**
**04.20 Crossing Jordan** (2:17)
**05.05 The Simpsons** (11:22) (e)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Þýski handboltinn** (Lemgo - Kiel) Útsending frá leik Lemgo og Kiel í þýska handboltanum sem fór fram sunnudaginn 18. nóvember.
**17.10 Gillette World Sport 2007** (Gillete sportpakkinn) Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.
**17.40 NFL deildin** (Dallas - Washington) Útsending frá leik Dallas og Washington sem fór fram sunnudagskvöldið 18. nóvember.
**19.40 EM 2008 - Undankeppni** (Skotland - Ítalía) Útsending frá leik Skotlands og Ítalíu sem fór fram laugardaginn 17. nóvember.
**21.20 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights) Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**22.00 Þýski handboltinn** (Lemgo - Kiel) Útsending frá leik Lemgo og Kiel í þýska handboltanum sem fór fram sunnudaginn 18. nóvember.
**23.20 World Series of Poker 2007** (7 Card Stud)

## SÝN2

**16.20 Portsmouth - Man. City** Útsending frá leik Portsmouth og Man. City sem fór fram sunnudaginn 11. nóvember.
**18.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.00 Season Highlights**
**20.00 PL Classic Matches**
**20.30 PL Classic Matches**
**21.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008**
**22.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**23.00 Reading - Arsenal** Útsending frá leik Reading og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu sem fór fram mánudaginn 12. nóvember.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Vörutorg**
**13.45 Vörutorg**
**14.45 ICE Fitness - undirbúningur (e)**
**15.15 ICE Fitness (e)**
**17.15 Allt í drasli (e)**
**17.45 Rules of Engagement (e)**
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 30 Rock (e)**
**19.30 Giada´s Everyday Italian (e)**
**20.00 Friday Night Lights (14:22)** Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Fyrsti leikurinn í úrslitakeppninni er framundan og það er mikil pressa á Taylor þjálfara sem neitar að gefa upp hvers vegna Smash er ekki lengur í liðinu.
**21.00 Heroes (3:24)** Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Suresh snýr aftur til New York og finnur málverk eftir Issac Mendez sem gefur honum vísbendingar um framtíðina.
**22.00 C.S.I: New York (12:24)** Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
▶**23.00 Fyrstu skrefin** Í þessum þætti verður fjallað um fyrstu skref ættleiddra barna á Íslandi og áhorfendur kynnast Sunnu, sem fannst í pappakassa fyrir utan veitingahús og á núna foreldra og tvo eldri bræður. Rætt verður við Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðing um hvernig fjölskyldan getur undirbúið komu nýs einstaklings í fjölskylduna auk þess sem rætt verður við hjón sem eru að pakka niður og eru á leið til Kína að ná í stúlkuna sína.
**23.25 Silvía Nótt**
**23.50 Californication (e)**
**00.25 Masters of Horror (e)**
**01.15 C.S.I.**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



Stöð 2 kl. 21.45

### CROSSING JORDAN

Crossing Jordan er einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2. Nú höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félögum hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Í þætti kvöldsins rannsakar Jordan dauða tánings sem virðist hafa framið sjálfsmorð. Nánari rannsókn leiðir í ljós að hann kann að hafa verið fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kæling til lækningar**

**Sjónvarpið kl. 20.20**

Bresk heimildamynd um nýja aðferð við heilaskurðlækningar. Blóði er dælt úr sjúklingum og það kælt svo að hjartað hættir að slá. Þá er hægt að gera aðgerð á heilanum án þess að blóðmissir verði of mikill. Fylgst er með lækninum Robert Spetzler gera slíka aðgerð í Phoenix í Arizona-ríki. Eins er sagt frá Önnu Bagenholm, sænskum lækni sem lenti úti í ískaldri á þegar hún var á skíðum í Noregi. Líkamshiti hennar fór niður í 13,7 gráður en hún lifði óhappið af.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.15** Afsprengi
**23.10** Upp og ofan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (60:260)
**16.30 Hollyoaks** (61:260)
**17.00 Totally Frank**
**17.25 Most Shocking**
**18.15 Smallville** (19:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Leyfð öllum aldurshópum.
**19.00 Hollyoaks** (60:260)
**19.30 Hollyoaks** (61:260)
**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.
**20.25 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. 2006.
**21.15 Smallville** (19:22) (e)
▶**22.00 Næturvaktin** (10:13) Pirringurinn á milli Daníels og Georgs heldur áfram. 2007.
**22.30 Damages** (7:13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Bönnuð börnum.
**23.15 Prison Break** (2:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti. Bönnuð börnum.
**00.00 Johnny Zero** (2:13)
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Pólitíska hornið** Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður tekur púlsinn á pólitíkinni og býður til sín gestum.
**20.30 Klipptu kortið** Helga Thorberg kemur sífellt á óvart með gestum sínum og góðum ráðum, sem öll eiga það sameiginlegt að geta gert okkur ríkari. The Secret er umræðuefnið að þessu sinni og gestur Helgu er Guðrún Bergmann.
**21.00 Hvað ertu að hugsa** Guðjón Bergmann sest niður með Þórólfi Þórlindssyni, forstjóra Lýðheilsustöðvar. Frábært samtal sem enginn má missa af.
**21.30 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir, ofurneytandi, er í rusli.

## DR 1

**11.10** 21 Søndag **11.50** Venstre **12.20** OBS **12.25** Aftenshowet **12.50** Luk munden op **13.50** Nyheder på tegnsprog 1**4.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Elmer som guldgraver **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Troldspejlet **16.30** Thomas og hans venner **16.40** Postmand Per **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Genbrugsguld **19.00** DR1 Dokumentaren: Bag valget **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Måske skyldig - de elskende **22.10** Seinfeld **22.35** OBS **22.40** Hjerteflimmer

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.15** Grosvold **11.55** Jubileumsgudstjeneste fra Vår Frue kirke, Trondheim **12.55** Lyden av lørdag **14.00** Fabrikken **14.30** Sjøuhyrer **15.00** Romnautene **15.10** Romnautene **15.25** Viva Pinata **15.40** Kid Paddle **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Varmt hjerte - frossen kebab **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Berlinerpoplene **21.25** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Kriminalsjef Foyle **23.55** Nytt på nytt **0.25** Kulturnytt **0.35** Sport Jukeboks **2.00** Country jukeboks

## SVT 1

**12.00** Sportspegeln **13.00** Matiné: Gäst i eget hus **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Ramp **16.30** Krokomax **17.00** BoliBompa **17.25** Ebb och Flo **17.30** Allt om djur **17.55** Dr Dogg **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Föreställningar **20.30** Kobra **21.00** Bomberna i Madrid **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Babben & co **23.20** Vita huset


50% AFSLÁTTUR
Á DREIFIMIÐUM & SMÁBÆKLINGUM
Í NÓVEMBER

Verðdæmi:
1/3 A4 dreifimiðar 1000stk
verð aðeins 12.730kr án vsk.

VERÐ ÁN VSK

Brotnir smábæklingar 2 fletir 1000stk
verð aðeins 20.140kr án vsk.




Hefur þú skoðað nýja vörulistann okkar og www.prentun.com?

SMELLTU Á
WWW.PRENTUN.COM
KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Í
ÁRMÚLA 34

EÐA HRINGDU Í SÍMA
527 6500

prentun.com
EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef ofboðslega gaman af Hjálmum, Baggalúti og Anthony and the Johnsons. Svo hlustaði ég um daginn á tónlistina úr Once Upon a Time in Mexico. Salma Hayek syngur þar mjög fallegt lag og gítarleikurinn á þessum diski er ógeðslega góður.*

Ólöf Erla Bjarnadóttir leirkerasmiður

# Þráinn stjaksetur súlustaðaeiganda



Þráinn Bertelsson gerir sér lítið fyrir og stjaksetur súlustaðaeigandann Ella í Octopussy við Þingvallavatn í sinni nýjustu skáldsögu, Englum dauðans. Þráinn hefur verið þekktur fyrir að dansa á mörkum raunveruleika og skáldsögunnar líkt og í Dauðans óvissa tíma og áðurnefndum Ella svipar óneitanlega til súlukóngsins Ásgeirs Davíðssonar, sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Þráinn gefur lítið fyrir slíkar samlíkingar, segir að þeir séu hvort eð er allir eins þessir menn en bætir síðan við að hann skrifi úr þeim veruleika sem hann eigi heima í. „Og ég dreg dám af mínu umhverfi,“ segir hann en áréttar að öll líkindi séu á ábyrgð þess sem les.

Þráinn segir jafnframt að hann hafi þurft litla sem enga hjálp úr Kópavoginum þegar hann skapaði þessa persónu en bætir því jafnframt við að lesendur megi alveg velta því fyrir sér hvort svona menn séu í raun og veru til hér á Íslandi. „Hér á þessu landi þrífst eiturlyfjasala og þrælasala og hugmyndin að bókinni var að fá lesendurna til að hugsa. Og auðvitað líka til að skemmta fólki,“ segir Þráinn. **- fgg**

**Á MÖRKUM SKÁLDSKAPAR OG RAUNVERULEIKA** Þráinn hefur verið þekktur fyrir að dansa á mörkum raunveruleika og skáldskapar og hann er á þeirri bylgjulengd í sinni nýjustu bók.



**EKKI GEIRI** Þráinn þvertekur fyrir að Elli í Octopussy eigi sér fyrirmynd í Geira á Goldfinger og segir að öll líkindi séu á ábyrgð þess sem les.



**LÁRÉTT** **2.** sæti **6.** frá **8.** hversu **9.** prjónavarningur **11.** ógrynni **12.** heiti **14.** misbjóða **16.** í röð **17.** dýrahljóð **18.** ennþá **20.** bardagi **21.** betl.

**LÓÐRÉTT** **1.** drykkur **3.** skammstöfun **4.** svelgja **5.** gras **7.** óframfærinn **10.** arinn **13.** svelg **15.** arða **16.** húðpoki **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sess, **6.** af, **8.** hve, **9.** les, **11.** of, **12.** titil, **14.** móðga, **16.** hi, **17.** urr, **18.** enn, **20.** at, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT:** **1.** malt, **3.** eh, **4.** svolgra, **5.** sef, **7.** feiminn, **10.** stó, **13.** iðu, **15.** arta, **16.** hes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Stærra-Árskógi.
2. Mikhaíl Saakashvili.
3. Valencia á Spáni.

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Hvað er að frétta?
Við tæklum sportið_
www.visir.is
vísir

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: MEÐ ALLA KLÆR ÚTI

# RÚV lætur sverfa til stáls

Bæði Glitnir og Ólafsfell ehf., fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar formanns bankaráðs Landsbankans, fjármagna gerð spennuþáttaraðarinnar Mannaveiðar sem verður á dagskrá RÚV. Þetta varð ljóst eftir að RÚV skrifaði undir samning við Björgólf um fjármagn til sjálfstæðra framleiðenda vegna leikins íslensks efnis.

RÚV ohf., ásamt Þórhalli Gunnarsson dagskrárstjóra, ætlar greinilega að láta sverfa til stáls eftir magurt framlag á undanförnum árum á sviði leikins íslensks efnis. Auk Mannaveiða Björns Brynjólfs Björnssonar er Saga Film nú að undirbúa spennuþáttaröð eftir bókum Ævars Arnar Jósepssonar og reiknar Þórhallur með því að tökur hefjist snemma á næsta ári og mun Óskar Jónasson leikstýra henni. Nokkrar þáttaraðir eru í vinnslu en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver þeirra fari næst í tökur. „Og svo eru fleiri verkefni sem bíða úrlausnar á borðinu,“ segir Þórhallur.

Þegar umsókn fyrir styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands vegna Mannaveiða var send inn í lok þessa sumars hafði Þórhallur gefið leikstjóranum Birni Brynjólfi skuldbindandi vilyrði fyrir því að Sjónvarpið gæti tryggt helming upphæðarinnar af kostnaðaráætluninni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kostnaður við gerð Mannaveiða talinn vera sextíu og tvær milljónir. Þórhallur segir að RÚV hafi ætlað sér að leggja til fjórðung af kostnaðinum en svo myndi hinn helmingurinn koma annars staðar frá. „Í þessu tilviki þurfti að hafa hraðar hendur svo að verkefnið myndi ekki stöðvast. Og því skuldbatt ég mig til að geta séð um fjármögnun þess hluta. Ef samningurinn við Björgólf hefði ekki komið til þá hefði ég einfaldlega leitað á önnur mið,“ segir Þórhallur og þvertekur fyrir að samningurinn hafi orðið til þess að einhver fjármunir hafi sparast.



**ALLAR KLÆR ÚTI** Þórhallur fer mikinn á markaðnum þessa dagana, er að undirbúa nýja spennuþáttaröð og aðra sem á að fara í tökur næsta sumar.

**NÆSTI LEIKSTJÓRI** Óskar Jónasson mun leikstýra spennuþáttaröð eftir bókum Ævars Arnar Jósepssonar.

„RÚV var búið að eyrnamerkja ákveðna upphæð í þetta verkefni og sú upphæð hefur ekkert breyst.“

Þórhallur segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um auglýsingasölu fyrir íslensku þáttaraðirnar en þær njóta yfirleitt mikilla vinsælda og auglýsingaplássin eru oftast nær mjög eftirsótt. Engin áform séu um að slíta þættina í sundur með auglýsingahléum. „Ég hef bara ekki hugsað út í það,“ segir Þórhallur og bætir því við að ekki hafa verið teknar ákvarðanir um einn sérstakan útsendingardag.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Brúðkaup **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar** og **Ingibjargar Pálmadóttur** var á allra vörum um helgina. Talsverð umferð var við Fríkirkjuna í Reykjavík þegar brúðkaupið fór fram klukkan 17.30 á laugardag. Ekki minni örtröð var svo við Hafnarhúsið þar sem veislan var haldin um kvöldið. Reyndar stöðvaðist umferð við götuna þegar gestir mættu til veislunnar. Þeir voru ferjaðir með rútum frá Fríkirkjunni en röð myndaðist við innganginn þar sem öryggisverðir fóru vandlega yfir gestalistann og gengu úr skugga um að engir óæskilegir kæmust inn.





Miklar kjaftasögur gengu um það að erlendar stórstjörnur yrðu leynigestir í brúðkaupinu. Fyrst um sinn var talið að **George Michael** kæmi og syngi í veislunni. Síðar hafði **Robbie Williams** bæst í hópinn og áttu þeir félagar að syngja dúett. Um miðjan dag á laugardag hafði svo Robbie verið skipt út fyrir **Bono**. Af þessum sökum vakti athygli að á Reykjavíkurflugvelli biðu fjórir Range Rover-bílar fram á kvöld. Bílaflotinn var þó ekki til að taka á móti poppurum heldur Tom Hunter, viðskiptafélaga Baugsmanna í Bretlandi.





**Tom Hunter** virðist annars ekki hafa hlustað á þau fyrirmæli brúðhjónanna að þau afþökkuðu gjafir við þetta tilefni en vildu í staðinn að fólk gæfi fé í styrktarsjóð fyrir langveik börn. Hunter arkaði alltént inn í veislusalinn með voldugan pakka undir höndum.



Þó að brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar sé afstaðið þýðir það ekki að þotuliðið sé komið í frí frá veisluhöldum. Um næstu helgi fagnar **Hannes Smárason**, forstjóri FL Group, fertugsafmæli sínu og er búist við því að mikið verði um dýrðir. Veisla Hannesar verður haldin á sveitasetri í Bretlandi eftir því sem fregnir herma en ekkert hefur enn spurst út um skemmtiatriði eða leynigesti.



**- hdm**

# Harry selst vel á íslensku

Íslenska þýðingin á síðustu bókinni um Harry Potter, Harry Potter og dauðadjásnin, kom í verslanir á fimmtudaginn. Áður hafði töluvert af bókinni selst í forsölu í vefverslun Hagkaupa sem hófst í júlí. Ekki fékkst gefið upp hversu margar bækur hefðu selst á netinu, en Sigríður Gröndal, verslunarstjóri sérvöru hjá Hagkaupum, spáði því að bókin yrði mest selda Potterbókin. „Þetta fer mjög vel af stað,“ segir hún.

Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri í bókabúð Máls og menningar, segir stemninguna í versluninni hafa verið töluvert afslappaðri á fimmtudag en þegar enska bókin kom út í sumar. „Það voru mjög góðar viðtökur á bókinni, en ekki í sprengjuformi. Salan var jöfn og þétt yfir allan daginn,“ segir Elsa María, sem telur að hjá bókabúðum Eymundsson og Máls og menningar hafi fleiri hundruð eintök af bókinni selst á fimmtudag.

Hún segir aldur lesenda ekki endilega haldast í hendur við val á lestrartungumáli. „Sumir vilja bara ekkert lesa á ensku,“ segir Elsa, sem segist hafa trú á því að Harry Potter og dauðadjásnin verði ein söluhæsta barnabókin. „Ja, eða unglingabókin. Harry er orðinn stálpaður og aðdáendurnir stálpast líka,“ bætir hún við. **- sun**



**JAFNT OG ÞÉTT** Verslunarstjóri bókabúðar Máls og menningar segir söluna á Harry Potter og dauðadjásnunum ekki hafa verið í „sprengjuformi“ á fimmtudeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# STÓR ÚTSALA Á UPPÍTÖKUBÍLUM

Frábær afsláttur!
Frábært verð!

**ATH!**
**Fyrsta afborgun 5. mars. 2008**

**ATH!**
**Kr. 50.000 til 100.000 gjafakort frá Smáralind fylgir öllum bílum.**

**100% lán í allt að 84 mánuði**

**Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:**

Verð áður kr. 2.650 þús.
## Útsöluverð kr. 2.200 þús.



**Hyundai SantaFe, árg 2005 ek. 50 þús - sjsk.**

**Ekkert út og 32.100 á mánuði.**
**Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***

Verð áður kr. 850 þús.
## Útsöluverð kr. 690 þús.



**Peugeot 307, árg 2003 ek. 119 þús - bsk.**

**Ekkert út og 11.500 á mánuði.**
**Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***

Verð áður kr. 790 þús.
## Útsöluverð kr. 610 þús.



**Hyundai Getz, árg 2003 ek. 74 þús - bsk.**

**Ekkert út og 10.200 á mánuði.**
**Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***

Verð áður kr. 2.450 þús.
## Útsöluverð kr. 2.070 þús.



**Renault Laguna, árg 2006 ek. 15 þús - sjsk.**

**Ekkert út og 29.900 á mánuði.**
**Fyrsta afborgun 5. mars 2008.***

**Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.**
**Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort**
**Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort**

Smáralind

Kr. 100.000 GJAFAKORT

**Opið virka daga frá kl. 09 til 18**
**og á laugardögum frá kl. 12 til 16.**

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Apótekið
lægra verð




**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## *Dýrlingur tungunnar*

Á föstudagskvöld horfðum við á þátt sem heitir „Tekinn“ á Stöð 2. Andri, 9 ára, leit upp frá sjónvarpinu og sagði: „Þetta er eiginlega allt á ensku. Af hverju er verið að sýna þetta á „degi íslenskrar tungu“?“

**REYNDAR** mátti hafa illkvittnislega ánægju af því að sumir þáttakendurnir virtust hafa alist upp fjarri mannabyggð án móðurmáls og voru jafnófærir um að tjá sig á ensku og íslensku. Þarna var t.d. verið að spauga með Jakob Frímann Magnússon sem venjulega á ekki í neinum vandræðum með að tjá sig á gullaldaríslensku, en til þess að komast niður á stig sjónvarpsfólksins var Jakob farinn að babbla á þeirri pidgin-ensku sem var tungumál þáttarins.

**ÞAÐ** er sama hversu mikillar virðingar Jónas Hallgrímsson nýtur hjá þjóðinni, það er samt borin von að Íslendingar fari að leggja rækt við málfar sitt í þakklætisskyni við látinn mann. Fimmtíu Jónasarhátíðir á ári myndu ekki duga. Jónas lagði meira en sinn skerf af mörkum til íslenskunnar meðan hann lifði. Allmargar ljóðlínur eftir hann lifa enn í minni þjóðarinnar og hafa áhrif enn í dag. Það er fallegt að sýna látnum dánumanni ræktarsemi. Að gera hann að dýrlingi tungunnar; að syngja honum messur, færa honum fórnir og vona að bænarhitinn dugi er hins vegar vægast sagt kjánalegt.

**VIÐ** Íslendingar höfum átt marga málsnjalla menn. Við þurfum að kalla þá alla, lifendur og dauða á vettvang frá Sturlu Þórðarsyni til Össurar Skarphéðinssonar, frá Æra-Tobba til Steinunnar Sigurðardóttur, frá Halldóri Laxness til Guðrúnar Helgadóttur. Og við þurfum að kalla þjóðina til þátttöku í þessu átaki. Það er ekki nóg að gefa börnum í Þelamerkurskóla eintak af ævisögu Jónasar. Framtíð íslenskrar tungu stendur hvorki né fellur með honum. Framtíð tungunnar fer eftir því hvort okkur sem höfum áhuga á langlífi íslenskrar tungu tekst að vekja fólk á öllum aldri til umhugsunar um tungutak sitt – því að hvað sem líður „bökkum og eggjum“ og „öndum sem unnast“ í kveðskap Jónasar getur eilífð hæglega aðskilið þjóð og tungu - og þarf ekki eilífð til.

**VAR** það ekki annars Jónas sem orti: „Bera bý / bagga skoplítinn / hvert að húsi heim...“



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er mánudagurinn 19. nóvember, 323. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.08 | 13.13 | 16.18 |
| Akureyri | 10.09 | 12.58 | 15.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


